



2023

SKÝRSLA

FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKANEFNDAR TIL ALÞINGIS



SKÝRSLA

FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKANEFNDAR TIL ALÞINGIS
FYRIR STARFSÁRIÐ 2023

15. febrúar 2024

Ítarefni

Með þessari skýrslu fylgir eftirfarandi ítarefni

Yfirlýsingar fjármálastöðugleikanefndar frá mars til desember 2023	12
Fundargerðir fjármálastöðugleikanefndar frá mars til desember 2023	17
Fréttatilkynning vegna nýrra reglna um lausafjárhlutfall lánastofnana frá 1. janúar 2023.	50
Fréttatilkynning vegna breytingar á lögum og nýrra reglna um sértryggð skuldabréf frá 1. mars 2023.	52
Fréttatilkynning vegna breytingar á reglum um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár frá 7. mars 2023.	54
Fréttatilkynning vegna hækkunar sveiflujöfnunarauka frá 15. mars 2023.	56
Erindi seðlabankastjóra á ráðstefnu um þjóðhagslegt mikilvægi ferðapjónustunnar 22. mars 2023.	57
Erindi varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika á ráðstefnu SFF um notkun reiðufjár 1. júní 2023.	62
Minnisblað um bakgrunn ákvörðunar um sveiflujöfnunarauka frá 7. júní 2023.	67
Erindi varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika á norrænni netöryggisráðstefnu 26. september 2023.	89
Fréttatilkynning skilavalds Seðlabanka Íslands um uppfærslu skilaáætlauna fyrir kerfislega mikilvægu bankana frá 19. október 2023.	93
Erindi varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika á Sjávarútvegsráðstefnunni 2. nóvember 2023.	94
Minnisblað um bakgrunn ákvörðunar um sveiflujöfnunarauka frá 6. desember 2023.	104

Skýrsla fjármálastöðugleikanefndar til Alþingis fyrir starfsárið 2023

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands skal lögum samkvæmt gefa Alþingi skýrslu um störf sín einu sinni á ári. Skýrsluna skal ræða í þeirri þingnefnd sem þingforseti ákveður.

Árið 2023 var fjórða starfsár fjármálastöðugleikanefndar og fundaði nefndin fjórum sinnum á árinu. Fjármálastöðugleikanefnd skipuðu á árinu 2023: Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, formaður, Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, varaformaður, Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu, Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, til vors og Björk Sigurgísladóttir, nýr varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits eftir það, Axel Hall lektor, Bryndís Ásbjarnardóttir hagfræðingur og Guðmundur Kr. Tómasson, fyrrverandi framkvæmdastjóri. Ráðuneytisstjóri, eða tilnefndur embættismaður ráðuneytis sem fer með málefni fjármálastöðugleika, á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.


Fjármálastöðugleiki

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands tekur ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans varðandi fjármálastöðugleika. Í fjármálastöðugleika felst að fjármálakerfið geti staðist áföll í efnahagslífi og á fjármálamörkuðum, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti. Nefndinni er falið að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, skilgreina nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja fjármálastöðugleika og að ákveða hvaða aðilar, innviðir eða markaðir teljist kerfislega mikilvægir. Fjármálastöðugleikanefnd getur beint ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar

tilefni er til um nauðsynlegar aðgerðir til að efla og varðveita fjármálastöðugleika. Nefndin birtir opinberlega fundargerðir af fundum sínum, að jafnaði innan fjögurra vikna, þar sem fram koma upplýsingar um ákvarðanir nefndarinnar, forsendur þeirra og mat á fjármálastöðugleika. Í yfirlýsingum og fundargerðum fjármálastöðugleikanefndar, sem fylgja þessari skýrslu, er að finna röksemdir fyrir ákvörðunum nefndarinnar á árinu 2023.

Próunin á árinu 2023

Verð á innlendum eignamörkuðum lækkaði áfram á árinu 2023 í takt við aukið aðhald peningastefnunnar. Undir lok ársins mátti þó merkja viðsnúning bæði á innlendum hlutabréfa- og skuldabréfamarkaði. Óvissa á mörkuðum víða um heim jókst eftir gjaldprot banka í Bandaríkjunum í mars og rekstrarvanda banka í Evrópu.



Alþjóðlegt eignaverð, sem hafði hækkað í byrjun árs, lækkaði og áhættuálag á erlendum fjármagnsmörkuðum hækkaði eftir lækkun í upphafi árs. Ekki sér fyrir endann á átökum í Úkraínu og fyrir botni Miðjarðarhafs. Sú óvissa hefur haft áhrif á fjármálamarkaði heimsins. Áhættuálag hafa hækkað og undir lok árs hafði sú óvissa sem fylgdi jarðhræringum á Reykjanesi áhrif á innlandan gjaldeyris- og hlutabréfamarkað.


Úrvalsvisitala Kauphallarinnar lækkaði um 1,6% á árinu 2023, samanborið við 26,5% lækkun á árinu 2022. Hlutabréfaverð lækkaði lengi fram eftir árinu en tók að hækka í nóvember eftir fréttir af mögulegri yfirtöku erlends félags á Marel. Tæplega helmingur félaga á aðallista Kauphallarinnar hækkaði í verði á árinu. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa hækkaði á árinu í takt við lækkun stýrivaxta Seðlabankans og hærri verðbólguvæntingar. Ávöxtunarkrafa og verðbólguvæntingar lækkuðu þó undir lok ársins. Verulega hægði á verðhækkun íbúðarhúsnæðis á síðasta ári. Vextir á nýjum óverðtryggðum íbúðalánnum hækkuðu úr 7,6% í lok árs 2022 í 11% í lok árs 2023 í takt við hækkunir á meginvöxtum Seðlabankans. Verðvisitala íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 4,5% (lækkaði um 3% að raunvirði) á árinu, samanborið við rúmlega 17% (7,1% að raunvirði) hækkun árið 2022. Vísitalan hækkaði nokkuð mill mánaða á vormánuðum ársins og aftur undir lok sumars en úr hækkunum dró á síðustu tveimur mánuðum ársins. Velta á höfuðborgarsvæðinu dróst saman um nærri 12% að raunvirði á milli ára. Veltan jókst þó eftir því sem leið á árið og frá september sl., hefur mánaðarveltan aukist að raunvirði á milli ára en ekki hafði mælst aukning milli ára frá miðju ári 2021. Íbúðum sem auglýstar eru til sölu fjölgaði mikið á síðasta ári, líkt og árið 2022, og meðalsölutími hélt áfram að lengjast milli ára. Litlar breytingar voru á hlutfalli íbúðaverðs og ákvarðandi þátta á árinu en frávik vísitölu íbúðaverðs frá metinni langtímaleitni minnkaði úr 13% í árslok 2022 í 6,4% í árslok 2023.

Verðvisitala atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 14,5% á síðasta ári (6,2% að raunvirði). Frávik raunverðsins frá metinni langtímaleitni jókst úr 13,1% í árslok 2022 í 16,2% í árslok 2023. Velta í þinglýstum viðskiptum með atvinnuhúsnæði dróst mikið saman á milli ára en veltan var mikil í sögulegu samhengi árið 2022.

Útlánavextir hækkuðu nokkuð á árinu 2023 samhliða hækkun meginvaxta Seðlabankans sem leiddi til þess að greiðslubyrði margra heimila og fyrirtækja þyngdist, einkum þeirra sem voru með óverðtryggðar skuldir með breytilegum vöxtum. Vegnir meðalvextir á nýjum óverðtryggðum íbúðalánnum kerfislega mikil-

Mynd 2


KMB: Vaxtaálag á völdum skráðum erlendum skuldabréfum í evrum¹



1. Kerfislega mikilvægir bankar. Vaxtaálag á viðmiðunarkúrfu skuldabréfa í evrum. Viðmiðunarkúrfan er samsett úr ríkisskuldabréfum Evrulanda auk skuldabréfa sveitarfélaga með lánsþæfismatið AAA í Evrúnlöndum. Heimild: Refinitiv Datastream.

Mynd 3


Raunverð íbúða og fjöldi kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu



Heimildir: Hagstofa Íslands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Seðlabanki Íslands.

Mynd 4


Hrein ný íbúðalán til heimila¹



1. Hrein ný útlán eru ný útlán að frádrögnum upp- og umframgreiðslum. Fast verðlag. Tölur ná til útlána innlánsstofnana, lífeyrissjóða, IL-sjóðs og Húsnæðissjóðs. Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 5


Hrein ný útlán til atvinnufyrirtækja¹



1. Hrein ný útlán eru ný útlán að frádregnum upp- og umframgreiðslum. Tölur ná til útlána innlánsstofnana, IL-sjóðs og Húsnæðissjóðs.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 6

Skuldir heimila og fyrirtækja sem hlutfall af VLF og ráðstöfunartekjum



1. Skuldir heimila við innlend fjármálfyrirtæki. Skuldir atvinnufyrirtækja við innlend og erlend fjármálfyrirtæki og útgefin markaðsskuldabréf. Ráðstöfunartekjur frá 1F 2021 eru byggðar á mati Seðlabankans.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

vægra banka (KMB) með breytilega vexti hækkuðu til að mynda um 3,4 prósentur á síðasta ári og voru um 11% í lok desember sl. Mikil verðbólga og hátt vaxtastig hafa aukið greiðslubyrði. Í október voru 13,3% heimila með greiðslubyrðarhlutfall umfram 35% en þau höfðu verið 10% í lok síðasta árs, að teknu tilliti til ætlaðrar launapróunar. Heimili með fasta óverðtryggða vexti af húsnæðislánum höfðu orðið fyrir litlum áhrifum af hærri vöxtum og mörg heimili höfðu mildað áhrif vaxtahækkana með því að endurfjármagna óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum með nýjum verðtryggðum lánunum. Hlutdeild verðtryggðra lána af útistandandi íbúðalánum heimila óx því á árinu og nam rúmlega 51% í lok desember sl., en hafði verið tæp 44% í ársbyrjun. Um fjórðungur heimila var með fasta óverðtryggða vexti af

lánunum sínum. Merki voru um að aukin greiðslubyrði og verðbólga væru farin að reyna í vaxandi mæli á mörg heimili sem endurspegladist einna helst í þróun einkaneyslu á árinu en skv. bráðabirgðatölum Hagstofunnar dróst einkaneysla saman á þriðja ársfjórðungi um 1,7%. Vanskil og aðrar vanefndir heimila á lánunum voru þó enn lítil og jukust aðeins lítillega á árinu. Viðnámspróttur heimila og fyrirtækja var jafnframt almennt mikill og því nokkurt svigrúm til staðar til að mæta vaxtahækkunum. Atvinnuleysi var lítið og hélst lágt á árinu og kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst og hefur aukist samfellt frá árinu 2011. Eiginfjárstaða heimila og fyrirtækja var í ársbyrjun 2023 sterk í sögulegu samhengi og skulda- staða var bæði lág og hafði lækkað. Skuldir heimila höfðu í desember sl. dregist saman að raunvirði um 1,6% frá sama tíma árið áður. Þá fóru skuldir heimila lækkandi bæði sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) og af ráðstöfunartekjum og voru hlutföllin í lok þriðja ársfjórðungs lág í sögulegu samhengi. Svipuð þróun var á skuldum fyrirtækja á árinu en nokkuð hægði á útlánavexti KMB til fyrirtækja frá fyrra ári. Skuldir fyrirtækja höfðu í lok þriðja ársfjórðungs lækkað að raunvirði um 1% frá fyrra ári og höfðu ekki mælst lægri sem hlutfall af VLF um árabíl.


Stóru kerfislega mikilvægu viðskiptabankarnir þrír voru allir reknir með góðum hagnaði á fyrstu níu mánuðum síðasta árs þrátt fyrir krefjandi aðstæður á fjármálamörkuðum á tímabilinu. Arðsemi bankanna var að meðaltali 11,8% samanborið við 10,4% arðsemi á sama tíma árið 2022. Helstu ástæður fyrir aukinni arðsemi KMB á árinu 2023 var mikil aukning vaxtatekna, m.a. af ávöxtun lauss fjár og viðsnúningur í fjármálatekjum. Vaxtamunur heildareigna fyrstu 9 mánuði ársins 2023 var 3,02% samanborið við 2,75% fyrir sama tímabil árið 2022. Jafnframt jukust þóknartekjur þrátt fyrir erfiðar markaðsaðstæður.

Hagræðing og kostnaðaraðhald hafa styrkt afkomu grunnrekstrar bankanna umtalsvert á síðustu 6-7 árum. Á árinu 2023 snerist þessi þróun við þar sem kostnaður jókst nokkuð. Samanlagður rekstrarkostnaður KMB á fyrstu 9 mánuði ársins 2023 hækkaði um 11,5% miðað við fyrra ár og að raunvirði um 3,2%. Kostnaðarhlutfall KMB lækkaði þó á tímabilinu þar sem aukning tekna var meiri en hækkun kostnaðar, en kostnaðarhlutfall var 38,2% fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2023 sem er lækkun um 5,7 prósentur á milli ára.

Hlutfall virðisrýrnunar sjóðs af útlánunum var 0,73% í lok september sl. og var hlutfallið óbreytt á milli ára. Hlutfall útlána í vanskilum breyttist lítið á árinu en mikill vöxtur innlendrar eftirspurnar og bati í ferðþjónustu hafa haft jákvæð áhrif á gæði útlána en á móti hefur

Mynd 7


Vanskilahlutföll fyrirtækjaútlána KMB niður á helstu atvinnugreinar¹



1. Samstæður kerfislega mikilvægra banka. Vanskilahlutfall reiknað skv. EBA staðli. Atvinnugreinaflokkun skv. NACE flokkunarkerfi. Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 8

KMB: Laust fé umfram lágmarkskröfur¹



1. Móðurfélag kerfislega mikilvægra banka. Heimild: Seðlabanki Íslands.

hátt vaxtastig og mikil verðbólga haft neikvæð áhrif á gæði útlána. Í lok september 2023 námu vanskil 0,8% af heildarútlánnum einstaklinga sem er lækkun um 0,1 prósentu á milli ára. Hjá fyrirtækjum námu vanskil 2,4% af heildarútlánnum og var hlutfallið óbreytt á milli ára. Eiginfjárlutfall bankanna var að meðaltali 24% í lok september 2023 og hækkaði um 0,3 prósentur frá sama tíma árið áður.

Lausafjórhlutfall bankanna í öllum gjaldmiðlum samtals var 187% í árslok 2023 en lausafjárreglur Seðlabankans kveða á um 100% lágmark. Laust fé umfram lausafjárkröfur jókst um 96 ma.kr. á árinu 2023 og nam í árslok 331 ma.kr. Lausafjórhlutföll hækkuðu þegar leið að sumri og enn frekar með haust-


inu samhliða skuldabréfaútgáfum bankanna erlendis. Markaðsfjármögnun bankanna í krónum var að mestu takmörkuð við útgáfur sértryggðra skuldabréfa en útgáfa þeirra var umfram ný íbúðalán bankanna á árinu. Aðstæður til fjármögnunar erlendis bötnuðu þegar leið á síðastliðið ár og vaxtaálag á erlendar útgáfur bankanna lækkaði fram að hausti þegar það hækkaði lítillega en tók aftur að lækka undir lok ársins. Bankarnir gáfu út skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum fyrir 205 ma.kr. á síðasta ári. Ein útgáfa var í sértryggðum bréfum í evrum að upphæð 42 ma.kr. Vaxtaálag á þeim útgáfum hefur verið töluvert lægra en álag á óveðtryggðar skuldabréfaútgáfur.

Í desember ræddi nefndin um lífeyrissjóði og fékk kynningu á stöðu og horfum í rekstri þeirra. Sjóðirnir eru ráðandi þátttakendur á innlendum fjármálamarkaði með eignasafn sem nemur 7.180 ma.kr. eða 176% af VLF á þriðja ársfjórðungi og hafði það aukist um 4,1% frá áramótum samanlagt í samtryggingardeildum og séreign. Stærð eignasafns sjóðanna í samanburði við stærð hagkerfisins gerir það að verkum að starfsemi þeirra gæti haft áhrif á fjármálastöðugleika. Nefndin taldi mikilvægt að lagaumgjörð um sjóðina tæki mið af þessu og að þær kröfur sem gerðar væru til þeirra við miðlun fjármagns væru sambærilegar við þær sem gerðar eru til annarra aðila á fjármálamarkaði.

Á árinu vann Seðlabankinn í samvinnu við forsætisráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið að gerð frumvarps um breytingu á lögum um Seðlabankann með það að markmiði að styrkja heimildir bankans til að setja reglur í þágu aukins viðnámsþrottar í greiðslumiðlun. Langflestar rafrænar greiðslur fara í dag um

Mynd 9

Fjármálakerfið: Eignir sem hlutfall af VLF¹



1. Móðurfélag. 2. Íbúðalánasjóður sameinaðist Mannvirktastofnun 1. janúar 2020 en eignir íbúðalánasjóðs frá og með 2020 á myndinni eru eignir ÍL-sjóðs sem tók við úrvinnslu eigna og skulda íbúðalánasjóðs. 3. Annað. Fallin fjármálfyrirtæki sem gengið hafa í gegnum nauðasamningaferli teljast til annarra fjármálfyrirtækja frá og með þeim tíma sem nauðasamningar þeirra voru samþykktir. Eignasafn Seðlabankans telst einnig til annarra fjármálfyrirtækja frá stofnun þess í desember 2009 til sílta þess í febrúar 2019.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

greiðslukortainniði alþjóðlegra kortasamsteypna og flestar fjártæknilausnir byggja á þessum innviðum. Slík samþjöppun er til þess fallin að auka áhættu varðandi öryggi greiðslumiðlunar. Það sem skiptir máli fyrir viðnámsþrótt smágreiðslumiðlunar er að neytendum og fyrirtækjum bjóðist fjölbreyttir greiðslumöguleikar til að takast á við áföll sem tengjast greiðslumiðlun. Í frumvarpinu felst að heimilt verði að koma á nýjum grunninnviði til að opna á frekari framfarir á greiðslumarkaði, auka samkeppni og notkun fjártækni í smágreiðslumiðlun. Frumvarpið hefur verið lagt fyrir Alþingi og bíður afgreiðslu.



Atvikatilkynningum um netárásir eða tilraunir til slíkra árása fjölgaði á árinu. Mest fjölgaði tilkynningum um netveiðar en þær miða að því að komast yfir viðkvæmar upplýsingar, t.d. greiðslukortanúmer eða lykilorð. Vegna vaxandi netógnar telur nefndin brýnt að virkt samráð allra hlutaðeigandi fari fram ef ná á því markmiði stjórnvalda að tryggja virka samhæfingu opinberra aðgerðaraðila í netöryggismálum, einkum á tímum neyðar, þannig að hlutverkaskipting, ábyrgð og ekki síður valdheimildir séu skýrar.

Ákvarðanir nefndarinnar árið 2023

Nefndin var sammála um að á heildina lítið væri staða fjármálastöðugleika góð hér á landi, þrátt fyrir mikla verðbólgu og hátt vaxtastig. Búast mætti við að spennan í hagkerfinu myndi hjaðna hægt en örugglega. Hægt hefði á hagvexti eftir því sem leið á árið og einkaneysla dregist saman milli fjórðunga. Nefndin taldi að

hátt vaxtastig til lengri tíma gæti haft neikvæð áhrif á eignagæði í bankakerfinu en sú áhætta væri takmörkuð enn sem komið væri og miðað við líklegustu framtíðarhorfur. Á árinu 2023 taldi nefndin helstu áhættuþætti fjármálastöðugleika vera efnahagsþróunina og lakari fjármögnunarkjör ásamt netöryggi auk þess sem hún taldi áhættu tengda íbúðamarkaði enn vera til staðar þótt dregið hefði úr spennu á fasteignamarkaði. Þá taldi nefndin að áhætta tengd skuldum fyrirtækja og atvinnuhúsnæðismarkaði hefði aukist á árinu.

Fjármálastöðugleikanefnd fjallaði um fasteignamarkaðinn á öllum fundum sínum á sl. ári og ákvað að halda lánþegaskilyrðum óbreyttum. Hámark greiðsluþyrðar af fasteignalánnum var því 35% af ráðstöfunartekjur árið 2023 en 40% fyrir fyrstu kaupendur og hámark veðsetningarhlutfall var 80% af markaðsverði en 85% fyrir fyrstu kaupendur. Í mars höfðu fjármálskilyrði heimila og fyrirtækja versnað vegna mikillar verðbólgu og hærri vaxta. Vextir á óverðtryggðum lánnum til atvinnufyrirtækja stóðu þá í 10% og í 8% til heimila vegna fasteignakaupa og höfðu hækkað um rúmar 4 prósentur frá því í maí 2021 þegar vaxtahækkunarferli Seðlabankans hófst. Í yfirlýsingu nefndarinnar í mars kom fram að hún teldi að lánþegaskilyrðin hefðu dregið markvert úr áhættusömum lánveitingum og að lánveitendur væru vel í stakk búnir til að draga úr greiðsluþyrði með breyttu lánsformi. Nefndin áréttaði mikilvægi þess að lánveitendur á íbúðalánamarkaði ynnu með lántakendum til að fyrirbyggja greiðsluferðleika eins og kostur væri. Á árinu 2023 hækkuðu vextir Seðlabankans enn frekar, eða um um 3,25 prósentur í 9,25% í ágúst 2023. Þrátt fyrir það jukust vanskil lítið. Nokkur hluti lántakenda með fasta vexti á fasteignalán-



um hafði ekki enn fundið mikið fyrir aukinni greiðslubyrði en búast mátti við að hækkun fjármagnskostnaðar myndi skapa áraun á fjárhag skuldsettra heimila þegar vaxtafestan rynni út á næstu tveimur árum.

Í júní fjallaði fjármálastöðugleikanefnd um að skörp hækkun fasteignaverðs og neikvæðir raunvextir hefðu skilað hraðri eiginfjármyndun, sérstaklega hjá þeim sem hefðu fjármagnað fasteignakaup með nafnvaxtalánum. Sterk eiginfjárstaða heimila hefði skapað viðnámsþrótt til að mæta versnandi fjármálaskilyrðum. Í fundargerð nefndarinnar í september kom fram að flest benti til að spennan í hagkerfinu myndi hjaðna hægt en örugglega. Þá taldi nefndin að áhætta tengd íbúðamarkaði hefði minnkað en nefndin hafði nokkrar áhyggjur af skuldum heimila. Nefndin ræddi um möguleika þeirra heimila sem eiga erfitt með að ráða við greiðslubyrði af húsnæðislánnum. Flest heimili hafa töluvert rými til að lækka greiðslubyrði sína t.d. með því að lengja í lánum, endurfjármagna viðbótarlán, nýta jafngreiðsluform eða endurfjármagna óverðtryggð lán með verðtryggðum. Undanþágur í lögum um fasteignalán og í reglum um hámark veðsetningar og hámark greiðslubyrðar gera það að verkum að lánþegaskilyrði hafa ekki áhrif á möguleika heimila til að skuldbreyta eða endurfjármagna fasteignalán. Taldi nefndin að fjöldi lána með ívilnun gæti aukist einkum ef efnahagshorfur versnuðu umfram það sem nú væri gert ráð fyrir og atvinnuleysi ykist meira en búist væri við.



Á fundi nefndarinnar í desember kom fram að velta á íbúðamarkaði hefði aukist á nýjan leik og nafnverð húsnæðis hækkað lítillega og mældist hún 2,9% á ársgrundvelli í október en var neikvæð um 4,6% að

raunvirði. Hækkun launa og viðleitni heimila til að takmarka hækkun greiðslubyrði þrátt fyrir hærri vexti hafði leitt til þess að hlutfall heimila með greiðslubyrðarhlutfall umfram 35% hafði staðið nær óbreytt frá síðasta sumri en aukist frá áramótum úr 10% í 13,3% heimila í lok október að teknu tilliti til áætlunar um launaþróun.

Nefndin ræddi áhrif jarðhræringa á Reykjanesi á fjármálastöðugleika og var sammála um að miðað við þær sviðsmyndir sem nú væru taldar líklegast væri fjármálastöðugleika ekki ógnað. Staða sumra lán-takenda væri þó erfið og háð mikilli óvissu. Fjármálastöðugleikanefnd taldi einnig að ekki væri tilefni til að bregðast við með breytingum á lánþegaskilyrðum enn sem komið væri.

Á fundi sínum í mars 2023 ákvað fjármálastöðugleikanefnd að hækka gildi sveiflujöfnunarauka úr 2% í 2,5% af innlendum áhættugrunni. Hækkunin tekur gildi í mars 2024. Í fundargerð nefndarinnar í mars kom fram að greining á stöðu sveiflutengdrar kerfisáhættu benti til að hún hefði vaxið á síðustu árum og væri nálægt eða fyrir ofan meðaltal síðustu ára. Munaði þar mestu um hraðar hækkunir á fasteignamarkaði frá upphafi faraldursins og mikla verðbólgu sem hefði áhrif á greiðslubyrði og greiðslugetu. Megintilgangur sveiflujöfnunaraukans væri að auka viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja gagnvart sveiflutengdri kerfisáhættu og veita þeim þannig svigrúm til þess að mæta tapi og viðhalda lánsfjárframboði á álagstímum. Í yfirlýsingu nefndarinnar í mars kom fram að bankarnir væru vel í stakk búnir til að mæta aukinni eiginfjárkröfu og viðhalda á sama tíma framboði lánsfjár. Eiginfjár- og lausafjárstaða þeirra væri sterk og sveiflujöfnunaraukinn væri mikilvægur þáttur í viðnámsþrótt bankakerfisins. Hækkunin væri til þess fallin að auka enn frekar viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja í ljósi þeirrar áhættu sem byggst hefði upp. Hækkun aukans í 2,5% skapaði frekara svigrúm til að lækka hann seinna kæmi til efnahagssamdráttar sem valdið gæti skerðingu á lánsfjárframboði.

Fjármálastöðugleikanefnd lauk árlegu endurmati á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum og eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis í desember sl. Nefndin staðfesti kerfislegt mikilvægi Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans. Ákveðið var að halda eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis óbreyttum í 2% á allar áhættuskuldbindingar kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja.

Í mars fjallaði fjármálastöðugleikanefnd um breytingar á lögum um sértryggð skuldabréf en með þeim var lokið við innleiðingu Evrópugerða um útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Helstu breytingar samkvæmt lögnum var að unnt verður að markaðssetja skulda-

bréf sem uppfylla skilyrði laganna sem „evrópsk sértrygð skuldabréf“ eða „evrópsk sértrygð skuldabréf (úrvals)“ og með þeim varð sértrygð útgáfa bankanna í evrum hæf í viðskiptum við Seðlabanka Evrópu

Þá lagði nefndin í yfirlýsingum sínum á síðasta ári ríka áherslu á að stjórnvöld og Seðlabankinn vinni að því að auka öryggi í innlendri greiðslumiðlun og hraði innleiðingu óháðrar smágreiðslulausnar meðal annars með vísan til vaxandi netógnar. Nefndin fjallaði um greiðslumiðlun á öllum fundum ársins og taldi einn helsta áhættuþátt fjármálastöðugleika vera netáhættu. Í desember voru drög að frumvarpi um rekstraröryggi í greiðslumiðlun kynnt fyrir nefndinni. Nefndin styður framgang frumvarps um aukið rekstraröryggi í greiðslumiðlun sem lagt hefur verið fram í samráðsgátt stjórnvalda. Í frumvarpinu eru settar fram tillögur að breytingum á lögum um Seðlabanka Íslands þar sem gert er ráð fyrir að bankinn fái heimildir til að setja reglur um rekstraröryggi í greiðslumiðlun að fengnu samþykki fjármálastöðugleikanefndar.

Á fundum nefndarinnar kom einnig fram að tilkynningum um netárásir hefði fjölgað og þeim væri í auknum mæli beint að mikilvægum innviðum. Þá var fjallað um rekstraröryggi og viðbúnaðaráætlanir sem ganga út á að varðveita greiðslumiðlun ef netsamband við útlönd rofnar og greiðslukort sem treysta á erlenda innviði alþjóðlegra kortasamsteypa verða óvirk. Nefndin fékk kynningu á reiðufé sem þrautarvararlausn og var hún á einu máli um mikilvægi þess að koma sem fyrst á óháðri innlendri greiðslumiðlun, styrkja net- og rekstraröryggi fjármálafyrirtækja og treysta rekstrar-samfellu.

Í júní fékk fjármálastöðugleikanefnd kynningu á niðurstöðum úttektar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fjármálakerfi Íslands (e. Financial Sector Assessment Program, FSAP) sem beindist að fjármálastöðugleika og þjóðhagsvarúðarstefnu Íslands. Tilgangur úttektarinnar var að kanna viðnámsþrótt fjármálakerfisins, gæði reglusetningar og eftirlits og burði landsins til að takast á við fjármálaáföll. Ráðleggingar sjóðsins í lok slíkrar úttektar geta verið hvort tveggja á sviði einarvarúðar og/eða þjóðhagsvarúðar. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn skilaði 150 ábendingum sem ýmist var beint til Seðlabankans, ráðuneyta og/eða beggja aðila og fékk nefndin kynningu á ábendingum sjóðsins sem sneru að fjármálastöðugleika og þjóðhagsvarúðarstefnu Íslands. Ábendingarnar lutu m.a. að frekari gagnasöfnun, beitingu þjóðhagsvarúðartækja, álagsprófum á laust fé og eigið fé fjármálafyrirtækja, útlánastarfsemi lífeyrissjóða, skilavaldi, netöryggi og loftslagsáhættu. Fram kom á fundinum að unnið yrði úr ábendingum sjóðsins eftir

ákveðinni forgangsröðun og áætlað var að brugðist yrði við veigamestu ábendingunum innan árs.

Nefndin fjallaði um skýrslu úttektarnefndar um árangur Seðlabanka Íslands 2020-2022, sbr. 36. gr. Seðlabankalaga, sem birt var í janúar 2023 og var hún heilt yfir mjög jákvæð. Regluverk og umgjörð fjármálastöðugleika á Íslandi væri í takt við bestu alþjóðlegu framkvæmd og evrópsk lög og reglur. Fjármálastöðugleikanefnd hefði brugðist tímanlega við þegar Covid-faraldurinn barst til landsins með því að slaka á sveiflujöfnunaraukanum 2020. Nefndin hefði sömuleiðis verið fljót að bregðast við breytingum á fjármálalögum skilyrðum þegar hún ákvað í september 2021 í ljósi aukinnar uppsöfnunar sveiflutengdrar kerfisáhættu að hækka sveiflujöfnunaraukann á nýjan leik þar sem hún taldi að sveiflutengd kerfisáhætta væri að minnsta kosti komin á sama stig og hún var á fyrir útbreiðslu farsóttarinnar. Þá hefði nefndin einnig réttilega hert lánþegaskilyrði til að bregðast við aðstæðum á húsnæðismarkaði. Í skýrslunni kom fram að álagspróf bankans væru faglega unnin, bankinn hefði þróað mælikvarða á fjármálasveifluna til að geta borið kennsl á breytt fjármálastöðugleikaskilyrði og ritið Fjármálastöðugleiki væri yfirgripsmikið og vel unnið.

Fyrir hönd fjármálastöðugleikanefndar
Seðlabanka Íslands,



Ásgeir Jónsson

seðlabankastjóri og formaður fjármálastöðugleikanefndar

Yfirlýsing fjármálastöðugleikanefndar

15. mars 2023

Fjármálakerfið hér á landi stendur traustum fótum. Rekstur kerfislega mikilvægra banka hefur gengið vel og hafa þeir stutt við heimili og fyrirtæki. Eiginfjár- og lausafjárstaða þeirra er sterk. Fjármálaskilyrði heimila og fyrirtækja fara þó versnandi vegna mikillar verðbólgu og hærri vaxta. Útlit er fyrir að verðbólga verði þrálát og að greiðslubyrði lána þyngist. Sá vandi sem steðjar að fjármálafyrirtækjum á alþjóðlegum mörkuðum er áminning um nauðsyn þess að innlánsstofnanir búi yfir nægjanlegum styrk til að geta sinnt hlutverki sínu; að miðla lánsfé og greiðslum, greina og stýra áhættu með viðhlítandi hætti, jafnt í meðbyr sem mótbyr. Í ljósi mikillar innlendrar eftirspurnar og þeirrar óvissu sem ríkir um þróun á fjármálamörkuðum er góður viðnámsþróttur innlendra fjármálafyrirtækja mikilvægur. Á síðustu mánuðum hefur dregið úr spennu á íbúðamarkaði. Framboð hefur aukist og sölutími lengst. Fasteignaverð er farið að lækka en er þó enn hátt á nær alla mælikvarða. Til marks um það er hlutfall fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu af byggingakostnaði með hæsta móti. Lánþegaskilyrðin hafa dregið markvert úr áhættusömum lánveitingum. Einnig eru lánveitendur vel í stakk búnir til að draga úr greiðslubyrði með breyttu lánsformi. Fjármálastöðugleikanefnd áréttar mikilvægi þess að lánveitendur á íbúðalánamarkaði vinni með lántakendum, nú sem áður, til að fyrirbyggja greiðsluferfiðleika eins og kostur er. Fjármálastöðugleikanefnd hefur ákveðið að hækka gildi sveiflujöfnunarauka úr 2% í 2,5% af innlendum áhættugrunni. Bankarnir eru vel í stakk búnir til að mæta aukinni eiginfjárkröfu og viðhalda á sama tíma framboði lánsfjár. Sveiflujöfnunaraukinn er mikilvægur þáttur í viðnámspoli bankakerfisins. Hækkunin nú er til þess fallin að auka enn frekar á viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja í ljósi þeirrar áhættu sem byggst hefur upp og gæti raungerst á næstu misserum. Ákvörðun nefndarinnar tekur gildi að 12 mánuðum liðnum. Nefndin áréttar mikilvægi þess að komið verði á fót óháðri innlendri smágreiðslulausn og styður þau skref sem þegar hafa verið tekin að því marki. Æskilegt er að þeirri vinnu verði hraðað eins og kostur er og að niðurstaða fái innán árs. Fjármálastöðugleikanefnd mun áfram beita þeim stýritækjum sem hún hefur yfir að ráða til að varðveita fjármálastöðugleika þannig að fjármálakerfið geti staðist áföll, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti.

Yfirlýsing fjármálastöðugleikanefndar

7. júní 2023

Fjármálakerfið hér á landi stendur traustum fótum á sama tíma og peningalegt aðhald hefur aukist. Eiginfjár- og lausafjárstaða kerfislega mikilvægra banka er sterk. Vanskil útlána eru enn lítil og rekstrarafkoma bankanna góð. Þá hafa nýlegar útgáfur á erlendum skuldabréfamörkuðum dregið úr endurfjármögnunaráhættu þótt vaxtakjörin hafi versnað. Nefndin telur viðnámsþrótt kerfisins vera góðan og hefur því ákveðið að halda gildi sveiflujöfnunaraukans óbreyttu í 2,5%.

Hagvöxtur hér á landi er mikill og atvinnuleysi lítið. Mikil hækkun nafnlauna hefur leitt til þess að kaupmáttur hefur haldist tiltölulega mikill undanfarin misseri þrátt fyrir mikla verðbólgu. Heimili og fyrirtæki standa aftur á móti frammi fyrir versnandi fjármálaskilyrðum.

Skörp hækkun fasteignaverðs og neikvæðir raunvextir hafa skilað hraðri eiginfjármyndun, sérstaklega hjá þeim sem hafa fjármagnað fasteignakaup með nafnvaxtalánnum. Setning lánþegaskilyrða, bæði hámark veðsetningar- og greiðslubyrðarhlutfalls, dró úr hættunni á því að hröð eiginfjármyndun skapaði forsendur fyrir óhóflega skuldsetningu. Það sést m.a. af því að skuldahlutfall heimila hefur verið stöðugt í 150% af ráðstöfunartekjum þeirra. Sterk eiginfjárstaða heimila skapar viðnámsþrótt til að mæta versnandi fjármálaskilyrðum.

Verðbólga og skörp hækkun vaxta leiðir þó til þyngri greiðslubyrði þeirra sem hafa tekið lán með breytilegum nafnvöxtum. Þá mun vaxtafesta margra lántaka brátt renna sitt skeið og hækkandi raunvextir þyngja greiðslubyrði.

Fjármálastöðugleikanefnd brýnir fyrir lánveitendum að huga tímanlega að þyngri greiðslubyrði lántakenda til þess að fyrirbyggja greiðsluerfiðleika. Þar sem þörf krefur ber að skoða að lengja lánstíma, taka upp jafngreiðsluskilmála, setja þak á greidda nafnvexti og líta til ólíkra lánaforma sem bjóða upp á mismunandi greiðslubyrði. Rúm eiginfjárstaða margra lántaka ætti að gefa töluvert svigrúm til að tryggja að greiðslubyrði haldist í takti við viðmið lánþegaskilyrða sem nefndin hefur sett.

Nauðsynlegt er að halda áfram að styrkja net- og rekstraröryggi fjármálafyrirtækja og að auka viðnámsþrótt greiðslumiðlunar hér

á landi. Telur nefndin að þau skref sem hafa verið stigin í átt að innlendri, óháðri smágreiðslumiðlun séu jákvæð í því samhengi.

Fjármálastöðugleikanefnd mun áfram beita þeim stýritækjum sem hún hefur yfir að ráða til að varðveita fjármálastöðugleika hér á landi svo að fjármálakerfið geti staðist áföll, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti.

Minnisblað: [Bakgrunnur ákvörðunar um sveiflujöfnunarauka. 2. júní 2023](#)

Glærur af kynningarfundi: [Kynningarfundur vegna yfirlýsingar fjármálastöðugleikanefndar 7. júní 2023](#)

Yfirlýsing fjármálastöðugleikanefndar

20. september 2023

Fjármálakerfið hér á landi stendur traustum fótum. Eiginfjár- og lausafjárstaða kerfislega mikilvægra banka er sterk. Bankarnir hafa með skuldabréfaútgáfu á síðustu mánuðum dregið úr endurfjármögnunaráhættu í erlendum gjaldmiðlum. Álagspróf benda til að bankarnir búi yfir góðum viðnámsþrótti til að styðja við heimili og fyrirtæki ef þörf krefur. Vanskil útlána eru lítil og á heildina litið virðist staða lántakenda vera góð. Í ljósi þessa ákvað nefndin að halda gildi sveiflujöfnunaraukans óbreyttu í 2,5%. Hraður efnahagsbati hefur átt sér stað undanfarin tvö ár. Aukin umsvif hafa leitt til aukinna tekna hjá heimilum og fyrirtækjum. Nú blasa við hægari efnahagsumsvif samfara versnandi fjármálaskilyrðum. Hækkun vaxta hefur þyngt greiðslubyrði, einkum þeirra sem tekið hafa óverðtryggð lán á breytilegum nafnvöxtum. Fastir nafnvextir lána sem hafa varið lántakendur fyrir vaxandi greiðslubyrði eru jafnframt að renna sitt skeið. Þetta felur í sér áskorun fyrir lántakendur og lánveitendur. Fjármálastöðugleikanefnd brýnir fyrir lánveitendum að huga að þyngri greiðslubyrði lántakenda. Í því sambandi má nefna lausnir eins og lengingu lánstíma, jafngreiðsluskilmála, þak á greidda nafnvexti og önnur lánsform. Rúm eiginfjárstaða flestra lántakenda ætti að gefa svigrúm til að aðlaga greiðslubyrði að greiðslugetu og tryggja á sama tíma að hún haldist í takti við þau viðmið lánþegaskilyrða sem nefndin hefur sett. Nefndin beinir því einnig til lántakenda að fyrirbyggja mögulega erfiðleika með því að leita tímanlega til lánveitenda ef greiðslubyrði stefnir í að verða verulega íþyngjandi. Nauðsynlegt er að halda áfram að styrkja net- og rekstraröryggi fjármálafyrirtækja og að auka viðnámsþrótt greiðslumiðlunar hér á landi. Nefndin telur að þau skref sem hafa verið stigin í átt að innlendri óháðri smágreiðslulausn séu jákvæð í því samhengi og tekur undir tillögur stjórnvalda um að treysta heimildir Seðlabankans á þessu sviði. Fjármálastöðugleikanefnd mun áfram beita þeim stýritækjum sem hún hefur yfir að ráða til að varðveita fjármálastöðugleika hér á landi svo að fjármálakerfið geti staðist áföll, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti.

Yfirlýsing fjármálastöðugleikanefndar

6. desember 2023

Fjármálakerfið hér á landi er traust. Eiginfjár- og lausafjárstaða kerfislega mikilvægra banka er sterk. Þótt dregið hafi úr vexti útlána er geta þeirra góð til áframhaldandi miðlunar lánsfjár til heimila og fyrirtækja. Erlend markaðsfjármögnun bankanna er í góðum farvegi og á áætlun. Vanskil eru lítil og hafa aukist óverulega þrátt fyrir aukna verðbólgu, hækkun vaxta og þyngri greiðslubyrði. Í ljósi þessa ákvað nefndin að halda gildi sveiflujöfnunaraukans óbreyttu í 2,5%. Fjármálaskilyrði hafa versnað samhliða því sem hægt hefur á efnahagssumsvifum. Aftur á móti er skuldahlutfall bæði heimila og fyrirtækja hóflegt, hvort heldur miðað er við tekjur eða eiginfjárstöðu. Sú staða skapar svigrúm til að aðlaga greiðslubyrði húsnæðislána að greiðslugetu og þeim lánþegaskilyrðum sem nefndin hefur sett. Lífeyrissjóðir eru ráðandi þátttakendur á innlendum fjármálamarkaði. Nefndin leggur því áherslu á að lagaleg umgjörð um sjóðina og þær kröfur sem gerðar eru til þeirra við miðlun fjármagns séu samanburðarhæfar við þær sem gerðar eru til annarra aðila á fjármálamarkaði. Nefndin styður framgang frumvarps um aukið rekstraröryggi í greiðslumiðlun sem lagt hefur verið fram í samráðsgátt stjórnvalda. Mikilvægt er að huga heildstætt að viðnámsþrótti greiðslumiðlunar, koma sem fyrst á óháðri innlendri greiðslumiðlun, styrkja net- og rekstraröryggi fjármálafyrirtækja og treysta rekstrarsamfellu. Fjármálastöðugleikanefnd hefur lokið árlegu endurmati á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum og eiginfjárouka vegna kerfislegs mikilvægis. Nefndin staðfesti kerfislegt mikilvægi Arion banka, Íslandsbanka og Land

sbankans. Nefndin ákvað að halda eiginfjárouka vegna kerfislegs mikilvægis óbreyttum í 2% á allar áhættuskuldbindingar. Fjármálastöðugleikanefnd mun áfram beita þeim stýritækjum sem hún hefur yfir að ráða til að varðveita fjármálastöðugleika hér á landi svo að fjármálakerfið geti staðist áföll, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti.

Fylgiskjal: [Bakgrunnur ákvörðunar um sveiflujöfnunarauka 1. desember 2023](#)

Viðbót 12.12.2023. [Fylgiskjal: Tölur vegna bakgrunns ákvörðunar um sveiflujöfnunarauka 1. desember 2023.](#)



FUNDARGERÐ

FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKANEFND



2023

Mars
16. fundur
Birt 12. apríl 2023

Fundargerð fjármálastöðugleikanefndar Seðlabanka Íslands

Mars 2023 (16. fundur)

Birt: 12. apríl 2023

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands tekur ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans varðandi fjármálastöðugleika. Í fjármálastöðugleika felst að fjármálakerfið geti staðist áföll í efnahagslífi og á fjármálamörkuðum, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti. Nefndinni er falið að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, skilgreina nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja fjármálastöðugleika og að ákveða hvaða aðilar, innviðir eða markaðir teljist kerfislega mikilvægir. Fjármálastöðugleikanefnd getur beint ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til um nauðsynlegar aðgerðir til að efla og varðveita fjármálastöðugleika. Nefndin birtir opinberlega fundargerðir af fundum sínum að jafnaði innan fjögurra vikna, þar sem fram koma upplýsingar um ákvarðanir nefndarinnar, forsendur þeirra og mat á fjármálastöðugleika.

Á fundi nefndarinnar 13. og 14. mars 2023 voru kynningar um horfur í efnahagsmálum, stöðu fjármálakerfisins og innviða greiðslumiðlunar. Þá fékk nefndin kynningu á nýlegum vendingum í alþjóðlega bankakerfinu. Nefndin ræddi stöðu og horfur fyrir fjármálastöðugleika og helstu áhættuþætti, svo sem þróun efnahagsmála, áhættu í rekstri fjármálafyrirtækja og fjármálakerfisins, þróun á innlendum fjármálamörkuðum, skuldsetningu heimila og fyrirtækja, stöðu á fasteignamarkaði, virkni lánþegaskilyrða, eiginfjár- og lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja og fjármálasveifluna. Jafnframt ræddi nefndin um netöryggi og fékk upplýsingar um TIBER-verkefnið og aðgerðir sem ráðist hefur verið í til að efla netöryggi í greiðslumiðlun. Nefndin ræddi nýlega skýrslu úttektarnefndar um hvernig Seðlabanka Íslands hefur tekist að uppfylla markmið um stöðugt verðlag, fjármálastöðugleika og framkvæmd fjármálaeftirlits frá sameiningu bankans og Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálastöðugleikanefnd ákvað að hækka gildi sveiflujöfnunarauka úr 2% í 2,5% af innlendum áhættugrunni kerfislegra mikilvægra banka (KMB). Ákvörðun nefndarinnar tekur gildi 15. mars 2024.

Þá áréttaði nefndin mikilvægi þess að koma á fót innlendri óháðri smágreiðslulausn og að niðurstaða fáist í hvaða leið verður fyrir valinu innan árs.

Greining á fjármálastöðugleika

Verðbólga í helstu viðskiptalöndum Íslands hafði reynst þrálátari frá síðasta fundi fjármálastöðugleikanefndar í desember en gert hafði verið ráð fyrir og horfur um hagvöxt í viðskiptalöndunum fyrir árið 2023 voru almennt betri. Seðlabankar höfðu brugðist við mikilli verðbólgu með hækkun vaxta auk þess sem þjóðhagsvarúðartækjum hafði verið beitt til að herða aðhald í sumum löndum. Óvissa á mörkuðum víða um heim jókst eftir gjaldprot banka í Bandaríkjunum í mars. Alþjóðlegt eignaverð, sem hafði hækkað í byrjun árs, lækkaði og vaxtaálag á erlendum fjármagnsmörkuðum hækkaði eftir lækkun í upphafi árs. Aðgengi að erlendri markaðsfjármögnun hafði því versnað á nýjan leik.

Hagvöxtur hér á landi var 6,4% í fyrra en spáð er að hagvöxtur verði minni á árinu 2023, eða 2,6%. Fjármálaskilyrði heimila og fyrirtækja hafa versnað vegna mikillar verðbólgu og hærri vaxta. Vextir á óverðtryggðum lánnum til atvinnufyrirtækja stóðu í 10% og til heimila vegna fasteignakaupa í 8% í mars og höfðu hækkað um rúm 4 prósent frá því í maí 2021 þegar vaxtahækkunarferli Seðlabankans hófst. Lítið atvinnuleysi og hófleg skuldsetning mikils meirihluta íslenskra heimila styður við getu heimila til að mæta aukinni greiðslubyrði samhliða versnandi fjármálalegum skilyrðum. Fjármálastöðugleikanefnd áréttaði á fundinum mikilvægi þess að lánveitendur á íbúðalánamarkaði vinni með lántakendum, nú sem áður, til að fyrirbyggja greiðsluferleika eins og kostur er. Í ljósi mikillar spennu í innlendu hagkerfi og þeirrar óvissu sem ríkir um þróun á fjármálamörkuðum er góður viðnámsþróttur innlendra fjármálafyrirtækja mikilvægur. Taldi nefndin helstu áhættuþætti fjármálastöðugleika vera efnahagsþróunina og lakari fjármögnunarkjör ásamt netöryggi auk þess sem hún taldi áhættu tengda íbúðamarkaði enn vera til staðar þótt dregið hafi úr spennu síðustu mánuði.

Viðnámsþróttur bankakerfisins

Fjármálakerfið hér á landi stendur traustum fótum. Eiginfjár- og lausafjárstaða KMB er yfir lögbundnum mörkum. Lausafjárstaða þeirra hafði þó lækkað milli funda nefndarinnar. Arðgreiðslur og lækkun erlendra skulda bankanna skýrðu einkum lækkun lausafjárhlutfalls milli funda en laust fé þeirra umfram lágmark var 236 ma.kr. í lok janúar og lausafjárhlutfall KMB í öllum gjaldmiðlum 160%. Bankarnir eru að mestu leyti fjármagnaðir með innlánnum, sértryggðum og ótryggðum markaðsskuldabréfum. Á síðasta ári jukust innlán um 237 ma.kr. eða um 10%, í samræmi við aukningu útlána, og nema þau um helmingi af fjármögnun bankanna. Aðstæður til markaðsfjármögnunar erlendis höfðu heldur batnað og vaxtaálag á skuldabréf bankanna í erlendum gjaldmiðlum lækkað eftir mikla hækkun á fjórða ársfjórðungi í fyrra. Kerfislega mikilvægu bankarnir hafa lokið erlendri markaðsfjármögnun fyrir næstu gjalddaga og kom fram á fundinum að þeir ættu nægt laust fé í erlendum gjaldmiðlum til að standa skil á öllum afborgunum sem gjaldfalla í ár án þess að brjóta lausafjárreglur. Skuldabréfaútgáfa innanlands hafði á hinn bóginn verið takmörkuð undanfarin misseri og var nettó útgáfa sértryggðra bréfa í krónum neikvæð árið 2022.

Rekstur KMB gekk vel á liðnu ári og var arðsemi eiginfjár 10,1%, sem er um 2,3 prósentum minni ávöxtun en á sama tíma í fyrra. Reglulegar tekjur, þ.e. hreinar vaxta- og þóknunartekjur jukust um fimmtung milli ára og hafa aldrei verið meiri. Hærra vaxtastig hefur leitt til meiri vaxtamunar heildarigna sem var 2,81% á árinu og jókst um 0,39 prósentur á milli ára. Á sama tíma jókst rekstrarkostnaður einungis lítillega og því batnaði undirliggjandi rekstur KMB verulega á milli ára. Eiginfjárhlutfall KMB var á bilinu 22,2%-24,7% í árslok eða 2,3-4 prósentum yfir lágmarkskröfum Seðlabankans. Það lækkaði um 1,2 prósentur milli ára einkum vegna arðgreiðslna og uppkaupa á eigin bréfum.

Vanskilahlutfall heimila hafði lækkaði í 0,7% í lok desember og ekki mælst jafn lágt eftir fjármálakreppuna 2008. Vanskil fyrirtækja höfðu einnig minnkað og staða fyrirtækja sem þurftu á ívilnun að halda vegna faraldursins styrkst. Bankarnir hafa því tekið til baka ónýtta virðisrýrnun sem var gjaldfærð sérstaklega vegna heimsfaraldursins. Stór hluti þeirra fyrirtækja sem voru með útlán í ívilnun voru þegar byrjuð að greiða af þeim að hluta eða öllu leyti.

Þann 1. mars sl. tóku gildi lög um breytingu á lögum um sértryggð skuldabréf en með þeim var lokið við innleiðingu Evrópugerða um útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Helstu breytingar samkvæmt lögnum eru að unnt verður að markaðssetja skuldabréf sem uppfylla skilyrði laganna sem „evrópsk sértryggð skuldabréf“ eða „evrópsk sértryggð skuldabréf (úrvals)“. Breytingin mun að öllum líkindum hafa jákvæð áhrif á sértryggða útgáfu bankanna hér á landi þar sem bréfin verða þá hæf í viðskiptum við evrópska Seðlabankann. KMB hafa selt sértryggð skuldabréf í evrum fyrir samtals 1.100 milljónir evra frá því í september 2021 og gefið út bréf til eigin nota fyrir 550 milljónir evra. Þá þurfa KMB að fullnægja

lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) með útgáfu ótryggðra skuldabréfa. Bréf sem eru með gjalddaga innan árs uppfylla ekki skilyrðin um MREL hæfar skuldbindingar og því þurfa KMB að endurfjármagna ótryggð skuldabréf með reglubundnum hætti til að uppfylla MREL-kröfur.

Skuldir heimila og fyrirtækja

Hlutföll skulda heimila á mótí landsframléiðslu og ráðstöfunartekjum lækkuðu frá síðasta fundi nefndarinnar og eru lág í sögulegum samanburði. Hægt hafði á skuldavexti heimila og var raunvöxtur skulda heimila lítillaga neikvæður í janúar. Nafnvöxtur var þó enn töluverður, eða tæp 10%, en þar af skýrðist tæpur helmingur af verðbótum verðtryggðra lána. Hlutdeild verðtryggðra íbúðalána í nýjum lánveitingum hafði farið vaxandi á síðustu mánuðum. Lítil merki voru þó um að heimilin væru farin að endurfjármagna eldri óverðtryggð lán með nýjum verðtryggðum lánnum í því skyni að lækka greiðslubyrði sína.

Greiðslubyrði heimila af fasteignalánnum hafði almennt vaxið, samhliða hækkandi vöxtum. Greiðslubyrði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hafði hins vegar aðeins aukist hóflega hjá meirihluta heimila. Greiðslubyrði rúmlega helmings heimila, sem tóku lán í janúar 2020 eða síðar, hafði hækkað um minna en 30 þús. kr. á mánuði. Hækkunin er meiri en 30 þús. kr. á mánuði hjá rúmlega fjórðungi heimila en hjá tæplega fjórðungi hefur greiðslubyrðin staðið í stað eða lækkað. Að teknu tilliti til tekjubróunar, sem gefur réttari mynd af byrði húsnæðiskostnaðar fyrir heimilin, hefur greiðslubyrði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum lítið breyst. Hlutfall heimila með greiðslubyrðarhlutfall umfram 35% hafði hækkað um 2 prósentur, úr 7% í 9% í janúar sl.

Hluta af ástæðunni fyrir því að greiðslubyrði heimila hefur ekki aukist meira er að um fjórðungur heimila er með óverðtryggð lán með fasta vexti til þriggja eða fimm ára. Þá er tæplega helmingur heimila með verðtryggð húsnæðislán og hefur greiðslubyrði þeirra vaxið mun hægar en á lánnum með óverðtryggða breytilega vexti. Þegar kemur að endurskoðun vaxta á lánnum með fasta vexti á árunum 2024 og 2025 gæti orðið erfiðara fyrir sum heimili að mæta aukinni greiðslubyrði óverðtryggðra lána að öðru óbreyttu. Möguleikinn á að færa sig yfir í verðtryggð lán eða að lengja í lánunum ætti að takmarka verulega líkur á því að lenda greiðsluerfiðleikum. Reglur Seðlabankans um hámarks veðsetningarhlutfall og hámarks greiðslubyrði í hlutfalli við tekjur neytenda gilda ekki í þeim tilfellum sem lánnum er skuldbreytt, enda ekki um nýja lánveitingu að ræða, né ef lán eru endurfjármögnuð, að því gefnu að höfuðstóll þeirra sé ekki hækkaður. Hámark veðsetningarhlutfalls gildir ekki ef lántaki er í greiðsluerfiðleikum.

Fyrirliggjandi gögn benda almennt til góðrar stöðu heimila. Lítið er um vanskil, atvinnuleysi er lítið og kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aukist ár frá ári síðan 2010.

Viðsnúningur varð í skuldavexti fyrirtækja á síðasta ári en ársvöxtur skulda fyrirtækja á föstu verðlagi snerist úr því að vera neikvæður á fyrri hluta árs í að vera jákvæður um 0,4% í árslok. Skuldavöxturinn var drifinn áfram af auknum útlánnum KMB en fyrirtæki virðast leita meira í bankafjármögnun á kostnað markaðsfjármögnunar. Útlánaaukning var mest til fasteigna- og byggingageirans.

Helstu áskoranir fyrirtækja í dag snúa að kostnaðarhækkunum vegna verðbólgu, launahækkana og vaxtakostnaðar. Vextir fyrirtækjalána höfðu hækkað verulega á síðustu mánuðum en mikill meirihluti skulda fyrirtækja er á breytilegum vöxtum. Fjárhagsstaða fyrirtækja hefur þó þróast með jákvæðu mótí síðustu misseri og eru vanskil fyrirtækja lítil. Viðnámsþróttur fyrirtækja ætti að vera töluverður.

Eignaverð

Viðsnúningur varð á íbúðamarkaði um mitt síðasta ár. Velta á markaði með íbúðarhúsnæði dróst mikið saman og kaupsamningum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um 30% á milli ára. Í janúar sl. voru einungis gerðir tæplega 290 samningar sem er minnsti fjöldi í einum mánuði frá því í febrúar 2011. Íbúðum sem auglýstar voru til sölu fjölgaði áfram og í janúar var framboðið orðið sambærilegt og við upphaf faraldursins. Árshækkun íbúðaverðs mældist 4,5% að raunvirði eða 14,9% að nafnvirði í janúar og skýrist árshækkun vísitölunnar að öllu leyti af hækkun hennar á fyrri árshelmingi síðasta árs en íbúðaverð hefur einungis hækkað um 0,6% að nafnvirði frá júní 2022 og því lækkað að raunvirði um 3,4%. Hlutfall húsnæðisverðs og ákvarðandi þátta svo sem byggingarkostnaðar og leiguverðs hafði lækkað á undanförunum mánuðum eftir að hafa náð hámarki um mitt síðasta ár. Í lok janúar sl. mældist vísitala íbúðaverðs um 13% yfir leitni en hæst fór frávikið í 19% í júní á síðasta ári.

Nefndin taldi að samspil lánþegaskilyrða og hærri vaxta hafði dregið úr spennu á fasteignamarkaði.

Hlutabréfaverð skráðra félaga hafði staðið í stað frá síðasta fundi nefndarinnar. Vísitala aðallista hafði þó hækkað lítillega frá áramótum. Velta með hlutabréf í kauphöllinni á fyrstu tveimur mánuðum ársins hafði dregist saman um 3% milli ára. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa hafði hækkað frá síðasta fundi þar sem verðbólga hafði mælst meiri en búist hafði verið við.

Gengi krónunnar

Gengi krónunnar hafði staðið í stað frá fundi nefndarinnar í byrjun desember. Aukinn loðnukvóti og góð veiði er talið hafa unnið á móti töluverðum halla á vöruskiptunum auk þess sem vaxtamunur við útlönd hafði aukist. Framvirk staða með krónuna hafði hækkað og nokkuð innflæði var vegna fjárfestingar erlendra aðila hér á landi. Þá höfðu lífeyrissjóðir dregið úr gjaldeyriskaupum það sem af var ári. Samanlagður gjaldeyrissjófnuður KMB breyttist lítið milli funda og var nálægt jafnvægi, þ.e. bankarnir áttu næstum jafn mikið af eignum í erlendum gjaldmiðlum og þeir skulduðu.

Fjármálasveiflan og sveiflutengd kerfisáhætta

Samsettur mælikvarði á fjármálasveiflur gaf til kynna að fjármálaleg uppsveifla hefði enn verið yfirstandandi í lok árs 2022 og að sveiflutengd kerfisáhætta væri í meðallagi og lítillega vaxandi frá síðasta fundi nefndarinnar. Skuldaskveiflan var enn í tiltölulega lágri stöðu, í samræmi við hóflega skuldastöðu heimila og fyrirtækja. Upptakturinn var metinn hraðastur og staðan hæst í húsnæðissveiflu, sem er í mótsögn við verðþróun á íbúðamarkaði allra síðustu mánuði en það byrjaði að gefa eftir á seinni hluta ársins 2022. Misræmið milli húsnæðissveiflunnar og verðþróunar íbúða síðustu mánuði helgaðist af áherslu þessa vísis á meðallangar sveiflur, þar sem þróun til skamms tíma hefur lítil áhrif.

Nýr vísir sem mælir fjármálaskilyrði á mánaðarlegri tíðni og tekur tillit til skammtímahreyfinga í fjármálastærðum var kynntur fyrir nefndinni. Sá vísir sýndi skarpa lækkun undanfarna mánuði, einkum drifna áfram af kólnandi húsnæðismarkaði, hækkandi vaxtastigi og lækkun á gengi krónunnar, sem benti til þess að fjármálaleg skilyrði hefðu þróast frá því að vera tiltölulega slök og þensluhvetjandi yfir í að vera hlutlaus. Haldi sama þróun áfram næstu misseri má gera ráð fyrir að fjármálaleg skilyrði yrðu þröng eða jafnvel vaxtarhamlandi. Nýlega lækkun fjármálaskilyrðavísis var talin vera til marks um þá óvissu sem er til staðar um hvort fjármálaleg uppsveifla haldi áfram á næstu misserum.

Sveiflutengda kerfisáhættu má nálgast með margvíslegum hætti og styðst nefndin við fleiri en einn mælikvarða á hana. Fjármálasveiflan er einn mælikvarði sem nefndin lítur til en annar er samsettur vísir fyrir sveiflutengda kerfisáhættu (d-SRI). Hann gaf til kynna að sveiflutengd kerfisáhætta hefði minnkað allt árið 2022 og væri aftur komin niður í sögulegt meðaltal, frá því að vera nokkuð yfir meðallagi í byrjun

árs 2022. Helsti drifkraftur lækkunarinnar var lækkandi eignaverð, hægari skuldavöxtur og mikill hagvöxtur. Á hinn bóginn gaf mælikvarðinn hagvöxtur-í-húfi (e. growth-at-risk) til kynna að sveiflutengd kerfisáhætta hefði aukist á síðasta ári, þar sem 5% hlutfallsmörk líkindadreifingar hagvaxtar næstu tveggja ára hefðu hliðrast niður á við. Ólíkir vísar gefa því mismunandi skilaboð um þróun kerfisáhættu en allir vísarnir eiga það sameiginlegt að gefa til kynna að sveiflutengd kerfisáhætta sé hófleg.

Netöryggi

Nefndin fékk kynningu á netöryggismálum. Fjallað var um umgjörð þeirra hér á landi og ráðstafanir til að efla viðnámsþrótt fjármálainnviða. Mikið hefur verið unnið í málaflokknum sem spannar vítt svið þar sem hlutverk og ábyrgð dreifast víða í stjórnkerfinu. Áhersla var lögð á mikilvægi þess að Seðlabankinn sé virkur þátttakandi í að móta stefnu í netöryggismálum í samvinnu við stjórnvöld.

Fjármálastöðugleikanefnd fékk kynningu á tveimur verkefnum sem miða að því að efla viðnámsþrótt fjármálainnviða. Annars vegar hefur bankinn ákveðið að hefja formlegar prófanir á netöryggi og viðnámsþrótti fjármálakerfisins með innleiðingu svokallaðrar TIBER-umgjarðar hér á landi. Í henni felst að sérsniðnum og fyrirvaralausum netárásum verður beint gegn mikilvægum innviðum og fyrirtækjum til að kanna viðnámsþrótt gagnvart netárásum og efla þannig fjármálastöðugleika. Þátttakendur fá mat á gæðum netvarna og veikleikum í vörnum. Seðlabankinn heldur utan um prófanir. Hins vegar kynnti fulltrúi frá Reiknistofu bankanna verkefni sem unnið er að til að minnka líkur á atvikum tengdum netöryggi.

Skýrsla úttektarnefndar um árangur Seðlabanka Íslands 2020-2022

Úttektarnefnd um hvernig Seðlabanka Íslands hefur tekist að uppfylla markmið um stöðugt verðlag, fjármálastöðugleika og framkvæmd fjármálaeftirlits frá sameiningu bankans og Fjármálaeftirlitsins, sbr. 36. gr. Seðlabankalaga, skilaði skýrslu í janúar sl. Umfjöllunin um fjármálastöðugleikanefnd í henni er heilt yfir mjög jákvæð. Regluverk og umgjörð fjármálastöðugleika á Íslandi er í takt við bestu alþjóðlegu framkvæmd og evrópsk lög og reglur. Fjármálastöðugleikanefnd brást tímanlega við þegar Covid-faraldurinn barst til landsins með því að slaka á sveiflujöfnunaraukanum 2020. Nefndin var sömuleiðis fljót að bregðast við breytingum á fjármálalegum skilyrðum þegar hún ákvað í september 2021 í ljósi aukinnar uppsöfnunar sveiflutengdrar kerfisáhættu að hækka sveiflujöfnunaraukann á nýjan leik þar sem hún taldi að sveiflutengd kerfisáhætta væri að minnsta kosti komin á sama stig og hún var á fyrir útbreiðslu farsóttarinnar. Þá hefði nefndin einnig réttilega hert lánþegaskilyrða til að bregðast við aðstæðum á húsnæðismarkaði. Í skýrslunni kemur fram að álagaspróf bankans séu faglega unnin, bankinn hafi þróað mælikvarða á fjármálasveifluna til að geta borið kennsl á breytt fjármálastöðugleikaskilyrði og ritið Fjármálastöðugleiki þykir yfirgripsmikið og vel unnið.

Nefndin ræddi tillögur úttektarnefndar um aukið samstarf milli peninga- og fjármálastöðugleikanefnda, aukna fjölbreytni í sviðsmyndum álagsprófa bankans og aukna áherslu á lífeyrissjóðskerfið út frá sjónarhorni fjármálastöðugleika. Var vinna hafin við að taka tillögurnar upp í starfi nefndanna og bankans.

Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar

Sveiflujöfnunaraukinn

Megintilgangur sveiflujöfnunaraukans er að auka viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja gagnvart sveiflutengdri kerfisáhættu og veita þeim þannig svigrúm til þess að mæta tapi og viðhalda lánsfjárframboði á álagstímum.

Greiningar á stöðu sveiflutengdrar kerfisáhættu benda til að hún hafi vaxið á síðustu árum og sé nú nálægt eða fyrir ofan meðaltal síðustu ára. Munar þar mestu um hraðar hækkunarir á fasteignamarkaði frá upphafi faraldursins og mikla verðbólgu sem hefur áhrif á greiðslubyrði og greiðslugetu.

Nefndin ræddi horfur um fjármálastöðugleika. Hér á landi væru þær almennt ágætar, eftirspurn í hagkerfinu væri mikil, atvinnuleysi lítið og skuldsetning heimila og fyrirtækja hófleg. Verðbólga hefði hins vegar reynt þrálát bæði hér á landi og alþjóðlega og vextir háir. Markaðsfjármögnun innlenda bankakerfisins væri orðin dýrari og aukin óvissa á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum hefði einnig leitt til hærra vaxtaálags. Einnig var bent á að festing vaxta á um 650 ma.kr. af óverðtryggðum lánnum myndi losna á næstu tveimur árum. Þá gætu áhrif nýlegra atburða erlendis enn átt eftir að koma að fullu fram og gætu smitáhrif þeirra orðið nokkur. Þrátt fyrir að staða bankanna væri sterk byggju þeir við vaxandi ytri áhættu, bæði á eignahliðinni vegna stöðu á eignamörkuðum og á skuldahliðinni vegna stöðunnar á fjármagnsmörkuðum. Í ljósi þessa var nefndin sammála um að ástæða væri fyrir bankana að treysta viðnámsþrótt sinn með nægu eigin fé. Ákvörðun um hækkun sveiflujöfnunaraukans nú væri ekki íþyngjandi fyrir þá þar sem eiginfjárlutföll KMB væru nú þegar 2,3-4% umfram eiginfjárkröfur Seðlabankans. Hækkun sveiflujöfnunaraukans ætti því ekki að skerða getu bankanna til að viðhalda útlánnum til heimila og fyrirtækja.

Að lokinni umræðu bar seðlabankastjóri upp tillögu um að hækka gildi sveiflujöfnunaraukans úr 2% í 2,5% og var hún samþykkt samhljóða og tekur gildi 15. mars 2024.

Fjármálainnviðir

Eitt meginhlutverka Seðlabanka Íslands er að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Áfram er unnið að því að treysta umgjörð fjármálainnviða landsins og auka rekstraröryggi enn frekar. Í því skyni hefur Greiðsluráð stofnað vinnuhóp um viðbrögð aðila í verslun og þjónustu við rofi í greiðslumiðlun hér á landi.

Nefndin var á einu máli um mikilvægi þess að stjórnvöld og Seðlabankinn leggðu ríka áherslu á netöryggi landsins, rekstraröryggi fjarskiptainnviða og tengsl þeirra við rekstraröryggi fjármálainnviða. Nauðsynlegt væri að tryggja upplýsingaflæði og samráð allra hagaðila á þessu sviði og meta hvort efla þurfi lagaumgjörð um fjármálainnviði.

Nefndin fékk kynningu á stöðu verkefnis um innlenda óháða smágreiðslulausn. Meginmarkmið innlendrar óháðrar smágreiðslulausnar er að tryggja þjóðaröryggi með áherslu á viðnámsþrótt greiðslumiðlunar innanlands og að lausnin sé opin, örugg, skilvirk og hagkvæm. Á vegum Framtíðarvettvangs hefur verið stofnaður vinnuhópur um verkefnið sem var falið að skila tillögu að mögulegu samstarfi um innlent greiðsluskema fyrir greiðslur milli bankareikninga.

Nefndin áréttar mikilvægi þess að komið verði á fót óháðri innlendri smágreiðslulausn og styður þau skref sem þegar hafa verið tekin að því marki. Æskilegt er að þeirri vinnu verði hraðað eins og kostur er og að niðurstaða fái inn á árs í hvaða leið verði farin við að koma á innlendri óháðri greiðslulausn. Áfram þyrfti að meta hvort efla eigi lagaumgjörð um fjármálainnviði smágreiðslumiðlunar og auka heimildir Seðlabankans til reglusetningar á þessu sviði.

Í lok fundarins samþykkti nefndin yfirlýsingu til birtingar að morgni 15. mars 2023.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar
Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika
Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu
Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits
Axel Hall, utanaðkomandi nefndarmaður
Bryndís Ásbjarnardóttir, utanaðkomandi nefndarmaður
Guðmundur Kr. Tómasson, utanaðkomandi nefndarmaður

Haukur C. Benediktsson, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, Eggert Þ. Þórarinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs, Vigdís Ósk Helgadóttir, forstöðumaður fjármálastöðugleikasviðs og Rannveig Júníusdóttir, framkvæmdarstjóri skrifstofu bankastjóra sátu allan fund nefndarinnar. Auk þess sátu nokkrir aðrir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Rósa Björk Sveinsdóttir ritaði fundargerð.



FUNDARGERÐ

FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKANEFND



2023

Júní
17. fundur
Birt 5. júlí 2023

Fundargerð fjármálastöðugleikanefndar Seðlabanka Íslands

Júní 2023 (17. fundur)

Birt: 5. júlí 2023

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands tekur ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans varðandi fjármálastöðugleika. Í fjármálastöðugleika felst að fjármálakerfið geti staðist áföll í efnahagslífi og á fjármálamörkuðum, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti. Nefndinni er falið að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, skilgreina nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja fjármálastöðugleika og að ákveða hvaða aðilar, innviðir eða markaðir teljist kerfislega mikilvægir. Fjármálastöðugleikanefnd getur beint ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til um nauðsynlegar aðgerðir til að efla og varðveita fjármálastöðugleika. Nefndin birtir opinberlega fundargerðir af fundum sínum að jafnaði innan fjögurra vikna þar sem fram koma upplýsingar um ákvarðanir nefndarinnar, forsendur þeirra og mat á fjármálastöðugleika.

Á fundi nefndarinnar 2., 5. og 6. júní 2023 voru henni kynntar horfur í efnahagsmálum og staða fjármálakerfisins og innviða greiðslumiðlunar. Þá fékk nefndin kynningu á ábyrgð og hlutverki Seðlabanka Íslands við að tryggja netöryggi innlands fjármálamarkaðar. Nefndin ræddi stöðu og horfur fyrir fjármálastöðugleika og helstu áhættuþætti, svo sem þróun efnahagsmála, áhættu í rekstri fjármálafyrirtækja og fjármálakerfisins, þróun á innlendum fjármálamörkuðum, skuldsetningu heimila og fyrirtækja, stöðu á fasteignamarkaði, virkni lánþegaskilyrða, eiginfjár- og lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja og fjármálasveifluna. Jafnframt fékk nefndin upplýsingar um aðferðafræði við mat á fjármálasveiflu og sveiflutengdri kerfisáhættu auk fjármálavísa. Nefndinni voru kynntar niðurstöður nýlegrar úttektar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fjármálakerfi Íslands og þjóðhagsvarúðarstefnu.

Fjármálastöðugleikanefnd ákvað að halda gildi sveiflujöfnunaraukans óbreyttu en samkvæmt ákvörðun nefndarinnar í mars sl. mun hann hækka úr 2% í 2,5% þann 15. mars 2024. Þá brýndi nefndin fyrir lánveitendum að huga tímanlega að því að fyrirbyggja greiðsluferfiðleika þeirra lántakenda sem lent gætu í erfiðleikum með að mæta aukinni greiðslubyrði af húsnæðislánnum vegna hækkunar vaxta.

Jafnframt áréttaði nefndin mikilvægi þess að styrkja net- og rekstraröryggi fjármálafyrirtækja og að auka viðnámsþrótt greiðslumiðlunar hér á landi. Í því samhengi fagnaði nefndin þeim skrefum sem hafa verið stigin í átt að innlendri óháðri smágreiðslumiðlun.

Greining á fjármálastöðugleika

Verðbólga í helstu viðskiptalöndum Íslands hafði minnkað frá fundi fjármálastöðugleikanefndar í mars. Dregið hafði úr alþjóðlegum hagvexti en hann hafði þó verið meiri en spáð hafði verið. Hægt hafði á verðbólgu í takt við að verðhækkningar á hrávöru höfðu gengið til baka en mikil þjónustuverðbólga hafði þó víða orðið til þess að hjöðnun undirliggjandi verðbólgu varð hægari. Seðlabankar í helstu viðskiptalöndum Íslands höfðu áfram hert peningalegt aðhald. Dregið hafði úr flökti á erlendum mörkuðum eftir nokkra aukningu í mars sl. vegna rekstrarvanda banka í Bandaríkjunum og Evrópu. Alþjóðlegt eignaverð

hafði samhliða því hækkað og vaxtaálag á erlendum fjármagnsmörkuðum lækkað þótt enn væri það hátt. Aðgengi íslenskra lántakenda að erlendra markaðsfjármögnun hafði því batnað.

Hagvöxtur hér á landi mældist 7% á fyrsta ársfjórðungi. Búist er við meiri hagvexti í ár en áður var talið bæði vegna kröftugri vaxtar innlendrar eftirspurnar og aukinna umsvifa í ferðaþjónustu. Mikil spennan var enn á vinnumarkaði, skráð atvinnuleysi hafði minnkað og störfum fjölgað frá fundi nefndarinnar í mars. Vísbendingar voru þó um að áraun á innlenda framleiðsluþætti hefði náð hámarki. Meginvextir Seðlabankans höfðu hækkað um 2,25 prósentur frá marsfundi nefndarinnar. Verðbólga hafði hjaðnað frá því í febrúar þegar hún hafði mæst 10,2% og búist væri við að hún myndi hjaðna áfram á næstu misserum en þó hægar en áður var talið.

Nefndin var sammála um að á heildina litið væri staða heimila að mörgu leyti góð. Taldi nefndin helstu áhættuþætti fjármálastöðugleika nú vera fjármögnun bankakerfisins ásamt netöryggi en að áhætta tengd íbúðamarkaði hefði minnkað þótt hún væri enn nokkur. Hækkun fjármagnskostnaðar gæti þó skapað áraun á fjárhag skuldsettra heimila þegar fram í sækti þótt viðnámsþróttur þeirra væri mikill. Viðbútið væri að greiðslubyrði heimila sem fest hefðu vexti á óverðtryggðum lánnum myndi hækka þegar vaxtafestan rynni út á næstu tveimur árum. Þá hefðu verri fjármálaskilyrði einnig þrengt að fyrirtækjum. Fjármálastöðugleikanefnd brýnir fyrir lánveitendum að huga tímanlega að þyngri greiðslubyrði lántakenda til þess að fyrirbyggja greiðsluferfiðleika og breyta lánaskilmálum ef þörf krefur til að létta undir.

Viðnámsþróttur bankakerfisins

Fjármálakerfið hér á landi stendur traustum fótum á sama tíma og þrengt hefur að fjármálaskilyrðum og peningalegt aðhald hefur aukist. Eiginfjár- og lausafjárstaða kerfislega mikilvægra banka (KMB) er sterk og vel yfir lögbundnum mörkum. Útgáfa erlendra markaðsskuldabréfa var meginástæða fyrir hækkun lausafjárhlutfalls milli funda en laust fé bankanna umfram lágmark var 289 ma.kr. í lok apríl og lausafjárhlutfall KMB í öllum gjaldmiðlum 182% og því vel umfram kröfu Seðlabankans um 100% lausafjárhlutfall. Lausafjárstað þeirra var því sterk og höfðu bankarnir sjaldan átt jafn mikið af hágæðalausafjáreignum (e. HQLA). Nefndin fékk einnig kynningu á lausafjárálagsprófi á viðskiptabankana en samkvæmt því var viðnámsþróttur þeirra mikill. Viðskiptabankarnir eru að mestu leyti fjármagnaðir með innlánnum og sértryggðum og ótryggðum markaðsskuldabréfum. Á fyrsta ársfjórðungi 2023 jukust innlán um 4% í samræmi við aukningu útlána, og nema þau um helmingi af fjármögnun bankanna. Vaxtaálag á erlendar skuldabréfaútgáfur bankanna hafði lækkað lítillega frá marsfundinum en bankarnir höfðu allir gefið út stórar útgáfur í evrum frá síðasta fundi til að endurfjármagna komandi gjalddaga í evrum. Endurfjármögnunaráhætta bankanna hafði því minnkað og kom fram að þeir ættu nægt laust fé í erlendum gjaldmiðlum til að standa skil á öllum afborgunum sem gjaldfalla í ár án þess að brjóta lausafjárreglur. Þá þurfa KMB að fullnægja lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) með útgáfu ótryggðra skuldabréfa. Skuldabréfaútgáfa innanlands hefur verið takmörkuð undanfarin misseri en hún var þó umfram hrein ný útlán til heimila á fyrsta fjórðungi ársins.

Vaxtatekjur bankanna halda áfram að aukast, einkum vegna stærri efnahagsreiknings og aukinnar ávöxtunar lausafjár. Hærra vaxtastig, útlánavöxtur og mjög lítil virðisrýrnun hafa síðustu misseri styrkt afkomu þeirra. Arðsemi eigin fjár nam 12,5% á fyrsta fjórðungi ársins samanborið við 8,9% á sama tíma árið 2022. Eiginfjárhlutfall KMB var 24,0% í lok fyrsta fjórðungs og hækkaði um 0,3 prósentur milli ára. Að teknu tilliti til þegar ákveðinnar hækkunar sveiflujöfnunaraukans í 2,5% eru eiginfjárhlutföll KMB á bilinu 2,0-4,2% yfir þeirri heildareiginfjárkröfu sem gerð er til þeirra.

Vanskil heimila mælast enn lítil og var vanskilahlutfall útlána til heimila 0,75% í lok fyrsta ársfjórðungs. Lítilsháttar aukningu má þó merkja í frystum útlánnum KMB til heimila á síðustu mánuðum. Vanskilahlutfall fyrirtækjalána KMB lækkaði á fyrsta fjórðungi og mældist 2,1%. Hlutfallið lækkaði í öllum atvinnugreinum nema hjá fyrirtækjum í gisti- og veitingarekstri þar sem það hækkaði lítillega. Gjaldprotum fyrirtækja hefur fjölgað nokkuð á árinu og var fjöldi þeirra nálægt sögulegu meðaltali.

Skuldir heimila og fyrirtækja

Dregið hafði verulega úr nýjum íbúðalánnum en á sama tíma jukust uppgreiðslur lítillega á óverðtryggðum íbúðalánnum með breytilega vexti hjá innlánsstofnunum. Heimilin virðast því vera farin að skuldbreyta lánnum að einhverju marki, mögulega til að lækka greiðslubyrði lána. Hlutdeild verðtryggðra íbúðalána í nýjum lánveitingum var nánast óbreytt frá síðasta fundi eftir að hafa hækkað nokkuð mánuðina þar á undan. Rétt innan við helmingur nýrra íbúðalána sem veittur hafði verið frá síðasta fundi nefndarinnar var verðtryggður. Nafnvöxtur skulda heimila hjaðnaði í 8,5% á fyrsta fjórðungi. Raunvöxtur skulda heimilanna mældist hins vegar neikvæður um 1,3% í mars sl. og hafði ekki verið jafn neikvæður í einum mánuði síðan í september 2016. Hlutfall skulda heimila af landsframleiðslu hafði lækkað umtalsvert á síðustu misserum en var stöðugt sem hlutfall af ráðstöfunartekjum og voru bæði hlutföllin lág í sögulegum samanburði og lægri en t.d. á Norðurlöndunum.

Greiðslubyrði heimila af fasteignalánnum hafði haldið áfram að þyngjast nokkuð samhliða hækkandi vöxtum. Meðalvextir á óverðtryggðum íbúðalánnum til heimila voru 9,3% í maí og höfðu hækkað um 5,5 prósentur frá maí 2021 þegar Seðlabankinn hóf að hækka vexti. Greiðslubyrði sem hlutfall af áætluðum ráðstöfunartekjum hafði hins vegar aðeins aukist hóflega hjá meirihluta heimila. Hlutfall heimila með greiðslubyrði umfram 35% af ráðstöfunartekjum var talið hafa hækkað í 10,9% í apríl úr 9% í janúar sl. ef gert er ráð fyrir hækkun ráðstöfunartekna miðað við launavísitölu (lán tekin eftir 1. janúar 2020). Ástæða þess að greiðslubyrði hafði ekki hækkað umfram 35% af ráðstöfunartekjum hjá fleiri heimilum er m.a. að um fjórðungur húsnæðislána heimila voru óverðtryggð lán með fasta vexti til þriggja eða fimm ára. Þá var tæplega helmingur húsnæðislána heimila verðtryggður og hefur greiðslubyrði þessara lána vaxið mun hægar en lána með óverðtryggða breytilega vexti.

Lítið atvinnuleysi, hækkun launa og hófleg skuldsetning mikils meirihluta íslenskra heimila auðveldar þeim að mæta aukinni greiðslubyrði samhliða versnandi fjármálaskilyrðum. Fyrirliggjandi gögn benda almennt til þökkalegrar stöðu heimila. Lítið var um vanskil sem fyrr segir og kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aukist mikið frá árinu 2010.

Ársvöxtur skulda fyrirtækja náði hámarki í lok árs 2022 þegar hann mældist 10% og hafði ekki verið jafn mikill frá árinu 2019. Vöxturinn hjaðnaði lítið eitt á fyrsta ársfjórðungi og lækkaði hlutfall skulda á móti landsframleiðslu milli fjórðunga í 77,5% sem er lágt í sögulegu samhengi. Skuldir fyrirtækja við innlenda banka fara vaxandi að raunvirði en á móti hafa erlendar skuldir og skuldabréfaútgáfa dregist saman. Útlánvöxtur bankanna hefur verið einna mestur til byggingageirans sem skýrist bæði af nýjum lánveitingum og af minni uppgreiðslum vegna hægari sölu nýbygginga. Niðurstöður útlánakönnunar Seðlabankans, sem gerð var í byrjun apríl á meðal viðskiptabankanna fjögurra, bendir til þess bæði gæti dregið úr framboði bankanna á fyrirtækjalánnum og úr eftirspurn fyrirtækja eftir lánsfé á næstu mánuðum.

Vanskil fyrirtækja fara enn minnkandi þrátt fyrir aukinn kostnað þeirra vegna verðbólgu, launahækkana og hærri vaxta.

Eignaverð

Dregið hefur úr umsvifum á íbúðamarkaði frá miðju ári 2022. Veltan á markaðnum minnkaði og hafði kaupsamningum fækkað um fjórðung á fyrstu fjórum mánuðum ársins miðað við sama tíma í fyrra og höfðu þeir ekki verið jafn fáir á fyrstu fjórum mánuðum ársins síðan árið 2014. Íbúðum á sölu hafði fjölgað og meðalsölutími lengst mikið. Þannig tók tæplega sex mánuði að selja íbúð í apríl síðastliðnum en hafði tekið rétt um einn mánuð í maí árið á undan þegar meðalsölutíminn var stytur. Hafði hlutfall fyrstu kaupenda jafnframt lækkað og var nálægt langtímameðaltali. Árshækkun íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu mældist 8,6% að nafnvirði í apríl og lækkaði verð því um 1,1% að raunvirði. Eftir að hafa lækkað milli mánaða í þrjá mánuði tók húsnæðisverð aftur að hækka milli mánaða í febrúar. Fram kom að það kæmi á óvart í ljósi hægari umsvifa á íbúðamarkaði og að mögulega væri um tímabundna þróun að ræða. Húsnæðisverð sem hlutfall af ákvarðandi þáttum, svo sem ráðstöfunartekjum, byggingarkostnaði og leiguverði, hafði lækkað frá því að það náði toppi á síðasta ári en hafði verið óbreytt undanfarna mánuði. Þá mældist vísitala íbúðaverðs 11% yfir leitni í apríl sl. en hafði hæst farið í 18% yfir leitni í júní á síðasta ári. Taldi nefndin að samspil lánþegaskilyrða og vaxtahækkana hefði leitt til þess að verðið vék ekki enn meira frá ákvarðandi þáttum. Fram kom að spá HMS gerði ráð fyrir að 2800 nýjar íbúðir yrðu byggðar í ár og á næsta ári, sem er svipaður fjöldi og í fyrra, en að úr nýframkvæmdum dragi árið 2025. Ljóst væri að dregið hefði úr spennu á fasteignamarkaði og að gera mætti ráð fyrir að raunverð lækkaði áfram á næstu misserum en vegna mikillar eftirspurnar og góðrar stöðu heimila væri að öðru óbreyttu ekki hætta á verulegri lækkun nafnverðs íbúðarhúsnæðis.

Vísitala raunverðs atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkaði áfram á fyrsta ársfjórðungi og mældist árshækkun hennar 14,4%. Vísitalan var í sögulegu hágildi og mældist rúmlega 20% yfir metinni langtímaleitni. Rekstur stóru atvinnuhúsnæðisfélaganna þriggja gekk ágætlega á fyrsta ársfjórðungi. Nýtingarhlutföll mælast há og var ávöxtun fjárfestingareigna lítilllega meiri en á sama fjórðungi í fyrra. Fjármagnskostnaður félaganna hefur aftur á móti aukist og hafa sjóðstreymishlutföll þeirra lækkað. Sé staða félaganna borin saman við sambærileg félög erlendis virðist hlutfall fjárfestingareigna félaganna sem lausar eru til útleigu fremur lágt og ávöxtun fjárfestingareigna með hærra móti. Á móti kemur að íslensku félögin eru skuldsettari en sambærileg félög erlendis og fjármagnskostnaður þeirra hærri.

Hlutabréfaverð skráðra félaga hafði lækkað milli funda nefndarinnar og var vísitala aðallista um 7% lægri en um áramótin. Ávöxtunarkrafa stuttra óverðtryggðra ríkisbréfa hafði hækkað frá síðasta fundi nefndarinnar í takt við hækkandi stýrivexti en krafa lengri bréfa lækkað lítilllega.

Gengi krónunnar og gjaldeyrisforði

Gengi krónunnar hafði styrkst frá fundi nefndarinnar í mars og alls um 2,1% frá áramótum. Aukinn vaxtamunur við útlönd og minni viðskiptahalli er talin hafa haft mest áhrif á þróunina. Framvirk staða með krónuna hafði hækkað og nokkuð innflæði var vegna fjárfestingar erlendra aðila hér á landi einkum í tengslum við uppfærslu FTSE Russell á íslenskum hlutabréfum í flokk nýmarkaðsríkja en lítil viðskipti höfðu verið með ríkisskuldabréf. Þá voru kaup lífeyrissjóða á gjaldeyri meiri á fyrstu fjórum mánuðum ársins en á sama tíma í fyrra. Samanlagður gjaldeyrisjöfnuður KMB breyttist lítið milli funda og var nálægt jafnvægi, þ.e. bankarnir áttu næstum jafn mikið af eignum í erlendum gjaldmiðlum og þeir skulduðu.

Gjaldeyrisforðinn hafði minnkað það sem af var ári einkum vegna styrkingar krónu og mældist hann 117% á fyrsta ársfjórðungi í hlutfalli við samsett forðaviðmið Alþjóðagjaldeyrissjóðsins úr því að vera 124% í lok síðasta árs.

Fjármálasveiflan og sveiflutengd kerfisáhætta

Samsettur mælikvarði á fjármálasveiflur gaf til kynna að fjármálaleg uppsveifla hefði enn verið yfirstandandi á fyrsta ársfjórðungi 2023 og að sveiflutengd kerfisáhætta væri í meðallagi. Skuldásveiflan var enn í tiltölulega lágri stöðu í samræmi við hóflega skuldastöðu heimila og fyrirtækja. Upptakturinn var metinn hraðastur og staðan hæst í húsnæðissveiflu sem kann að virðast í mótsögn við að verulega hefur hægt á verðhækkunum á íbúðamarkaði undanfarið tæpt ár. Misræmið milli húsnæðissveiflunnar og verðþróunar íbúða síðustu mánuði helgaðist af áherslu þessa vísis á meðallangar sveiflur þar sem þróun til skamms tíma hefur lítil áhrif.

Nefndin fékk kynningu á nýjum vísi sem mælir stöðu fjármálaskilyrða mánaðarlega. Hann getur gagnast við að spá fyrir um efnahagsumsvif í nálægri framtíð og stutt þannig við greiningar á áhrifum peningastefnunnar á efnahagslífið í gegnum áhrif hennar á fjármálaskilyrði. Þá getur hann stutt við mat á aðhaldsstigi þjóðhagsvarúðarstefnu og á sveiflutengdri kerfisáhættu. Vísirinn hafði lækkað skarpt undanfarna mánuði sem skýrðist einkum af hækkun vaxta, minni umsvifum á fasteignamarkaði og lægra gengi krónu. Gefur það vísbendingu um að fjármálaskilyrði hafi þróast frá því að vera tiltölulega slök og þensluhvetjandi yfir í að vera hlutlaus.

Sveiflutengda kerfisáhættu má nálgast með margvíslegum hætti og styðst nefndin við fleiri en einn mælikvarða á hana. Fjármálasveiflan er einn mælikvarði sem nefndin lítur til en annar er samsettur vísir fyrir sveiflutengda kerfisáhættu (d-SRI). Hann gaf til kynna að sveiflutengd kerfisáhætta hefði minnkað allt árið 2022 og væri aftur komin í sögulegt meðaltal, frá því að vera nokkuð yfir meðallagi í byrjun árs 2022. Helsti drifkraftur lækkunarinnar á fyrsta fjórðungi ársins var hægari skuldavöxtur, mikill hagvöxtur og hjöðnun viðskiptahallans sl. 12 mánuði. Tekið saman gefa vísar um sveiflutengda kerfisáhættu til kynna að hún sé hófleg um þessar mundir.

Netöryggi

Nefndin fékk kynningu á netöryggismálum. Fjallað var um hlutverk og áherslur Seðlabankans en hann hefur eftirlit með rekstraráhættu eftirlitsskyldra aðila, þ.m.t. að netöryggismál séu í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Einnig hefur bankinn yfirsýn með rekstrarumgjörð kerfislega mikilvægra fjármálainnviða, millibankakerfi Seðlabankans og verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq CSD SE á Íslandi.

Nefndin taldi mikilvægt að stjórnvöld og Seðlabankinn leggðu ríka áherslu á netöryggi landsins, rekstraröryggi fjarskiptainnviða og tengsl þeirra við rekstraröryggi fjármálainnviða.

Úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fjármálakerfi Íslands og þjóðhagsvarúðarstefnu

Fjármálastöðugleikanefnd fékk kynningu á niðurstöðum nýafstaðinnar úttektar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fjármálakerfi Íslands (e. Financial Sector Assessment Program, FSAP) sem beindist að fjármálastöðugleika og þjóðhagsvarúðarstefnu Íslands. Tilgangur úttektarinnar var að kanna viðnámsþrótt fjármálakerfisins, gæði reglusetningar og eftirlits og burði landsins til að takast á við fjármálaáföll. Ráðleggingar sjóðsins í lok slíkrar úttektar geta verið hvort tveggja á sviði eindarvarúðar og/eða þjóðhagsvarúðar. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn skilaði 150 ábendingum sem ýmist er beint til Seðlabankans, ráðuneyta og/eða beggja aðila og fékk nefndin kynningu á ábendingum sjóðsins sem sneru að fjármálastöðugleika og þjóðhagsvarúðarstefnu Íslands. Ábendingarnar lutu m.a. að frekari gagnasöfnun, beitingu þjóðhagsvarúðartækja, álagsprófum á laust fé og eigið fé fjármálafyrirtækja, útlánastarfsemi lífeyrissjóða, skilavaldi, netöryggi og loftslagsáhættu. Fram kom á fundinum að unnið yrði úr ábendingum sjóðsins eftir ákveðinni forgangsröðun og áætlað að brugðist yrði við veigamestu ábendingunum innan árs.

Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar

Reglur um hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána

Þótt staða mikils meirihluta heimila með fasteignalán væri með ágætum taldi nefndin mikilvægt að búið yrði í haginn vegna versnandi fjárhags þeirra. Fram kom að erfiðara gæti orðið fyrir hluta heimili að mæta aukinni greiðslubyrði lána þegar vextir sem festir voru til árána 2024 og 2025 kæmu til endurskoðunar. Lán þessi nema alls 650 ma.kr. eða rúmlega fjórðungi af húsnæðisskuldum. Fjármálastöðugleikanefnd taldi því rétt að brýna fyrir lánveitendum að huga tímanlega að þyngri greiðslubyrði lántakenda til þess að fyrirbyggja greiðsluferfiðleika. Þar sem þörf krefði bæri að skoða að lengja láns-tíma, að taka upp jafngreiðsluskilmála, að setja þak á greidda nafnvexti og líta til ólíkra lánaforma sem bjóða upp á mismunandi greiðslubyrði. Taldi nefndin að rúm eiginfjárstaða margra lántaka ætti að gefa töluvert svigrúm til að tryggja að greiðslubyrði héldist í takti við viðmið lánþegaskilyrða sem nefndin hefur sett.

Að undangenginni kynningu og umræðu bar seðlabankastjóri upp til samþykktar breytingar á reglum um hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda sem fól í sér að 1. gr. reglnanna verði breytt til að taka af allan vafa um að reglurnar gilda ekki um þá sem endurfjármagna eldra fasteignaveðlán sökum greiðsluferfiðleika. Að mati nefndarinnar er ekki um að ræða efnislega breytingu heldur verið að gera reglurnar skýrari um þennan þátt. Allir nefndarmenn samþykktu tillögu seðlabankastjóra og voru nýjar reglur um hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda, nr. 550/2023, gefnar út í kjölfar fundarins.

Sveiflujöfnunaraukinn

Megintilgangur sveiflujöfnunaraukans er að auka viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja gagnvart sveiflutengdri kerfisáhættu og veita þeim þannig svigrúm til þess að mæta tapi og viðhalda lánsfjárframboði á álagstímum. Sveiflujöfnunaraukinn gegnir mikilvægu hlutverki þegar bregðast þarf við óvæntum atburðum sem gætu ógnað fjármálastöðugleika, sbr. afléttingu aukans í upphafi Covid-faraldurins. Hækkun aukans í mars sl. upp í 2,5% skapar enn frekara svigrúm til að lækka hann seinna komi til efnahagssamdráttar sem valdið gæti skerðingu á lánsfjárframboði. Í lögum er kveðið á um aukinn skuli nema á bilinu 0 til 2,5%. Sveiflujöfnunaraukinn megi þó vera hærri ef áhættuþættir sem liggja til grundvallar mati fjármálastöðugleikanefndar gefa tilefni til.

Greiningar á stöðu sveiflutengdar kerfisáhættu benda til þess að hún hafi aukist á síðustu árum og sé nú nálægt sögulegu meðaltali. Munar þar mestu um hækkun fasteignaverðs frá upphafi faraldursins og mikla verðbólgu sem hefur áhrif á greiðslubyrði og greiðslugetu.

Þá kom fram að hækkun sveiflujöfnunaraukans í mars sl. ætti ekki að draga úr getu bankanna til útlána né til endurskipulagningar skulda heimila og fyrirtækja eftir því sem þörf væri á. Vaxtamunur bankanna hefði aukist sem og arðsemi eigin fjár frá fyrra ári. Eiginfjárhlutföll KMB væru afar rúm, þau stóðu að meðaltali í 24,0% í lok fyrsta fjórðungs og höfðu hækkað um 0,3 prósentur frá sama tíma árið áður. Að teknu tilliti til þegar ákveðinnar hækkunar sveiflujöfnunaraukans í 2,5% eru eiginfjárhlutföll KMB á bilinu 2,0-4,2% yfir þeirri heildar eiginfjárkröfu sem gerð er til þeirra. Að lokinni umræðu bar seðlabankastjóri upp tillögu um að halda gildi sveiflujöfnunaraukans óbreyttu í 2,5% og var hún samþykkt samhljóða.

Fjármálainnviðir

Liður í því að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd, er að safna gögnum um ólíka greiðslumiðla og leggja mat á kostnað við notkun þeirra. Nefndin fékk kynningu á niðurstöðum greiningar á kostnaði í smágreiðslumiðlun þar sem kom fram að kostnaður heimila við smágreiðslumiðlun væri um 30% hærri en t.d. í Noregi og munar þar mestu á kostnaði við að nota greiðslukort.

Áfram er unnið að því að treysta umgjörð fjármálainnviða landsins og auka rekstraröryggi enn frekar. Nefndin fékk kynningu á stöðu verkefnis um innlenda óháða smágreiðslulausn sem ætlað er að tryggja þjóðaröryggi með áherslu á viðnámsþrótt greiðslumiðlunar innanlands. Vinnuhópur á vegum fram-tíðarvettvangs hafði áður skilað tillögu um óháða smágreiðslulausn sem kynnt hafði verið fyrir nefndinni. Tillagan felur í sér að þróaður verði sameiginlegur grunninnviður sem bjóði upp á tengingar við allar innlánsstofnanir á Íslandi og verði opinn öllum sem hafa tilskilin leyfi. Þá er starfshópur á vegum forsætisráðuneytis að vinna að undirbúningi lagasetningar með það að markmiði að renna styrkari lagastoðum undir innlenda óháða smágreiðslulausn.

Fjármálastöðugleikanefnd telur þau skref sem þegar hafa verið stigin í átt að innlendri óháðri smágreiðslumiðlun mikilvægan lið í þeirri vegferð að styrkja net- og rekstraröryggi fjármálafyrirtækja og auka viðnámsþrótt greiðslumiðlunar hér á landi.

Í lok fundarins samþykkti nefndin yfirlýsingu til birtingar að morgni 7. júní 2023.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar
Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika
Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu
Björk Sigurgísladóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits
Axel Hall, utanaðkomandi nefndarmaður
Bryndís Ásbjarnardóttir, utanaðkomandi nefndarmaður

Guðmundur Kr. Tómasson, utanaðkomandi nefndarmaður samþykkti tillögur seðlabankastjóra raf-rænt. Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sat hluta fundarins með málfrelsi og tillögurétt.

Haukur C. Benediktsson, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, Eggert Þ. Þórarinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs og Vigdís Ósk Helgadóttir, forstöðumaður á fjármálastöðugleikasviði sátu allan fund nefndarinnar. Auk þess sátu nokkrir aðrir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Rósa Björk Sveinsdóttir ritaði fundargerð.



FUNDARGERÐ

FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKANEFND



2023

September
18. fundur
Birt 1. nóvember 2023

Fundargerð fjármálastöðugleikanefndar Seðlabanka Íslands

September 2023 (18. fundur)

Birt: 1. nóvember 2023

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands tekur ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans varðandi fjármálastöðugleika. Í fjármálastöðugleika felst að fjármálakerfið geti staðist áföll í efnahagslífi og á fjármálamörkuðum, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti. Nefndinni er falið að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, skilgreina nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja fjármálastöðugleika og að ákveða hvaða aðilar, innviðir eða markaðir teljast kerfislega mikilvægir. Fjármálastöðugleikanefnd getur beint ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til um nauðsynlegar aðgerðir til að efla og varðveita fjármálastöðugleika. Nefndin birtir opinberlega fundargerðir af fundum sínum að jafnaði innan fjögurra vikna þar sem fram koma upplýsingar um ákvarðanir nefndarinnar, forsendur þeirra og mat á fjármálastöðugleika.

Á fundi nefndarinnar 18. og 19. september 2023 voru horfur í efnahagsmálum kynntar fyrir nefndinni, auk stöðu fjármálakerfisins og innviða greiðslumiðlunar. Nefndin ræddi stöðu og horfur fyrir fjármálastöðugleika og helstu áhættuþætti, svo sem þróun efnahagsmála, áhættu í rekstri fjármálafyrirtækja og fjármálakerfisins, þróun á innlendum fjármálamörkuðum, skuldsetningu heimila og fyrirtækja, stöðu á fasteignamarkaði, virkni lánþegaskilyrða, eiginfjár- og lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja og fjármálasveifluna. Jafnframt fékk nefndin kynningu á aðferðafræði við mat á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum, auk kynningar á niðurstöðum úr árlegu álagsprófi á kerfislega mikilvæga banka (KMB).

Fjármálastöðugleikanefnd ákvað að halda gildi sveiflujöfnunaraukans óbreyttu en samkvæmt ákvörðun nefndarinnar í mars sl. mun hann hækka úr 2% í 2,5% 15. mars 2024. Þá brýndi nefndin fyrir lánveitendum að huga að þyngri greiðslubyrði lántakenda. Rúm eiginfjárstaða flestra lántakenda ætti að gefa svigrúm til að aðlaga greiðslubyrði að greiðslugetu og tryggja á sama tíma að hún haldist í takti við þau viðmið lánþegaskilyrða sem nefndin hefur sett. Þá beindi nefndin til lántakenda að fyrirbyggja mögulega erfiðleika með því að leita tímanlega til lánveitenda ef greiðslubyrði stefnir í að verða verulega íþyngjandi.

Jafnframt áréttaði nefndin nauðsyn þess að styrkja net- og rekstraröryggi fjármálafyrirtækja og að auka viðnámsþrótt greiðslumiðlunar hér á landi. Í því samhengi taldi nefndin að þau skref sem stigin hafa verið í átt að innlendri óháðri smágreiðslumiðlun væru jákvæð og tók undir tillögur stjórnvalda um að treysta heimildir Seðlabankans á þessu sviði.

Greining á fjármálastöðugleika

Verðbólga í helstu viðskiptalöndum Íslands hafði haldið áfram að minnka frá fundi fjármálastöðugleikanefndar í júní en var enn langt umfram verðbólguþolmið. Seðlabankar í helstu viðskiptalöndum Íslands höfðu því áfram hert peningalegt aðhald. Það hafði áhrif á þróun eignaverðs og hafði hlutabréfaverð því lækkað á alþjóðlegum mörkuðum. Verðbólga hafði einnig hjaðnað á Íslandi en hún var

7,7% í ágúst og því vel umfram verðbólguþéttum. Meginvextir Seðlabankans höfðu verið hækkaðir um 0,5 prósentur frá júnifundi nefndarinnar.

Nefndin var sammála um að á heildina litið væri staða fjármálastöðugleika góð hér á landi, þrátt fyrir mikla verðbólgu og hátt vaxtastig. Nefndin taldi einn helsta áhættuþátt fjármálastöðugleika nú vera netöryggi en einnig taldi hún að áhætta tengd skuldum fyrirtækja og atvinnuhúsnæðismarkaði hefði aukist. Flest benti til að spennan í hagkerfinu myndi hjaðna hægt en örugglega. Þá taldi nefndin að áhætta tengd íbúðamarkaði hefði minnkað en hafði nokkrar áhyggjur af skuldum heimila. Ör hækkun fjármagnskostnaðar gæti skapað áraun á fjárhag skuldsettra heimila þegar fram í sækta þótt viðnámsþróttur þeirra væri mikill á heildina litið. Þá hefðu verri fjármálastöðugleika einnig þrengt að fyrirtækjum. Fjármálastöðugleikanefnd taldi rétt að brýna fyrir lánveitendum að huga tímanlega að þyngri greiðsluþyrði lántakenda til þess að fyrirbyggja greiðsluferfiðleika og breyta lánaskilmálum ef þörf krefði til að létta undir.

Viðnámsþróttur bankakerfisins

Fjármálakerfið hér á landi stendur traustum fótum. Eiginfjár- og lausafjárstaða kerfislega mikilvægra banka (KMB) er sterk. Bankarnir hafa með skuldabréfaútgáfu á síðustu mánuðum dregið úr endurfjármögnunaráhættu í erlendum gjaldmiðlum. Útgáfa erlendra markaðsskuldabréfa var meginástæða fyrir hækkun lausafjárhlutfalls milli funda en laust fé bankanna umfram lágmark var 334 ma.kr. í lok júlí og lausafjárhlutfall KMB í öllum gjaldmiðlum 204%. Hafði hlutfallið hækkað um 22 prósentur milli funda og var vel umfram kröfu Seðlabankans um 100% lausafjárhlutfall. Lausafjárhlutfall fyrir erlenda gjaldmiðla samtals var 429% og hlutfallið fyrir íslenskar krónur var 114% í júlí. Nefndin fékk einnig kynningu á lausafjárálagsprófi á viðskiptabankana en samkvæmt því er viðnámsþróttur þeirra mikill. Viðskiptabankarnir eru að mestu leyti fjármagnaðir með innlánnum og sértryggðum og ótryggðum markaðsskuldabréfum. Á öðrum fjórðungi 2023 jukust innlán um 5% milli fjórðunga eða um 135 ma.kr. og nema þau um helmingi af fjármögnun bankanna. Innlán einstaklinga jukust mest en einnig var nokkur aukning í innlánnum stórra fyrirtækja en samdráttur varð í innlánnum lífeyrissjóða og hjá viðskiptavinum á fjármálamarkaði. Bankarnir fjármagna sig í íslenskum krónum fyrst og fremst með innlánnum.

Vaxtaálag á erlendar skuldabréfaútgáfu KMB hafði lækkað talsvert frá júnifundinum og var svipað og við upphaf farsóttarinnar. Þar með höfðu gengið til baka miklar hækkunir vaxtaálagsins sem urðu undir lok síðasta árs og svo aftur í mars sl. í kjölfar óvissu á mörkuðum í tengslum við rekstrarvanda banka í Bandaríkjunum og Evrópu. KMB höfðu allir gefið út óveðtryggð skuldabréf í evrum frá síðasta fundi til að endurfjármagna komandi gjalddaga í evrum. Endurfjármögnunaráhætta bankanna hafði því minnkað milli funda og kom fram að þeir ættu nægt laust fé í erlendum gjaldmiðlum til að standa skil á öllum afborgunum sem gjaldfalla í ár og á næsta ári án þess að brjóta lausafjárreglur. Skuldabréfaútgáfa innanlands hefur verið takmörkuð og aðallega verið í formi sértryggðrar skuldabréfaútgáfu. Á fyrri helmingi ársins var hún meiri en aukning hreinna nýrra útlána til heimila.

Vaxtatekjur KMB halda áfram að aukast, einkum vegna stærri efnahagsreiknings og aukinnar ávöxtunar lausafjár. Hærra vaxtastig, útlánavöxtur og mjög lítil virðisrýrnun hafa síðustu misseri styrkt afkomu þeirra. Vaxtamunur bankanna hefur aukist einkum vegna aukinna vaxtatekna af lausafjáreignum, þ.e. af innlánnum í Seðlabankanum og ríkisskuldabréfum. Arðsemi eigin fjár nam 12% á fyrri helmingi ársins samanborið við 10% á sama tíma árið 2022 en þá var hún að hluta til litið af sölu Arion banka á Valitor. Eiginfjárhlutfall KMB var 24,2% í lok júní og hækkaði um 0,5 prósentur frá áramótum. Að teknu tilliti til þegar ákveðinnar hækkunar sveiflujöfnunaraukans í 2,5% og arðgreiðslna á næsta ári eru eiginfjárhlutföll KMB á bilinu 3,5-5,2% yfir þeirri heildareiginfjárkröfu sem gerð er til þeirra. Þá var vogunarhlutfall KMB 12,9% í lok annars fjórðungs, óbreytt frá upphafi ársins. Lágmarkskrafa skilavalds Seðlabanka Íslands um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægu banka þrjá (svokölluð

MREL-krafa) var í lok júní sl. á bilinu 30,5% til 32,4% af áhættugrunni. Á sama tíma var MREL-fjármögnun þeirra á bilinu 35,5% til 42% af áhættugrunni.

Vanskil heimila mælast enn lítil og var vanskilahlutfallið 0,8% í lok júní. Lítilsháttar aukningu má þó merkja í frystum útlánum KMB til heimila á síðustu mánuðum sem m.a. má rekja til þess að einstaklingar nýta sér í meira mæli svigrúm sem bankarnir bjóða upp á til að fresta greiðslum (t.d. vegna fæðingarorlofs). Vanskilahlutfall fyrirtækjalána KMB hækkaði lítillega á öðrum fjórðungi og mældist 2,3%. Hlutfallið lækkaði í öllum atvinnugreinum nema hjá fyrirtækjum í landbúnaði/fiskveiðum, framleiðslu og gisti- og veitingarekstri þar sem það hækkaði lítillega. Staða flestra lántaka sem þurftu á stuðningsaðgerðum að halda í faraldrinum hefur batnað mikið og dregið hefur úr gjaldfærðri virðisryrningun á útlánum til ferðaþjónustu. Hlutfall útlána sem skilgreind eru með ívilnun og í skilum var 3,8% í lok júní sl. og lækkaði hlutfallið um helming á fyrri hluta ársins.

Niðurstöður árlegs álagsprófs Seðlabankans á kerfislega mikilvæga banka sýndu sterka stöðu þeirra, getu til að bregðast við ytri áföllum og að miðla á sama tíma lánsfé til heimila og fyrirtækja.

Skuldir heimila og fyrirtækja

Í lok júlí höfðu skuldir heimila vaxið um 6,8% milli ára og var því raunvöxtur þeirra neikvæður um 0,8%. Dregið hefur úr vexti nýrra íbúðalána bankanna en lánveitingar lífeyrissjóða hafa aukist lítillega. Ásókn heimila í verðtryggð íbúðalán hefur aukist og hlutdeild verðtryggðra íbúðalána af útistandandi íbúðalánum hafði hækkað í 47,4% í lok júlí úr 44,3% í lok árs 2022. Hlutfall skulda heimila af landsframleiðslu hafði lækkað á öðrum ársfjórðungi í 75,6%. Hlutfall þeirra af ráðstöfunartekjum hafði einnig lækkað og var komið niður í 150,6%. Voru bæði hlutföllin lág í sögulegum samanburði og lægri en t.d. á Norðurlöndunum.

Hækkun vaxta hafði þyngt greiðslubyrði, einkum þeirra sem tekið höfðu óverðtryggð lán á breytilegum nafnvöxtum. Fastir nafnvextir lána sem varið hafa hluta lántakenda íbúðalána fyrir aukinni greiðslubyrði eru að renna sitt skeið. Upphæð lána á vaxtaendurskoðun á síðustu fimm mánuðum ársins nemur 53 ma.kr. og fer vaxandi fram á fyrri árshelming 2025. Viðnámspróttur heimila virðist þó góður. Vanskil voru enn lítil og höfðu ekki aukist mikið frá síðasta fundi. Þá hafði lánnum með ívilnun ekki fjölgað. Atvinnuleysi var lítið og kaupmáttur mikill. Vísbendingar voru um að heimilin væru farin að draga úr neyslu og ganga á sparnað. Vísbendingar eru um að mörg heimili hafi leitað í þau úrræði sem standa til boða til að létta greiðslubyrði af lánnum og sýna tölur um hreinar nýjar lánveitingar að heimilin séu í vaxandi mæli að endurfjármagna óverðtryggð lán með verðtryggðum lánnum til að létta greiðslubyrði sína. Greining á dreifingu greiðslubyrðarhlutfalls íbúðalána bendir til þess að áhætta vegna greiðslubyrðar fari vaxandi. Í júlí hafði mánaðarleg greiðslubyrði 12,6% lántaka hækkað um meira en 100 þúsund krónur á mánuði frá lántöku í samanburði við 4,5% í upphafi árs. Launahækkningar hafa þó vegið á móti.

Ársvöxtur skulda fyrirtækja reyndist hafa verið töluverður á nýliðnu tímabili og mældist 10% í lok annars fjórðungs að nafnvirði og hafði ekki mælst jafn mikill frá árinu 2019. Vöxturinn jókst lítið eitt milli fjórðunga og hækkaði hlutfall skulda á móti landsframleiðslu í 77,5% sem er engu að síður lágt í sögulegu samhengi. Skuldir fyrirtækja við innlenda banka höfðu farið vaxandi að raunvirði en á móti höfðu skuldabréfaútgáfur dregist saman. Útlánavöxtur bankanna var einna mestur til byggingageirans sem skýrist bæði af nýjum lánveitingum og af minni uppgreiðslum vegna hægari sölu nýbygginga. Eftirspurn fyrirtækja eftir lánsfé hafði því verið umtalsverð á síðustu misserum fyrir fund nefndarinnar þrátt fyrir hækkingu vaxtastig en fyrstu merki voru þó um samdrátt í eftirspurn. Svör viðskiptabankanna fjögurra í útlánakönnun Seðlabanka Íslands í ágúst bentu til þess að dregið hefði úr framboði á lánsfé til fyrirtækja. Verðtryggð lán höfðu verið áberandi í nýjum útlánum til fyrirtækja á síðustu mánuðum.

Þessi þróun skýrist þó að stórum hluta af fáum stórum lánnum til fasteignafélaga og fyrirtækja í byggingageira. Vaxtahækkunar höfðu haft mikil áhrif á greiðslubyrði fyrirtækja, en meirihluti skulda fyrirtækja var óverðtryggður og bar breytilega vexti. Þá höfðu kostnaðarhækkunar vegna launaþróunar og hækkunar aðfangaverðs haft neikvæð áhrif á fyrirtæki.

Vanskil fyrirtækja höfðu aukist um 0,1 prósentu milli fjórðunga og var vanskilahlutfall fyrirtækjalána KMB 2,2% í lok annars ársfjórðungs. Hlutfallið var hæst meðal fyrirtækja í gisti- og veitingarekstri, eða 6%.

Eignaverð

Draga fór úr umsvifum á íbúðamarkaði um mitt ár 2022. Velta á markaðnum hafði minnkað og kaupsamningum fækkað um fimmtung á fyrstu sjö mánuðum þessa árs miðað við sama tíma í fyrra og höfðu þeir ekki verið jafn fáir á fyrstu sjö mánuðum ársins síðan árið 2014. Íbúðum á sölu hafði fjölgað og framboð nýbygginga aukist verulega. Meðalsölutími íbúða hafði lengst enn frekar frá júnifundi nefndarinnar. Hlutfall nýbygginga í kaupsamningum hafði lækkað nokkuð á þriðja ársfjórðungi frá sama tíma í fyrra. Þá hafði hlutfall fyrstu kaupenda hækkað í 32% og ekki verið jafn hátt í tvö ár. Árshækkun íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu mældist 0,8% að nafnvirði í júlí og lækkaði verð því um 6,3% að raunvirði. Hlutfall húsnæðisverðs og ákvarðandi þátta, svo sem ráðstöfunartekna, byggingarkostnaðar og leiguverðs, hafði lækkað frá því að það náði toppi á síðasta ári en þrátt fyrir það mældist það enn hátt í sögulegu samhengi. Fram kom að spá HMS gerði ráð fyrir að 2850 nýjar íbúðir yrðu byggðar í ár og á næsta ári, sem er svipaður fjöldi og 2022, en að úr nýframkvæmdum drægi árið 2025. Ljóst væri að dregið hefði úr spennu á fasteignamarkaði og að gera mætti ráð fyrir að raunverð lækkaði áfram á næstu misserum en vegna mikillar eftirspurnar og góðrar stöðu heimila væri að öðru óbreyttu ekki hætta á verulegri lækkun nafnverðs íbúðarhúsnæðis. Starfsfólki í byggingariðnaði hafði fjölgað mikið á nýliðnu tímabili og var hlutfall lausra starfa í greininni enn hátt á öðrum ársfjórðungi. Þá höfðu skuldir byggingageirans aukist um 70 ma.kr. í lok júlí frá fyrra ári. Hægari sala nýbyggðra íbúða hafði valdið því að framkvæmdalán væru greidd hægar niður en áður.

Velta í þinglýstum viðskiptum með atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu hefur dregist talsvert saman frá því í fyrra þegar hún var með mesta móti. Heldur hægði á árshækkun vísitölu raunverðs atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu á öðrum fjórðungi og mældist hún 4,1%. Vísitalan var þó í sögulegu hágildi og mældist rúmlega 15% yfir metinni langtímaleitni. Áfram er hægur vöxtur í stofni fullgerðs atvinnuhúsnæðis sem stækkaði um 1% á fyrstu sjö mánuðum þessa árs eftir 1,6% vöxt árið 2022. Nokkur aukning hefur þó verið á atvinnuhúsnæði í byggingu. Rekstur stóru atvinnuhúsnæðisfélaganna gekk vel á fyrri hluta ársins. Leigutekjur hafa aukist að raunvirði og ávöxtun fjárfestingareigna batnað. Félögin færðu upp virði fjárfestingareigna sinna á tímabilinu, sérstaklega á öðrum ársfjórðungi, sem vó þungt í jákvæðri afkomu þeirra á tímabilinu. Fjármagnskostnaður félaganna, sem er að stórum hluta verðbætur verðtryggðra lána, hafði aftur á móti aukist milli ára.

Hlutabréfaverð skráðra félaga hafði lækkað milli funda nefndarinnar og var vísitala aðallista um 7% lægri en fyrir árið á undan. Ávöxtunarkrafa stuttra og langra óverðtryggðra ríkisbréfa hafði hækkað frá síðasta fundi nefndarinnar í takt við hækkandi stýrivexti og hafði verðbólguálag á innlendum skuldaþréfamarkaði lækkað.

Gengi krónunnar og gjaldeyrisforði

Gengi krónunnar hafði styrkst frá fundi nefndarinnar í júní og alls um 5% frá áramótum. Velta á milli-bankamarkaði hafði minnkað nokkuð og framvirk staða með krónuna hækkað sem benti til væntinga um að gengi krónu myndi styrkjast yfir sumarið, m.a. í tengslum við gott gengi í ferðaþjónustu og kaup erlends fyrirtækis á íslenska líftækniyrirtækinu Kerecis fyrir 175 ma.kr. (4,3% af VLF). Þá minnkaði halli

á viðskiptum við útlönd í 0,2% af landsframleiðslu á fyrri helmingi ársins en hann var á sama tíma í fyrra 4,1%. Viðsnúning á milli ára mátti fyrst og fremst rekja til aukinna hreinna þáttatekna vegna breytinga á afkomu innlendra félaga í eigu alþjóðlegra fyrirtækja í lyfjaiðnaði og álframleiðslu. Þá námu kaup lífeyrissjóða á gjaldeyri 68 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins. Samanlagður gjaldeyrisjöfnuður KMB hækkað milli funda og var jákvæður, þ.e. bankarnir áttu meira af eignum í erlendum gjaldmiðlum en þeir skulduðu.

Gjaldeyrisforðinn hafði minnkað frá síðasta fundi nefndarinnar einkum vegna styrkingar krónunnar. Hlutfall gjaldeyrisforða og samsetts forðaviðmiðs Alþjóðagjaldeyrisjóðsins mældist 113% í lok annars fjórðungs en hafði verið 124% í lok síðasta árs. Forðinn svaraði til 139% af skammtímaskuldum og 19% af landsframleiðslu.

Fjármálasveiflan og sveiflutengd kerfisáhætta

Sveiflutengda kerfisáhættu má nálgast með margvíslegum hætti og styðst nefndin við fleiri en einn mælikvarða á hana. Samsettur mælikvarði á fjármálasveiflur gaf til kynna að enn hefði verið fjármálaleg uppsveifla á öðrum ársfjórðungi 2023 og sýndu allir undirþættir mælikvarðans einnig uppsveiflu. Undanfarið hefur þó borið á misræmi milli mats á sveiflunni og hagþróunar. Þannig hefur raunverð íbúða fallið fjóra fjórðunga í röð, skuldir heimila sem hlutfall af landsframleiðslu lækkað um 22 prósentur frá árslokum 2020 til annars ársfjórðungs 2023 og raunvirði skulda einkageirans staðið í stað. Þetta gæti bent til þess að fjármálasveiflan sé að snúast eða að minnsta kosti að hún sé hætt að hækka.

Lækkun hafði mælst á fjármálaskilyrðavísi mánuðina á undan einkum vegna hækkunar vaxta, minni umsvifa á fasteignamarkaði og lægra gengis krónu. Hann benti þó ekki til að fjármálaleg skilyrði væru óvenju þröng í sögulegu samhengi. Vísirinn er næmur fyrir meðhöndlun vaxtamunar langra og stuttra ríkisbréfa. Ný útgáfa af vísinum var kynnt sem sýndi að fjármálaskilyrði hefðu þróast frá því að vera tiltölulega slök og þensluhvetjandi um mitt síðasta ár, yfir í að vera þau þröngustu í ríflega áratug um mitt þetta ár.

Fjármálasveiflan er einn mælikvarði sem nefndin lítur til en annar mælikvarði er samsettur vísir fyrir sveiflutengda kerfisáhættu (d-SRI). Hann gaf til kynna að sveiflutengd kerfisáhætta hefði minnkað samfleytt í hálf tveimur árum. Meirihluti hækkunarinnar sem varð 2019 til ársloka 2021 hafði gengið til baka og mældist vísirinn því svipaður og hann var í árslok 2020. Á móti kom aukin greiðslubyrði heimila í hlutfalli við ráðstöfunartekjur og verðvísitala íbúðarhúsnæðis, sem mældist enn há í hlutfalli við launavísitölu. Tekið saman gáfu vísar um sveiflutengda kerfisáhættu til kynna að hún væri hófleg um þessar mundir og að kerfisáhætta væri farin að minnka.

Netöryggi

Nefndin fékk kynningu á netöryggismálum. Spár alþjóðlegra stofnana gera ráð fyrir að rekstraráhætta muni aukast á næstu árum, sérstaklega í tengslum við netógnir og miðlun greiðslna. Seðlabankinn hefur í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti hafið vinnu við úrbætur sem varða netöryggi og rekstrarlegan viðnámsþrótt fjármálakerfisins. Víða á Norðurlöndum hefur löggjöf um rekstraröryggi og viðbúnað greiðslumiðlunar verið styrkt. Nefndin taldi mikilvægt að undirbúa sambærilegar breytingar á lögum hér á landi.

Nefndin taldi nauðsynlegt að halda áfram að styrkja net- og rekstraröryggi fjármálafyrirtækja og að auka viðnámsþrótt greiðslumiðlunar hér á landi.

Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar

Sveiflujöfnunaraukinn

Megintilgangur sveiflujöfnunaraukans er að auka viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja gagnvart sveiflutengdri kerfisáhættu og veita þeim þannig svigrúm til þess að mæta tapi og viðhalda lánsfjárframboði á álagstímum. Í lögum er kveðið á um að aukinn skuli nema á bilinu 0 til 2,5%. Sveiflujöfnunaraukinn megi þó vera hærri ef áhættuþættir sem liggja til grundvallar mati fjármálastöðugleikanefndar gefa tilefni til.

Hert lánþegaskilyrði og hækkun sveiflujöfnunaraukans hafa aukið viðnámsþrótt fjármálakerfisins gagnvart leiðréttingum á íbúðamarkaði og þrengri fjármálaskilyrðum. Nefndin ræddi um möguleika þeirra heimila sem ráða ekki við greiðslubyrði af húsnæðislánum. Flest heimili hafa töluvert rými til að lækka greiðslubyrði sína, t.d. með því að lengja í lánum, endurfjármagna viðbótarlán, nýta jafngreiðsluform eða endurfjármagna óverðtryggð lán með verðtryggðum. Undanþágur í lögum um fasteignalán, reglum um hámark veðsetningar og hámark greiðslubyrðar gera það að verkum að lánþegaskilyrði hafa ekki áhrif á möguleika heimila til að skuldbreyta eða endurfjármagna lán sín. Nefndin fjallaði jafnframt um möguleg áhrif endurskipulagningar skulda heimila á eiginfjákröfur banka og að fjöldi lána með ívilnun gæti aukist einkum ef efnahagshorfur versnuðu umfram það sem nú væri gert ráð fyrir og atvinnuleysi ykist meira en búist væri við. Hækkun aukans í mars sl. upp í 2,5% skapaði enn frekara svigrúm til að lækka hann seinna kæmi til efnahagssamdráttar sem valdið gæti skerðingu á lánsfjárframboði.

Greiningar á stöðu sveiflutengdrar kerfisáhættu bentu til þess að hún væri hófleg um þessar mundir og að kerfisáhætta færi minnkandi einkum þar sem vöxtur skulda einkageirans hefði ekki haldið í við landsframleiðslu. Eiginfjárlutföll KMB væru afar rúm og vanskil útlána væru lítil. Staða bankanna væri traust, lausfjárlutföll rúm og þeir hefðu nýlukið við endurfjármögnun í erlendum gjaldmiðlum og því hefði endurfjármögnunaráhætta minnkað. Að lokinni umræðu bar seðlabankastjóri upp tillögu um að halda gildi sveiflujöfnunaraukans óbreyttu í 2,5% og var hún samþykkt samhljóða.

Kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki

Fjármálastöðugleikanefnd endurskoðar einu sinni á ári mat á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum og eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis. Aðferðafræði Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) við mat á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum var kynnt fyrir nefndinni og mun hún taka ákvörðun um hvaða fjármálafyrirtæki teljast kerfislega mikilvæg og um eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis á fundi sínum í desember 2023.

Fjármálainnviðir

Eitt af lögbundnum markmiðum Seðlabanka Íslands er að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Nefndin fékk kynningu á stöðu innleiðingar á innlendri óháðri smágreiðslulausn sem mun auka öryggi innlendrar greiðslumiðlunar til muna. Annarsvegar vinnur Framtíðarvettvangur Seðlabankans að því að greina og gera tillögu um hvaða tæknilegu lausn skuli velja við að koma á óháðri greiðslumiðlun. Hins vegar fer fram vinna á vegum stjórnvalda um að gera breytingu á lögum um Seðlabankann sem miðar að því að styrkja reglusetningarheimild bankans um greiðslumiðlun og fjármálainnviði. Þá fékk nefndin einnig kynningu á reiðufé en notkun reiðufjár á sölustöðum fer sífellt minnkandi og var rætt um að söluaðilum hér á landi væri ekki skylt að taka við seðlum og mynt.

Nefndin telur að þau skref sem hafa verið stigin í átt að innlendri óháðri smágreiðslulausn séu jákvæð út frá öryggis- og hagkvæmnissjónarmiðum og tekur undir tillögur stjórnvalda um að treysta heimildir Seðlabankans á þessu sviði.

Í lok fundarins samþykkti nefndin yfirlýsingu til birtingar að morgni 20. september 2023.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika

Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu

Björk Sigurgísladóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits

Axel Hall, utanaðkomandi nefndarmaður

Bryndís Ásbjarnardóttir, utanaðkomandi nefndarmaður

Guðmundur Kr. Tómasson, utanaðkomandi nefndarmaður

Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sat hluta fundarins með mál-
frelsi og tillögurétt.

Haukur C. Benediktsson, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, Eggert Þ. Þórarinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs og Vigdís Ósk Helgadóttir, forstöðumaður á fjármálastöðugleikasviði sátu allan fund nefndarinnar. Auk þess sátu nokkrir aðrir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Rósa Björk Sveinsdóttir ritaði fundargerð.



FUNDARGERÐ

FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKANEFND



2023

Desember
19. fundur
Birt 3. janúar 2024

Fundargerð fjármálastöðugleikanefndar Seðlabanka Íslands

Desember 2023 (19. fundur)

Birt: 3. janúar 2024

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands tekur ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans varðandi fjármálastöðugleika. Í fjármálastöðugleika felst að fjármálakerfið geti staðist áföll í efnahagslífi og á fjármálamörkuðum, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti. Nefndinni er falið að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, skilgreina nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja fjármálastöðugleika og að ákveða hvaða aðilar, innviðir eða markaðir teljist kerfislega mikilvægir. Fjármálastöðugleikanefnd getur beint ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til um nauðsynlegar aðgerðir til að efla og varðveita fjármálastöðugleika. Nefndin birtir opinberlega fundargerðir af fundum sínum að jafnaði innan fjögurra vikna, þar sem fram koma upplýsingar um ákvarðanir nefndarinnar, forsendur þeirra og mat á fjármálastöðugleika.

Á fundum nefndarinnar 20. og 28. nóvember og 4.-5. desember 2023 voru fluttar kynningar um þróun og horfur í efnahagsmálum, stöðu fjármálakerfisins og innviða greiðslumiðlunar. Nefndin ræddi stöðu og horfur fyrir fjármálastöðugleika og helstu áhættuþætti, svo sem þróun efnahagsmála og áhrif jarðhræringa á Reykjanesskaga á fjármálakerfið og efnahagslíf, áhættu í rekstri fjármálafyrirtækja og fjármálakerfisins, þróun á innlendum fjármálamörkuðum, skuldsetningu heimila og fyrirtækja, stöðu á fasteignamarkaði, virkni lánþegaskilyrða, eiginfjárstöðu fjármálafyrirtækja og fjármálasveifluna. Jafnframt ræddi nefndin um öryggi, hagkvæmni og skilvirkni fjármálainnviða og mikilvægi þeirra fyrir stöðugleika fjármálakerfisins. Nefndin fékk upplýsingar um fjárfestingastefnu lífeyrissjóða, eignasamsetningu og ávöxtun auk kynningar um áhrif sjóðanna á fjármálastöðugleika. Þá var vinna bankans við forsendur álagsprófa fyrir árið 2024 kynnt fyrir nefndinni. Nefndin fékk kynningu á niðurstöðu könnunar- og matsferlis (e. SREP) sem viðskiptabankarnir fóru í gegnum á árinu 2023 en út frá því er metin eiginfjárfkrafa sem lögð er á þá undir stoð II-R. Þá fékk nefndin upplýsingar um málefni skilavalds og breytingar á lögum þeim tengdum.

Í ársfjórðungslegu endurmati ákvað fjármálastöðugleikanefnd að halda gildi sveiflujöfnunaraukans óbreyttu en samkvæmt ákvörðun nefndarinnar í mars sl. mun hann hækka úr 2% í 2,5% frá og með 16. mars 2024.

Fjármálastöðugleikanefnd styður framgang frumvarps um aukið rekstraröryggi í greiðslumiðlun sem lagt hefur verið fram í samráðsgátt stjórnvalda. Nefndin telur mikilvægt að huga heildstætt að viðnámsþróttu greiðslumiðlunar, koma sem fyrst á óháðri innlendra greiðslumiðlun, styrkja net- og rekstraröryggi fjármálafyrirtækja og treysta rekstrarsamfellu.

Þá lauk nefndin árlegu endurmati á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum og eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis. Nefndin staðfesti kerfislegt mikilvægi Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans. Einnig var ákveðið að halda eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis óbreyttum í 2% á allar áhættuskuldbindingar.

Greining á fjármálastöðugleika

Hagvöxtur í viðskiptalöndunum hafði gefið eftir og verðbólga hafði minnkað. Undirliggjandi verðbólga hafði hins vegar víða hjaðnað hægt og því var búist við að vextir yrðu háir lengur en áður var talið. Áhætta tengd fjármálastöðugleika á alþjóðavísu sem hafði aukist á árinu 2023 var enn talin mikil og áhrif hærri vaxta höfðu m.a. komið fram í aukinni lausafjár- og útlánaáhættu fjármálafyrirtækja. Vaxtaálag á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hafði hækkað lítillega eftir mikla lækkun í sumar. Hækkunin virtist einkum stafa af stríðsátökum og óvissu um alþjóðlegar efnahagshorfur sem gæti dregið úr viðnámsþrotti heimila og fyrirtækja og haft neikvæð áhrif á gæði eigna banka. Arðsemi banka beggja vegna Atlantsála hafði á hinn bóginn verið með ágætum og því var viðnámsþrottur þeirra enn sem komið er almennt talinn góður gagnvart því útlánatapi sem mögulega gæti orðið.

Nefndin var sammála um að á heildina litið væri staða fjármálastöðugleika góð hér á landi, þrátt fyrir mikla verðbólgu og hátt vaxtastig. Spennan í hagkerfinu væri líkleg til að hjaðna hægt en örugglega. Hægt hefði á hagvexti á þriðja ársfjórðungi og einkaneysla dregist saman um liðlega 2% milli fjórðunga. Nefndin taldi að hátt vaxtastig til lengri tíma gæti haft neikvæð áhrif á eignagæði í bankakerfinu en sú áhætta væri takmörkuð enn sem komið væri og miðað við líklegustu horfur fram á við. Helstu áhættuþætti fjármálastöðuleika taldi nefndin vera netáhættu og áhættu tengda íbúða- og atvinnuhúsnæðismarkaði. Nefndin var sammála um að lánþegaskilyrðin hefðu varðveitt greiðslugetu heimila og stuðlað að því að staða flestra heimila væri viðráðanleg. Vanskil væru lítil og hefðu aukist óverulega þrátt fyrir aukna verðbólgu, hækkun vaxta og þyngri greiðslubyrði.

Viðnámsþrottur bankakerfisins

Að mati nefndarinnar er viðnámsþrottur kerfislega mikilvægu bankanna (KMB) mikill. Eiginfjár- og lausafjárstaða þeirra var vel yfir lögbundnum mörkum. Lausafjárstaða bankanna hafði lækkað milli funda nefndarinnar vegna gjalddaga á erlendum skuldabréfum og var laust fé þeirra umfram lágmark tæplega 326 ma.kr. í lok október. Lausafjárhlutfall þeirra í öllum gjaldmiðlum var 176% sem er vel yfir 100% lágmarki lausafjárreglna Seðlabankans. Vaxtaálag á erlendar útgáfur lækkaði mikið í sumar en tók að hækka á ný í október samhliða hækkunum á álagi á alþjóðamörkuðum. Í september voru kjör á óveðtryggðum skuldabréfaútgáfum KMB í evrum þó betri en í maí. Á fundinum kom fram að engar afborganir væru af erlendum skuldabréfum bankanna það sem eftir lifði árs en að jafnvirði um 120 milljarða króna væri á gjalddaga árið 2024. KMB ættu nægar lausar eignir til að mæta gjalddögum næsta árs í íslenskum krónum og erlendum gjaldeyri án þess að brjóta lausafjárhlutföll. Þeir gætu því þolað töluvert útflæði lausafjár. Á árinu höfðu innlán aukist um 9%, eða 229 ma.kr., en innlán nema um helmingi af fjármögnun bankanna en markaðsskuldabréf um 30%.

Rekstur KMB gekk vel á fyrstu níu mánuðum ársins og skiluðu þeir 60 ma.kr. hagnaði samanlagt. Arðsemi eiginfjár var 11,8%, sem er um 1,4 prósentum meiri arðsemi en á sama tíma í fyrra. Hreinar vaxta- tekjur voru 113 ma.kr. og jukust um fimmtung milli ára. Þóknunartekjur og hreinar tekjur af fjármála- starfsemi jukust einnig á milli ára á fyrstu níu mánuðum ársins en aðrar rekstrartekjur voru óbreyttar milli ára. Á sama tíma jókst einnig rekstrarkostnaður þeirra. Eiginfjárhlutfall KMB var á bilinu 23,7%-24,3% í lok september eða 3,2-4,1 prósentum yfir lágmarkskröfum Seðlabankans að teknu tilliti til arðgreiðslna næsta árs og fyrirhugaðrar hækkunar sveiflufjöfnunaraukans í mars nk. Í lok þriðja árs- fjórðungs voru vogunarhlutföll KMB á bilinu 11,8% til 13,5% en 12,7% fyrir þá í heild. Lágmarkskrafa skilavalds Seðlabanka Íslands um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægu banka þjá (svokölluð MREL-krafa) var í lok september sl. á bilinu 29,4% til 31% af áhættugrunni. MREL fjármögnun bankanna var á bilinu 37,8% til 41,8% af áhættugrunni.

Vanskilahlutfall heimila var 0,8% í lok september og fyrirtækja 2,4% sem er 0,1 prósentu hækkun frá síðustu áramótum á báðum hlutföllum.¹ Hæst var vanskilahlutfall fyrirtækja í gisti- og veitingarekstri en það hafði haldið áfram að lækka frá síðasti fundi nefndarinnar. Hlutfall útlána fyrirtækja sem skilgreind eru með ívilnun og í skilum var 3,2% í lok september sl. miðað 7,3% um síðustu áramót. Staða fyrirtækja sem þurftu á ívilnun að halda vegna faraldursins hafði því styrkst undanfarna mánuði. Á móti hefur mikil verðbólga og hækkandi vaxtastig þyngt greiðslubyrði lána hjá flestum lántakendum. Hækkandi vaxtastig og aukinn fjármagnskostnaður hafa almennt neikvæð áhrif á útlánagæði.

Skuldir heimila og fyrirtækja

Nafnvöxtur skulda heimila hefur gefið eftir frá árinu 2021 og var 12 mánaða vöxturinn 5,8% í lok þriðja fjórðungs. Skuldir heimila drógust saman að raunvirði á fjórðungnum og var raunvöxtur neikvæður um 2,1% í september m.v. sama tíma í fyrra. Hækkun skulda heimila í heimsfaraldrinum sem hlutfall af vergri landsframleiðslu og af ráðstöfunartekjum hafði gengið nær alfarið til baka. Nýjar lánveitingar til heimila höfðu þó aukist á síðustu mánuðum en voru enn nokkuð undir langtímameðaltali. Heimilin höfðu í vaxandi mæli endurfjármagnað óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum með nýjum verðtryggðum lánnum. Hlutdeild verðtryggðra lána af útistandandi íbúðalánnum hækkaði því og var 49,3% í lok október, samanborið við 43,8% í byrjun árs. Hækkun launa og viðleitni heimila til að takmarka hækkun greiðslubyrði þrátt fyrir hærri vexti hafði leitt til þess að hlutfall heimila með greiðslubyrðarhlutfall umfram 35% hafði staðið nær óbreytt frá síðasta sumri og aðeins aukist lítillega frá áramótum, þ.e. úr 10% í 13,3% heimila í lok október að teknu tilliti til áætlunar um launaþróun.

Í október hafði kaupmáttur launa aukist um 2,8% frá fyrra ári og fáar vísbendingar voru um aukinn greiðsluvanda hjá heimilum þótt merki væru um að farið væri að reyna á viðnámsþrótt þeirra í vissum tilvikum. Einkaneysla dróst saman um 1,7% frá fyrra ári á þriðja ársfjórðungi og árstíðaleiðrétt atvinnuleysi hafði aukist. Vanskil og aðrar vanefndir heimila höfðu aukist lítillega frá áramótum en voru lítil í sögulegu samhengi. Rætt var um þróun yfirdráttarlána heimila og minnt á að tölur um yfirdráttarlán innlánsstofnana næðu einnig yfir greiðslukortaskuldir, þar með talið útistandandi stöðu kreditkorta í lok hvers mánaðar. Yfirdráttarlán skv. hagtölum hreyfast því mjög í takt við þróun kortaveltu og einkaneyslu, sem torveldar túlkun gagnanna. Fram kom að yfirdráttarlán heimila á innlánsreikningum samkvæmt vaxtakjaragögnum Seðlabankans sýndu að þau hefðu lækkað að raunvirði í ár.

Tólf mánaða raunvöxtur skulda fyrirtækja mældist neikvæður um 1,1% í lok þriðja ársfjórðungs. Skuldir fyrirtækja voru 76,8% af landsframleiðslu og höfðu ekki mælst lægri síðan 1998. Dregið hafði úr nýjum lánveitingum og höfðu útlán KMB til fyrirtækja dregist saman að nafnvirði frá síðasta fundi nefndarinnar. Eftirspurn eftir verðtryggðum lánnum hafði heldur aukist á meðal fyrirtækja, einkum fyrirtækja í byggingageira og fasteignafélaga. Útgáfur fyrirtækjaskuldabréfa höfðu heldur dregist saman frá fyrra ári en útlán sérhæfðra sjóða til fyrirtækja höfðu vaxið hóflega. Niðurstöður útlánakönnunar Seðlabankans gáfu til kynna að frekari samdráttar í eftirspurn fyrirtækja eftir lánsfé væri að vænta á næstu mánuðum. Gjaldþrotum fyrirtækja hafði fjölgað á árinu og höfðu náð sambærilegum fjölda og fyrir heimsfaraldurinn en á sama tíma hafði nýskráðum fyrirtækjum einnig fjölgað.

Eignaverð

Kaupsamningum hafði fækkað lítillega milli ára á þriðja ársfjórðungi en fjölgað á milli fjórðunga. Nokkrar breytingar höfðu orðið á samsetningu seldra eigna og kaupendahóps. Þannig hafði hlutfall nýbygginga í kaupsamningum lækkað frá síðasta ári og hlutfall fyrstu kaupenda hækkað í 32,5% á þriðja fjórðungi og ekki mælst jafn hátt í tvö ár. Frá því að reglugerð um hlutdeildarlán var breytt í byrjun júlí

¹Vanskilahlutfall reiknað skv. EBA staðli (e. non-performing loans ratio).

hafði slíkum lánnum fjölgað. Á tímabilinu ágúst til október voru um 30 hlutdeildarlán veitt í hverjum mánuði sem var þó aðeins lítill hluti af heildarveltu á fasteignamarkaði en tæplega 1000 kaupsamningar eru gerðir mánaðarlega. Þrátt fyrir að fjöldi íbúða til sölu hafi áfram aukist hafði fasteignaverð haldið áfram að hækka. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hafði að meðaltali hækkað um 1% á milli mánaða í ágúst til október. Árshækkun íbúðaverðs mældist 2,9% að nafnvirði en var neikvæð um 4,6% að raunvirði í október sl. Íbúðaverð mælist enn hátt í hlutfalli við ákvarðandi þætti svo sem laun og leiguverð. Frávik vísitölu íbúðaverðs frá metinni langtímaleitni var 7,4% í október.

Verðvísitala raunverðs atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 4% á þriðja ársfjórðungi og mældist árshækkun hennar 7,7% við lok fjórðungsins sem er 17% yfir metinni langtímaleitni. Velta í þinglýstum viðskiptum með atvinnuhúsnæði hefur dregist mikið saman frá síðasta ári en hún var mjög mikil í sögulegu samhengi í fyrra.

Áfram virðast umsvif vera mikil á byggingamarkaði og útlit fyrir að fleiri nýjar íbúðir komi inn á markaðinn á þessu ári en undanfarin ár að árinu 2020 undanskildu. Velta á byggingamarkaði hélt nær óbreytt að raunvirði á milli ára í júlí og ágúst en hafði aukist talsvert fram að því. Töluverð eftirspurn virðist enn vera eftir starfsfólki í byggingarstarfsemi.

Hlutabréfaverð skráðra félaga hafði lækkað milli funda og var lækkunin drifin af lækkun fátta en stórra fyrirtækja. Frá síðasta fundi nefndarinnar hafði vísitala aðallista lækkað um 2,2% og alls um 11% frá áramótum. Velta með hlutabréf í kaughöllinni hafði minnkað um 29% miðað við sama tíma í fyrra. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisbréfa hafði þokast upp á seinni hluta ársins og verðbólguálag á skuldabréfamarkaði lækkað frá fyrri hluta ársins, einkum til skamms tíma en það var þó enn hátt og vel yfir verðbólguþröskulmiði Seðlabankans. Munur á kröfu óverðtryggðra bréfa til lengri og skemmri tíma hafði minnkað sem gæti bent til þess að markaðsaðilar vænti þess að vextir verði háir skemur en áður var talið.

Gengi krónunnar

Gengi krónunnar hafði lækkað um 6% frá fundi nefndarinnar í lok september var þó um 1% hærra en í upphafi árs. Seðlabankinn seldi gjaldeyri 13. nóvember til að draga úr sveiflum í gengi krónunnar í kjölfar jarðhræringa á Reykjanesi. Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri tæplega þrefaldaðist frá október til nóvember. Skammtíma vaxtamunur við útlönd hafði aukist á árinu. Síðastliðna mánuði var hann áþekkur og í júní 2015 þegar fór að bera á nokkru fjármagnsinnflæði erlendra aðila.

Um 42 ma.kr. (1,4% af VLF) afgangur var á viðskiptajöfnuðinum við útlönd á fyrstu þremur fjórðungum ársins en á sama tíma í fyrra mældist 54 ma.kr. halli (1,9% af VLF). Uppgangur í ferðapjónustu skýrir öðru fremur batann á milli ára. Erlendir ferðamenn voru aðeins lítilliga færri á fyrstu tíu mánuðum ársins en á sama tíma metárið 2018. Aftur á móti voru gistinætur heldur fleiri og tekjur af hverjum einnig meiri.

Hrein framvirk gjaldeyrisstaða bankanna var jákvæð um 140 ma.kr. í lok október sl. og hafði lækkað um 25% frá því í lok júní. Fjármagnsinnflæði erlendra aðila var jákvætt um 33 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins. Erlendir aðilar höfðu keypt skráð hlutabréf og ríkisbréf fyrir um 9 ma.kr. meira en á sama tíma í fyrra. Þá höfðu lífeyrissjóðir keypt erlendan gjaldeyri fyrir 76 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins sem er svipað og á sama tíma í fyrra. Í október og nóvember höfðu þeir þó dregið úr gjaldeyriskaupum. Gjaldyrisjöfnuður KMB stóð í stað á milli funda og var í jafnvægi, þ.e. þeir áttu jafn mikið af eignum í erlendum gjaldmiðlum og þeir skulduðu.

Horfur eru á að flugframboð til og frá landinu fyrstu fimm mánuði næsta árs verði töluvert meira en í ár. Dregið hafði úr bókunum á flugi vegna fréttaplutnings af jarðhræringunum á Reykjanesi líkt og fram

kom í tilkynningum frá flugfélögum. Íslensku farþegaflugfélögin höfðu bæði nýlega tilkynnt að afkomuspá fyrir árið 2023 hafi verið felld úr gildi.

Fjármálasveiflan og sveiflutengd kerfisáhætta

Sveiflutengda kerfisáhættu má nálgast með margvíslegum hætti og styðst nefndin við fleiri en einn mælikvarða. Samsettur mælikvarði á fjármálasveiflu gaf til kynna að enn hefði verið fjármálaleg uppsveifla á þriðja ársfjórðungi 2023. Sveiflan var áfram drifin af öllum undirsveiflum, þ.e. skulda-, húsnæðis- og fjármögnunarsveiflu, en merki voru um lítilla hægari upptakt húsnæðissveiflu. Raunlækkun íbúðaverðs á árinu auk minnkandi skuldsetningar einkageirans gæti bent til þess að fjármálasveiflan sé að snúast eða staðna. Samsettur vísir fyrir innlenda sveiflutengda kerfisáhættu (d-SRI) sýndi minnkandi kerfisáhættu sjöunda fjórðunginn í röð og skýrðist þróunin á þriðja fjórðungi helst af jákvæðri þróun viðskiptajafnaðar og lækkandi raunverði hlutabréfa. Samantekið gáfu vísar um sveiflutengda kerfisáhættu til kynna að hún væri hófleg og að kerfisáhætta væri farin að minnka.

Lífeyrissjóðir

Nefndin fékk kynningu á stöðu og horfum í rekstri lífeyrissjóða. Í lok þriðja ársfjórðungs nam lífeyrisparnaður landsmanna 7.180 ma.kr. eða 176% af VLF og hafði aukist um 4,1% frá áramótum samanlagt í samtryggingardeildum og séreign. Hlutfall erlendra eigna samtryggingardeilda var 37,7% af heildareignum á þriðja fjórðungi og hafði hækkað um 1,2 prósentur frá áramótum. Með breytingum í ár á ákvæði um gjaldmiðlaáhættu í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 29/1997 voru heimildir til erlendra fjárfestinga rýmkaðar. Fjárfestingarstefnur sjóðanna fyrir árið 2024 sýna að þeir búast við að hækka hlutfall erlendra eigna um 2,1 prósentu af heildareignum en á móti áætla þeir að lækka vægi ríkisskuldabréfa og hlutabréfa. Svigrúm sjóðanna til áhættutöku er mismunandi og eru áherslur þeirra ólíkar einkum varðandi fjárfestingar í erlendum eignum og ríkisskuldabréfum. Fram kom að útlit væri fyrir að raunávöxtun samtryggingardeilda lífeyrissjóða yrði neikvæð á árinu 2023 annað árið í röð. Á fyrstu níu mánuðum ársins væri talið að raunávöxtun sjóðanna hafi verið neikvæð um 2%. Fram kom að ef fram heldur sem horfir þurfi einhverjir lífeyrissjóðir að grípa til aðgerða til að bregðast við halla á tryggingafræðilegri stöðu.

Nefndin ræddi að lífeyrissjóðir væru ráðandi þátttakendur á innlendum fjármálamarkaði. Stærð eignasafns sjóðanna í samanburði við stærð hagkerfisins gerði það að verkum að starfsemi þeirra gætu haft áhrif á fjármálastöðugleika. Nefndin taldi mikilvægt að lagaumgjörð um sjóðina tæki mið af þessu og að þær kröfur sem gerðar væru til þeirra við miðlun fjármagns væru sambærilegar við þær sem gerðar eru til annarra aðila á fjármálamarkaði.

Álagspróf fyrir árið 2024

Fjármálastöðugleikanefnd fékk kynningu á drögum að sviðsmyndum álagsprófs Seðlabanka Íslands á kerfislega mikilvæga banka fyrir árið 2024. Við hönnun þeirra er litið til helstu drifkrafta í afkomu bankanna auk þess sem kerfisáhætta er metin. Álag sviðsmyndar ársins 2024 tekur á þróun helstu hagstærða eins og atvinnuleysis, launa, hagvaxtar, verðbólgu og vaxtaþróunar. Atburðarásin er hönnuð til að kanna viðnámsþrótt banka undir álagi yfir þriggja ára tímabil þar sem litið er til þróunar helstu eignamarkaða, vaxtastigs og skuldastöðu heimila, fyrirtækja sem og hins opinbera við mat á forsendum.

Skilabærni kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja

Markmið laga um skilameðferð er að varðveita fjármálastöðugleika og lágmarka neikvæðar afleiðingar fjármálaáfalla með því að vernda tryggðar innstæður og fjárfesta, eignir viðskiptavina og nauðsynlega starfsemi fyrirtækja og lágmarka hættu á að veita þurfi fjárframlög úr ríkissjóði. Skrifstofa skilavalds greindi frá helstu ákvörðunum seðlabankastjóra í málefnum skilavalds frá því að nefndin fékk síðast

kynningu fyrir ári síðan á málefnum skilavalds. Lokið hafði verið við árlega uppfærslu skilaáætlana fyrir KMB og þær samþykktar. Samhliða voru teknar ákvarðanir um MREL kröfur fyrir stóru viðskiptabankana þrjá. Þá hafa lög nr. 63/2023 um breytingu á lögum nr. 70/2020 um skilameðferð tekið gildi í kjölfar samþykktar þeirra á Alþingi í júní sl. Lögum er ætlað að innleiða svokallað BRRD II tilskipun í íslenskan rétt. Stefnt er að því að samþykkja skilaáætlanir fjögurra sparisjóða fyrir árslok 2023.

Ákvörðun um lágmarkseiginfjárkröfu viðskiptabanka

Nefndin fékk kynningu á mati á lágmarkseiginfjárkröfum sem lagðar eru á viðskiptabankana. Í því samhengi er könnunar- og matsferli (SREP) mikilvægur þáttur í að meta lágmarkseiginfjárkröfu sem lögð er á fjármálafyrirtæki. Niðurstaða ferlisins skilar mati á eiginfjárbörf undir stoð II-R og veltur á áhættuþáttum sem tengjast eigin fé, lausafjár- og fjármögnunarbörf, mati á viðskiptalíkani, stjórnarháttum og innra eftirliti. Eiginfjárrafræði lækkaði á alla kerfislega mikilvæga banka í nýlegu mati en hún hækkaði á Kviku banka.

Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar

Sveiflujöfnunaraukinn

Megintilgangur sveiflujöfnunaraukans er að auka viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja gagnvart sveiflufengdri kerfisáhættu og veita þeim þannig svigrúm til þess að mæta tapi og viðhalda lánsfjárframboði á álagstímum. Í lögum er kveðið á um að aukinn skuli nema á bilinu 0 til 2,5%. Sveiflujöfnunaraukinn megi þó vera hærri ef áhættuþættir sem liggja til grundvallar mati fjármálastöðugleikanefndar gefa tilefni til. Eiginfjárlutföll KMB væru afar rúm og vanskil útlána væru lítil. Staða bankanna væri traust, lausafjárlutföll rúm og útlánavæxtur hefði minnkað. Hægt hafði á hagvexti, einkaneysla dregist saman þrjá fjórðunga í röð og viðskiptajöfnuður orðinn jákvæður. Hærra vaxtastig hefði enn sem komið er ekki komið fram í auknum vanskilum og útlánatöpum. Fjármögnun bankanna í erlendum gjaldmiðlum væri á áætlun, endurfjármögnunarbörf á næstu 12 mánuðum væri tiltölulega hófleg og því væri endurfjármögnunaráhætta minni en ella.

Því lengra sem tímabil hárar vaxta yrði því meiri gætu möguleg áhrif orðið á banka. Lánagæði gætu versnað og vanskil aukist ef efnahagshorfur versnuðu umfram það sem nú væri gert ráð fyrir og atvinnuleysi ykist meira en búist væri við. Ákvörðun um hækkun aukans í mars sl. í 2,5% skapaði enn frekara svigrúm til að bregðast við kæmi til efnahagssamdráttar em valdið gæti skerðingu á lánsfjárframboði. Að lokinni umræðu bar seðlabankastjóri upp tillögu um að halda gildi sveiflujöfnunaraukans óbreyttu í 2,5% og var hún samþykkt samhljóða.

Lánþegaskilyrði

Nefndin ræddi áhrif jarðhræringa á Reykjanesi á fjármálastöðugleika og var sammála um að miðað við þær sviðsmyndir sem nú væru taldar líklegastar væri fjármálastöðugleika ekki ógnað. Staða sumra lántakenda væri þó erfið og háð mikilli óvissu. Fjármálastöðugleikanefnd taldi einnig að ekki væri tilefni til að bregðast við með breytingum á lánþegaskilyrðum.

Kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki

Mat á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum var kynnt fyrir nefndinni en matið byggir á aðferðafræði Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA). Vísar sem meta stærð, mikilvægi, flækjustig og tengsl fjármálafyrirtækja á Íslandi lágu til grundvallar matinu. Mikilvægi einstakra aðila var jafnframt skoðað út frá mikilvægi þeirra fyrir fjármálakerfið.

Nefndarmenn voru sammála um að staðfesta áframhaldandi kerfislegt mikilvægi Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans. Bar seðlabankastjóri upp tillögu þess efnis sem var samþykkt samhljóða. Nefndin var sammála um að stuðst yrði áfram við aðferðafræði EBA við mat á kerfislegu mikilvægi fjármálafyrirtækja hér á landi ásamt því að beita samhliða sérfræðimati byggðu á viðbótarvísun og mati á mikilvægi einstakra aðila fyrir fjármálakerfið hér á landi, í samræmi við lög um Seðlabankann og lög um fjármálafyrirtæki.

Eiginfjárouki vegna kerfislegs mikilvægis

Eiginfjárouki vegna kerfislegs mikilvægis var virkjaður árið 2016 og er lagður á fjármálafyrirtæki sem vegna stærðar og eðlis starfsemi sinnar geta haft umtalsverð neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika og á raunhagkerfið ef þau lenda í erfiðleikum. Sú áhætta sem mætt er með eiginfjárouka vegna kerfislegs mikilvægis er því tregbreytanleg. Bar seðlabankastjóri upp tillögu um að eiginfjárouka vegna kerfislegs mikilvægis yrði haldið óbreyttum í 2% á allar áhættuskuldbindingar á móðurfélags- og samstæðugrunni. Var tillagan samþykkt samhljóða. Samanlagðir eiginfjároukar á kerfislega mikilvæga banka hér á landi eru 9,5% án fyrirhugaðrar hækkunar sveiflujöfnunaraukans í mars nk.

Fjármálainnviðir

Eitt meginhlutverka Seðlabanka Íslands er að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Áfram er unnið að því að treysta umgjörð fjármálainnviða landsins. Fjallað var um rekstraröryggi og viðbúnaðaráætlanir. Nefndin fékk kynningu á reiðufé sem þrautarvararlausn verði rof á rafrænni greiðslumiðlun. Ísland stendur frammi fyrir minnkandi reiðufjárnotkun og aðgengi að reiðufé hefur versnað þar sem útibúum og hraðbönkum fer fækkandi. Víða í Evrópu t.d. í Hollandi og Svíþjóð hefur verið gripið til aðgerða til að mæta þessari þróun. Rætt var um öryggi tengt rafrænni auðkenningu og að mikilvægt væri að aðilar sameinist um að leysa þau vandamál sem komið hafa upp og styrkja varnir gegn netsvikum.

Nefndin fékk kynningu á Nasdaq CSD SE og Verðbréfamiðstöð Íslands sem starfrækja verðbréfauppgjörskerfi hér á landi.

Nefndin fagnaði því að drög að frumvarpi um rekstraröryggi í greiðslumiðlun væri komið í samráðsgátt stjórnvalda og styður framgang þess. Í frumvarpinu eru settar fram tillögur að breytingum á lögum um Seðlabanka Íslands þar sem gert er ráð fyrir að bankinn fái heimildir til að setja reglur um rekstraröryggi í greiðslumiðlun að fengnu samþykki fjármálastöðugleikanefndar.

Sem fyrr var nefndin á einu máli um mikilvægi þess að huga heildstætt að viðnámsprótti greiðslumiðlunar, koma sem fyrst á óháðri innlendri greiðslumiðlun, styrkja net- og rekstraröryggi fjármálafyrirtækja og treysta rekstrarsamfellu.

Í lok fundarins samþykkti nefndin yfirlýsingu til birtingar að morgni 6. desember 2023.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika

Björk Sigurgísladóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits

Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu

Axel Hall, utanaðkomandi nefndarmaður

Bryndís Ásbjarnardóttir, utanaðkomandi nefndarmaður

Guðmundur Kr. Tómasson, utanaðkomandi nefndarmaður

Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sat fundinn með málfrelsi og tillögurétt.

Haukur C. Benediktsson, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, Eggert Þ. Þórarinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs, Vigdís Ósk Helgadóttir, forstöðumaður á fjármálastöðugleikasviði og Rannveig Júníusdóttir, framkvæmdarstjóri skrifstofu bankastjóra sátu allan fund nefndarinnar. Auk þess sátu nokkrir aðrir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Rósa Björk Sveinsdóttir ritaði fundargerð.

Nýjar reglur um lausafjárhlutfall lánastofnana

3. janúar 2023

Hinn 1. janúar 2023 tóku gildi nýjar reglur um lausafjárhlutfall lánastofnana, nr. 1520/2022. Samhliða féllu úr gildi reglur nr. 266/2017, um sama efni.

Með nýjum reglum er innleitt 80% lágmarks lausafjárhlutfall í evrum fyrir lánastofnanir, þar sem skuldbindingar í evrum nema 10% eða meira af heildarskuldbindingum viðkomandi lánastofnunar. Samhliða nýjum kröfum um lausafjárhlutfall í evrum hefur 100% lausafjárhlutfall í öllum erlendum gjaldmiðlum samtals verið felld brott. Samkvæmt nýjum reglum gildir áfram lausafjárhlutfall að lágmarki 100% í öllum gjaldmiðlum samtals, í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/61. Einnig er áfram gerð krafa um að lánastofnanir uppfylli að lágmarki 50% lausafjárhlutfall í íslenskum krónum.

Í reglugerð (ESB) 2015/61 er að finna heimild til að setja lausafjárkröfur í einstaka gjaldmiðlum sem ná tilteknum viðmiðunarmörkum, þ.e. í þeim gjaldmiðlum þar sem skuldbindingar eru jafnar eða umfram 5% af heildarskuldbindingum lánastofnunar. Eins og fyrr segir er með nýjum reglum innleitt 80% lágmarks lausafjárhlutfall í evrum fyrir lánastofnanir þar sem skuldbindingar í evrum nema 10% eða meira af heildarskuldbindingum viðkomandi lánastofnunar. Sérstakar lausafjárkröfur í einstökum erlendum gjaldmiðlum hafa það að markmiði að draga úr lausafjánhættu lánastofnana með því að stuðla að því að þær eigi ávallt laust fé í tilteknum gjaldmiðli til að mæta skuldbindingum við álagsaðstæður á tilteknu tímabili í sama gjaldmiðli. Eðlilegt er að miða við að lánastofnanir búi alla jafna yfir lausu fé á móti skuldbindingum ef heildarskuldbindingar í viðkomandi gjaldmiðli fara umfram ákveðið hlutfall af heildarskulddum lánastofnunarinnar. Hæfilegt er að svo stöddu að miða við að lánastofnanir eigi lausafjárforða í þeim gjaldmiðlum sem nema verulegum hluta af heildarskuldbindingum viðkomandi aðila. Í þessu tilliti er talið hæfilegt að miða við skuldbindingar í þeim gjaldmiðlum sem nema a.m.k. 10% af heildarskuldbindingum lánastofnunar. Það eru fyrst og fremst evrur sem ná þessum viðmiðunarmörkum hjá innlendum lánastofnunum.

Við ákvörðun um hæfilegt lausafjárhlutfall fyrir evrur er litið til mikilvægis þess að veita lánastofnunum svigrúm til að haga samsetningu lausafjäreigna í samræmi við ríkjandi markaðsaðstæður hverju sinni. Markaðir sem notast við evrur eru aðgengilegir og virkir og ætti alla jafna að reynast auðvelt að nálgast hágæðalausafjäreignir í evrum með tiltölulega skömmum fyrirvara.

Mikilvægt er þó að áréttu að lánastofnanir þurfa áfram að fullnægja almennu samræmi í gjaldmiðlasamsetningu fyrir alla gjaldmiðla sem eru yfir 5% viðmiðunarmörkum, sbr. 6. mgr. 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar (ESB) 2015/61.

Reglur 1520/2022 má finna hér: [Reglur 1520/2022 á vef Stjórnartíðinda](#).

Breytingar á lögum og reglum um sértryggð skuldabréf

1. mars 2023

Í dag tóku gildi lög nr. 7/2023 um breytingu á lögum um sértryggð skuldabréf, nr. 11/2008 og lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Með lögnum er innleidd tilskipun (ESB) 2019/2162, um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum, og reglugerð (ESB) 2019/2160, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR) að því er varðar áhættuskuldbindingar í formi sértryggðra skuldabréfa. Gerðunum er ætlað að skapa sameiginlegan og einsleitán markað með sértryggð skuldabréf innan ríkja Evrópu.

Meðal helstu breytinga sem gerðar eru á lögum um sértryggð skuldabréf eru þær að leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa er háð því að útgefandi hafi fullnægjandi stefnu, kerfi og ferla varðandi samþykki, breytingar, endurnýjun og endurfjármögnun lána í tryggingasafni. Einnig verða þeir sem annast útgáfu að hafa fullnægjandi hæfni og þekkingu á sértryggðum skuldabréfum. Útgefendur verða ávallt að hafa nægt laust fé í tryggingasöfnum til að standa undir hámarksútfærði lauss fjár vegna sértryggðra skuldabréfa næstu 180 daga, mælt er fyrir um ítarlegri upplýsingagjöf útgefanda til fjárfesta og fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og heimilt er að fresta gjaldþögum sértryggðra skuldabréfa. Fleiri brot en áður varða nú stjórnvaldssektum og hefur hámark sekta verið hækkað. Þá er útgefendum heimilt að markaðssetja skuldabréf sem uppfylla skilyrði laganna sem „evrópsk sértryggð skuldabréf (e. European Covered Bond)“ eða „evrópsk sértryggð skuldabréf (úrvals) (e. European Covered Bond (Premium))“.

Samhliða þessum breytingum hefur Seðlabankinn sett nýjar reglur um sértryggð skuldabréf, nr. 190/2023, sem jafnframt tóku gildi í dag. Með reglunum falla úr gildi reglur nr. 528/2008 um sama efni. Nýju reglurnar taka aðallega mið af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á lögum um sértryggð skuldabréf. Þannig bætist við reglurnar nýtt ákvæði þar sem afmarkað er hvaða eignir megi telja til lauss fjár skv. nýrri 6. gr. a laganna. Einnig bætist við nýtt ákvæði sem fjallar um upplýsingagjöf útgefanda til fjármálaeftirlitsins skv. nýrri 24. gr. a laganna. Þá eru gerðar

breytingar á ákvæði reglnanna sem fjallar um afleiðusamninga sem tengjast sértryggðum skuldabréfum og aðrar breytingar sem ekki eru meiri háttar.

Á vef Stjórnartíðinda má finna lög nr. 7/2023 um breytingu á lögum um sértryggð skuldabréf.

A vef Stjórnartíðinda má finna reglur nr. 190/2023 um sértryggð skuldabréf.

Breytingar á reglum um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár

7. mars 2023

Reglum nr. 877/2018 um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár hefur verið breytt og þær endurútgefnar undir sama heiti sem reglur nr. 218/2023. Reglurnar voru birtar á vef Stjórnartíðinda í dag en þær munu taka gildi 1. júní 2023.

Afnám ákvæða um binditíma verðtryggðra innlána og lánstíma verðtryggðra útlána

Þær breytingar sem reglur nr. 218/2023 kveða á um felast fyrst og fremst í því að með gildistöku þeirra verða afnumin ákvæði gildandi reglna um binditíma verðtryggðra innlána og lánstíma verðtryggðra útlána. Samkvæmt 2. gr. gildandi reglna nr. 877/2018 er lánastofnunum aðeins heimilt að taka á móti sparifé gegn verðtryggingu að innstæða sé bundin í 36 mánuði að lágmarki, að frátöldum nánar tilgreindum undantekningartilvikum. Þá kveður 1. mgr. 3. gr. gildandi reglna á um að verðtrygging láns sé aðeins heimil að lánið sé til 5 ára hið minnsta, en 4. mgr. sömu greinar veitir undanþágu að því er varðar verðtryggð ríkisverðbréf. Að mati Seðlabankans eiga þau rök sem upphaflega lágu að baki slíkum binditíma verðtryggðra innlána og lánstíma verðtryggðra útlána ekki lengur við og taka nýjar reglur Seðlabankans um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár mið af því.

Við gildistöku reglna nr. 218/2023 fellur þannig brott 2. gr. núgildandi reglna, um binditíma verðtryggðra innlána og undantekningar frá þeim binditíma í nánar tilgreindum tilvikum. Þá eru einnig felld brott ákvæði 1. mgr. og 4. mgr. 3. gr. núgildandi reglna, um lánstíma verðtryggðra lána og undantekningu frá slíkum lágmarkstíma vegna verðtryggðra ríkisverðbréfa.

Aðrar breytingar

Til viðbótar við framangreindar breytingar hefur einnig verið skerpt á orðalagi 3. gr. núgildandi reglna, sbr. 2. gr. reglna nr. 218/2023, og það skýrt nánar.

Loks hefur verið felld brott 4. gr. núgildandi reglna, um heimild

til þess að miða við hlutabréfavísitölu í lánessamningi þegar ekki er um að ræða neytendalán eða fasteignalán til neytenda. Er það m.a. gert með hliðsjón af því að ákvæði sama efnis er að finna í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Ekki er því um að ræða takmörkun á þeirri heimild.

Hér má finna [reglur nr. 218/2023](#).

Hækkun sveiflujöfnunarauka

15. mars 2023

Í dag voru birtar í Stjórnartíðindum nýjar reglur Seðlabanka Íslands um sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki nr.

256/2023 sem samþykktar voru á fundi

fjármálastöðugleikanefndar 14. mars sl. Með reglunum er gildi sveiflujöfnunaraukans hækkað úr 2% í 2,5% af áhættugrunni vegna innlendra áhættuskuldbindinga. Hækkunin tekur gildi eftir 12 mánuði.

Að mati nefndarinnar er hækkunin nú til þess fallin að auka enn frekar á viðnámsprótt fjármálafyrirtækja í ljósi þeirrar áhættu sem byggst hefur upp og gæti raungerst á næstu misserum.

Gildi sveiflujöfnunarauka er endurskoðað ársfjórðungslega og taka ákvarðanir um hækkun aukans alla jafna ekki gildi fyrr en tólf mánuðum síðar.

Gullnáma eða fátæktargildra?




Ásgeir Jónsson
Seðlabankastjóri

Ráðstefna um þjóðhagslegt mikilvægi ferðapjónustu
22. mars 2023

Snarpur viðsnúningur í ferðapjónustu eftir faraldurinn




Fjöldi ferðamanna í milljónum




Krónan er nú verðlögð í samræmi við langtímameðaltal

Gengi krónu gagnvart evru
1. jan. 2010 - 10. mars 2023




Raugengi
1. ársfj. 1984 - 4. ársfj. 2022




Þjónustuafgangurinn greiðir fyrir hallann á vöruskiptunum

Vöru- og þjónustujöfnuður 1980-2022




Ekki gleyma því að viðskiptaafgangur endurspeglar einnig sparnað í efnahagslífinu ...

Einkaneysla sem hlutfall af vergri landsframleiðslu 1980-2022



Velsæld aukist á sama tíma og viðvarandi halli við útlönd lokast – neyslan ekki tekin að láni

Kaupmáttur ráðstöfunartekna 1988-2022



Þjóðhagslegur ábati ferðamennsku



1. Bætt framleiðni vinnuafis – með nýjum tegundum starfa:

- Sköpun nýrra starfa í ferðapjónustu hefur gefið fólki tækifæri á hærri tekjum en ella hefði orðið, að gefinni menntun, búsetu og starfsþjálfun. Hefur dregið úr staðbundnu atvinnuleysi eða vannýtingu vinnuafis.



2. Bætt framleiðni einkafjármagns – með stærri markaði:

- Vöxtur ferðapjónustu er líkt og fólksfjölgun. Stærri markaður skapar grundvöll fyrir stærri framleiðslueiningar á hinum smáa íslenska markaði – og lækka meðalkostnað í framleiðslu eftir því sem fastur kostnaður dreifist á fleiri einingar.



3. Bætt framleiðni opinbers fjármagns og innviða – með fleiri notendum:

- Ferðamenn taka þátt í kostnaði vegna innviða og samgöngumannvirkja, með því að greiða bæði bein og óbein gjöld til íslenska ríkisins með bensingjaldi, virðisaukaskatti, áfengisgjaldi. Hagræðið kemur einkum fram ef notkun landsmanna sjálfra er fremur lítil og aukinn fjöldi notenda tekur ekki af öðrum.



4. Sterkari grundvöllur fyrir sérhæfingu og fjölbreytni – fyrir heimafólk

- Ferðapjónustan skapar ekki aðeins aukna fjölbreytni í störfum, heldur fjölgar einnig þeim þjónustumöguleikum sem heimamenn hafa sjálfir úr að spila – svo sem hvað varðar framboð flugsæta frá landinu.

Ferðapjónustan er einn af vaxtarbroddum atvinnulífs á landsbyggðinni

• Ferðapjónustan á landsbyggðinni byggir á notkun staðbundinna aðfanga sem ekki er hægt að flytja úr stað, s.s. náttúrufergurð.

- Búseta á landsbyggðinni var upphaflega grundvölluð á hagræði í nýtingu staðbundinna framleiðsluþátta, s.s. nálægð við fiskimið eða landbúnaðarhéruð.
- Mikill samdráttur hefur átt sér stað í landbúnaði og vélvæðing, markaðsvæðing og kvótastjórnun hefur breytt nýtingu staðbundinna aðfanga í sjávarútvegi.
- Fiskimið er hægt að sækja frá mörgum stöðum, lönduðum afla er hægt að aka hvert á land sem er og nálægð við flugvelli og útflutningshafnir getur falið í sér meira hagræði en nálægð við miðin.

• Ferðapjónustan er einn af vaxtarbroddunum á landsbyggðinni.

- Ferðapjónustan er ein af fáum greinum þar sem landsbyggðin hefur enn raunverulega hlutfallslega yfirburði vegna landfræðilegra aðstæðna og hlýtur þess vegna að tengjast byggðastefnu stjórnvalda með afgerandi hætti.

• Ferðapjónusta styður við uppbyggingu á þjónustu úti á landi.

- Á síðustu árum hefur verslun og þjónusta víða á landsbyggðinni látið mikið á sjá, m.a. vegna bættra samgangna við Reykjavík – þörf á nýjum viðskiptavinum. Tækifæri til nýsköpunar, sérhæfingar og fjölbreytni.

Neikvæð áhrif ferðamennsku



1. Ruðningsáhrif fyrir aðrar atvinnugreinar – ef vöxturinn er of hraður

- Mjög ör vöxtur ferðaþjónustu á árunum 2014-2018 hafði í för með sér ruðningsáhrif fyrir aðrar greinar – hækkun á gengi krónunnar, spennu á vinnumarkaði og skorti á húsnæði. Hætta á hinni svokölluðu hollensku veiki þar sem ör vöxtur einnar greinar dregur máttinn úr öðrum greinum.



2. Álag á innlenda innviði – ef vöxturinn er of hraður

- Vegakerfi, heilbrigðiskerfi, löggæsla og björgunarsveitir komin að þolmörkum – og valda kostnaði fyrir innlenda notendur. Aukið álag kallar á talsverðar fjárfestingar sem íslenskir skattgreiðendur verða að fjármagna.



3. Ágangur á náttúruna – ef vöxturinn er of hraður

- Náttúra Íslands er ekki ótakmörkuð auðlind, ágangur á hana er talsverður og óafturkræfur ef ekki er vandað til verka. Íslensk náttúra er helsti sölupunktur ferðaþjónustunnar og hana þarf að varðveita. Það er ekki sjálfgefið að við viljum opna aðgengi að öllum náttúruperlum landsins.



4. Einhæfni atvinnulífs – ef vöxturinn er of hraður

- Covid-faraldurinn sýndi fram á það hve háð íslenskt efnahagslíf er ferðaþjónustu og jafnframt hve brothætt greinin er. Íslendingar þurfa fleiri stöðir undir atvinnulífið og fjölbreyttari störf.

Til framtíðar



- Hinn mikli vöxtur í útflutningstekjum ferðaþjónustunnar á árunum 2014-2018 var forsenda fyrir hinni miklu lífskjarasókn á þessum tíma – útgjöld ferðafólks hér gáfu Íslendingum færi á því að kaupa erlendar vörur og þjónustu á hagstæðu verði.
- Ferðaþjónustan er mikilvæg ný stoð fyrir efnahagslífið – endurnýjaður kraftur greinarinnar er mjög mikilvægur nú þegar þörf er á auknum útflutningstekjum.
- En við hve mörgum ferðamönnum getum við raunverulega tekið á móti – án þess að verða fyrir neikvæðum aukaverkunum? Viljum við sjá þær þjóðfélagsbreytingar sem fylgja „massa-túrisma“?
- Forsvarsmenn ferðaþjónustunnar verða að viðurkenna að það eru takmörk fyrir vexti hennar – ef greinin ætlar sér að starfa í sátt við bæði land og þjóð.
- Áherslan þarf að vera á gæði fremur en magn – vöxturinn getur ekki verið hraðari en innviðir landsins þola. Of hraður vöxtur getur einnig leitt til vonbrigða og neikvæðni hjá erlendum gestum – og leitt til bakslags líkt og var farið að gerast hérlendis árið 2018. Og hefur gerst víða erlendis.
- Mögulega er ferðaþjónustan á svipuðum stað og sjávarútvegur við hrun þorsstofnsins 1988 – sem varð tilefni til hagræðingar og síðan mikillar verðmætaaukningar en án þess veiddum tonnum fjölgaði.
- Báðar greinar eiga það sameiginlegt að nýta takmarkaðar auðlindir landsins – og geta báðar skilað þjóðinni góðum ábata ef rétt er á haldið.

Er „reiðufé“ á hverfanda hveli?

Gunnar Jakobsson
Varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika

1. júní 2023



greiðsla

er algengasti löggerningur einstaklinga

og undirstaða virkni hagkerfisins og almennrar velferðar

Reiðufé og lögeyrir

Notkun og kostnaður

Þjóðhagsvarúð

Innlend óháð greiðslumiðlun

Peningaþvætti

Reiðufé


- Samkvæmt íslenskri orðabók er **reiðufé** skilgreint sem „lausafé, handbærir peningar“
 - Reiðufé, áður tilskipunarfé, er ávísun á vermæti og einfaldar þannig viðskipti, og gefið út af ríkisvaldi, þ.e. konungsvaldi áður fyrr en framkvæmdavaldi í dag
 - Einnig er að finna viðbótarskilgreiningu um að reiðufé taki einnig til „innistæðu á reikningi hjá lánastofnun eða seðlabanka eða sambærilegar kröfur um endurgreiðslu peninga í hvaða gjaldmiðli sem er
- Það er í samræmi við almenna málnotkun að innistæða á bankareikningi sé talið sem reiðufé, t.d. þegar millifært er af bankareikningi. Mikilvægt er þó að hafa í huga að á þessu tvennu er grundvallarmunnur í lagalegum skilningi
- Megineinkenni reiðufjár [utan innlánsreikninga] er að það sé órekjanlegt

Lögeyrir



- Samkvæmt 3. gr. laga um gjaldmiðil Íslands skulu seðlar og mynt, útgefin af Seðlabankanum, vera „lögeyrir í allar greiðslur hér á landi með fullu ákvæðisverði“.
 - Með lögeyri er vísað til **verðmælis** og **traustfangs** og hefur þá þýðingu að marka hvert grundvallarskipulag peningakerfisins sé
- Sölu- og þjónustuaðilar eru ekki skyldugir til að taka við lögeyri, þ.e. seðlum og mynt
 - Ekkert í lögum takmarkar sammingsfrelsi sölu- og þjónustuaðila um það
 - Aftur á móti má segja að Seðlabankanum sé skylt að taka við þeim seðlum og þeirri mynt sem hann gefur út
- Samkvæmt orðabók er forn skýring lögeyris að það sé vaðmálsbútur eigi styttri en sex álnir


Áfram dregur úr notkun seðla og myntar



Þeim fjölgar hratt sem nota aldrei seðla og mynt



Einstaklingar sem nota aldrei seðla og mynt, %



Hagræðing hefur náðst – kostnaður þó enn mikill




Kostnaður og tekjur greiðsluþjónustuveitenda

Kr.	Kostnaður (eining)	Tekjur (eining)	Hreinar tekjur (eining)
Seðlar og mynt	235,1	32,7	-202,4
Greiðslukort	109,6	166,4	56,8
Greiðsluþjónusta	78,4	16,9	-61,5
Alls	101,7	72,7	-29,0

Seðlar eru mikilvæg fyrir þjóðhagsvarúð



Hlutfall einstaklinga með lítið eða ekkert af seðlum við höndina, %



Innlend óháð smágreiðslulausn



Núverandi högun rafrænnar greiðslumiðlunar á Íslandi er talin ógna þjóðaröryggi og efla þarf viðnámsþrótt greiðslumiðlunar hér á landi



Tekin hafa verið fyrstu skref í átt að innlendri óháðri greiðslumiðlun sem gæti einnig lækkað kostnað



Slík lausn þarf að virka ef þjónusturof yrði á rafrænum greiðslukortum sem fara í gegnum alþjóðlega kortainnviði



2. júní 2023

Minnisblað

Viðtakandi: Fjármálastöðugleikanefnd

Sendandi: Seðlabanki Íslands

Efni: Bakgrunnur ákvörðunar um sveiflujöfnunarauka

Ákvörðun fjármálastöðugleikanefndar Seðlabanka Íslands frá 15. mars um hækkun á kröfu um sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki úr 2,0% í 2,5% mun taka gildi frá og með 16. mars 2024. Greiningar á stöðu sveiflutengdrar kerfisáhættu benda til að hún hafi vaxið á síðustu árum og sé nú nálægt eða fyrir ofan sögulegt meðaltal. Munar þar mestu um mikla hækkun fasteignaverðs frá upphafi faraldursins og mikla verðbólgu sem hefur áhrif á greiðslubyrði og greiðslugetu. Verðbólga hefur reynst þrálát bæði hér á landi og alþjóðlega og vextir hækkað. Markaðsfjármögnun innlenda bankakerfisins er orðin dýrari og aukin óvissa á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum hefur leitt til hærra vaxtaálags. Um 650 ma.kr. af óverðtryggðum lánnum á föstum vöxtum koma til vaxtaendurskoðunar á næstu tveimur árum. Aukið eigið fé eflir viðnámsþrótt fjármálakerfisins og gerir því betur fært að mæta áföllum. Hækkunin skapar fjármálastöðugleikanefnd enn frekara svigrúm til lækkunar sveiflujöfnunaraukans síðar ef tilefni er til.

Í lögum um fjármálafyrirtæki er kveðið á um að krafa um sveiflujöfnunarauka vegna áhættuskuldbindinga hér á landi skuli almennt nema á bilinu 0 til 2,5%. Krafan megi þó vera hærri ef áhættuþættir sem liggja til grundvallar mati fjármálastöðugleikanefndar gefa tilefni til.¹

Nýleg efnahagsþróun og horfur

Mikil spenna er í innlenda hagkerfinu, drifin áfram af vaxandi einkaneyslu og ört vaxandi umsvifum í ferðaþjónustu. Atvinnuleysi er nálægt sögulegu lágmarki og hagvöxtur hefur verið mikill á síðustu misserum. Horfur um alþjóðlegan hagvöxt hafa þó heldur versnað og óvissa er óvenju mikil. Verðbólga hefur aukist verulega, bæði hér á landi og í helstu viðskiptalöndum Íslands og peningalegt aðhald verið hert. Fjármálaskilyrði hafa versnað á síðustu mánuðum. Hækkandi vaxtastig hefur þyngt greiðslubyrði lána og viðvarandi verðbólga valdið stöðnun í kaupmætti launa. Neikvæð þróun erlendis kann einnig að hafa áhrif á fjármálalegan stöðugleika hér á landi. Nú þegar hafa krefjandi aðstæður á erlendum

¹ 3. mgr. 85. gr. a. og 1. mgr. 85. gr. b. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

lánsfjármörkuðum dregið úr aðgengi íslenskra fjármálafyrirtækja að erlendu lánsfé.

Skuldir heimila og fyrirtækja

Tólf mánaða raunvöxtur skulda heimila var -1,3% í lok apríl samanborið við -0,5% í lok desember. Nafnvöxtur skulda er þó enn nokkur eða 8,4% í apríl. Um helmingur nafnvaxtarins er til kominn vegna verðbóta verðtryggðra lána, en tæpur helmingur skulda heimila er verðtryggður. Verulega hefur dregið úr útlánum til heimila á síðustu mánuðum sé horft til hreinna nýrra íbúðalána lánakerfisins. Er það í samræmi við minni veltu á íbúðamarkaði. Líklegt er að enn frekar hægi á raunvexti skulda heimila á næstu mánuðum.

Með hækkandi nafnvaxtastigi hefur greiðslubyrði nýrra lána og eldri lána með breytilega vexti, einkum óverðtryggðra lána, þyngst. Það dregur eitt og sér úr eftirspurðu magni lánsfjár en við bætist að aðhald reglna Seðlabankans um greiðslubyrðarhlutfall hefur einnig aukist með hækkandi vaxtastigi. Ásókn heimila í verðtryggð lán hefur aukist á síðustu mánuðum. Þeim fylgir almennt léttari greiðslubyrði á fyrri hluta lánstíma en sambærilegum óverðtryggðum lánnum. Meirihluti hreinna nýrra íbúðalána er nú verðtryggður og hefur svo verið síðan í nóvember.

Skuldir heimila námu í lok mars 77,3% af vergri landsframleiðslu og 152,6% af ráðstöfunartekjum. Hlutfall skulda af landsframleiðslu hefur lækkað umtalsvert síðustu misseri, en hlutfall skulda heimila af ráðstöfunartekjum verið nokkuð stöðugt á sama tíma. Hækkun þessara hlutfalla, sem varð á meðan lágvaxtaumhverfi farsóttarinnar varði, hefur stöðvast og er nú að nokkru leyti gengin til baka.

Í lok mars námu skuldir fyrirtækja 77,5% af vergri landsframleiðslu og höfðu dregist saman um 0,4% að raunvirði frá sama tíma árið áður. Sé leiðrétt fyrir bæði gengis- og verðlagsáhrifum mældist 6,4% vöxtur. Skuldavöxtur hefur á heildina litið dregist lítillega saman frá því í desember sl. Innlendir skuldavöxtur fyrirtækja hefur þó færst nokkuð í aukana og er drifinn áfram af útlánum bankanna. Á móti vegur samdráttur í skuldabréfaútgáfu.

Vanskil á útlánum kerfislega mikilvægra banka til einstaklinga og fyrirtækja eru lítil í sögulegu samhengi. Vanskilahlutfall einstaklingslána var 0,75% í lok mars og hafði hækkað úr 0,71% í lok desember. Hlutfall útlána til heimila sem eru í frystingu hefur hækkað lítillega og nam 1,1% í lok mars. Hefur hlutfallið hækkað úr 0,8% á síðustu níu mánuðum. Vanskilahlutfall fyrirtækjalána mældist 2,13% í lok mars og hafði lækkað úr 2,25% í lok desember. Vanskil voru sem fyrr mest meðal fyrirtækja í gistirekstri og veitingaþjónustu eða 6,2% og hækkuðu lítillega milli fjórðunga. Hlutfall fyrirtækjalána í frystingu var 4,8% í lok mars og fer enn lækkanði, úr 6,9% í lok desember. Viðbúið er að þrengri fjármálaskilyrði

birtist fyrir eða síðar í auknum vanskilum. Í því samhengi er þó rétt að hafa í huga að vanskil geta komið fram með nokkurri tímatöf.

Fasteignamarkaður

Verulega hefur hægt á hækkun íbúðaverðs á síðustu mánuðum. Íbúðum á sölu fer fjölgandi samhliða því sem meðalsölutími lengist. Í apríl hafði vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu lækkað um 1,1% að raunvirði á milli ára samanborið við 7,1% hækkun í desember. Utan höfuðborgarsvæðisins heldur verðið áfram að hækka og hafði í apríl hækkað um 6,6% að raunvirði á milli ára. Þar hefur einnig hægt á hækkunartaktinum en hann var 10,9% í desember. Velta á íbúðamarkaði hefur dregist nokkuð saman á síðustu mánuðum. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins var velta í viðskiptum með fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu rúmlega fjórðungi minni að raunvirði en á sama tímabili á síðasta ári og velta með sérþýli var rúmlega þriðjungi minni. Samdráttur í veltu utan höfuðborgarsvæðisins er heldur minni.

Í hlutfalli við ákvarðandi þætti er íbúðaverð hátt. Hækkun íbúðaverðs umfram ákvarðandi þætti bendir til talsverðs ójafnvægis með tilheyrandi kerfisáhættu. Vísbendingar eru um að ójafnvægið hafi náð hámarki um miðbik síðasta árs en síðan þá hafi dregið hægt úr því. Beiting lánþegaskilyrða samhliða vaxtahækkunum hefur dregið úr eftirspurn á íbúðamarkaði. Endurspeglast það í minnkandi vexti íbúðalána og minni veltu á markaðnum.

Velta í þinglýstum viðskiptum með atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu dróst saman um rúmlega fimmtung á milli ára á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Veltan er þó enn nokkuð mikil í sögulegu samhengi. Rekstur stóru atvinnuhúsnæðisfélaganna er litadur af vaxandi fjármagnskostnaði. Ávöxtun fjárfestingareigna mældist 5,6% á fyrsta fjórðungi, samanborið við 5,3% á sama tíma á síðasta ári. Á móti kemur að hærri vextir setja þrýsting á verð atvinnuhúsnæðis til lækkunar. Jákvæð matsbreyting fjárfestingareigna er þó enn stór liður í rekstrarreikningi félaganna. Hlutfall eigna í útleigu hjá félögunum er hátt í sögulegu samhengi og stór hluti leigusamninga er verðtryggður. Stórir gjalddagar langtímalána á næstu tólf mánuðum hafa lækkað bæði veltufjár- og sjóðstreymishlutföll þeirra en félögin hafa borð fyrir báru til endurfjármögnunar vegna mikils veðrýmis.

Bankar

Vaxtatekjur bankanna hafa haldið áfram að aukast, einkum vegna stærri efnahagsreiknings og aukinnar ávöxtunar lausafjár. Hærra vaxtastig, útlánavöxtur og verulega takmörkuð virðisrýrnun hafa síðustu misseri styrkt afkomu bankanna. Arðsemi eigin fjár nam 12,5% á 1. ársfjórðungi samanborið við 8,9% á fyrsta ársfjórðungi 2022.

Virðisrýrnunarsjóður bankanna stendur nú í 0,78% af útlánasafninu sem er lágt hlutfall í sögulegu samhengi. Mikilvægt er að bankarnir séu framsýnir

við færslu virðislækkunar í samræmi við gildandi uppgjörsreglur. Vanefndahlutfall útlána bankanna lækkaði á fjórðungnum, bæði hjá heimilum og fyrirtækjum.² Vanskilahlutfall útlána bankanna mældist aðeins 1,4% í lok 1. ársfjórðungs og hefur nokkurn veginn staðið í stað á síðustu ársfjórðungum.³ Hækkandi vaxtastig og aukinn fjármagnskostnaður munu líklega hafa neikvæð áhrif á útlánagæði á næstu misserum. Enn sem komið er sjást þó takmörkuð merki um aukna greiðsluferfiðleika skuldara.

Innlend markaðsfjármögnun bankanna er of einhæf og nær eingöngu bundin við sértryggð skuldabréf. Aðstæður á erlendum lánsfjármörkuðum hafa verið krefjandi um nokkurt skeið. Aðgengi bankanna að erlendu lánsfjármagni hefur þrengst og vaxtaálag á skuldabréf bankanna í erlendum gjaldmiðlum hækkað nokkuð. Bankarnir hafa takmarkað endurfjármögnunaráhættu næstu mánaða verulega, með útgáfu skuldabréfa að undanfögnu. Mikilvægt er að breikka kaupendahóp að óveðtryggðum skuldabréfum bankanna, bæði í krónum og erlendum gjaldmiðlum.

Eiginfjárlutfall KMB var 24,0% í lok 1. ársfjórðungs og hækkaði um 0,3 prósentur frá sama tíma árið áður. Eftir hækkun sveiflujöfnunaraukans í 2,5% eru eiginfjárlutföll KMB á bilinu 2,0-4,2% yfir þeirri heildar eiginfjárkröfu sem gerð er til þeirra.

Heildarmat á sveiflutengdri kerfisáhættu

Fjármálaskilyrði hafa þrengst verulega á síðustu mánuðum. Vextir hafa hækkað hratt og verðbólga hefur reynst þrálát. Skuldavöxtur einkageirans í heild hefur á sama tíma verið takmarkaður. Þróunin er þó eilítið ólík á milli heimila og fyrirtækja, skuldavöxtur fyrirtækja hefur heldur aukist meðan hægt hefur á skuldavexti heimila. Hlutfall skulda einkageirans af landsframleiðslu hefur áfram lækkað og er nú 154,8% af VLF. Hefur hlutfallið ekki verið lægra síðan árið 1999. Búast má við áframhaldandi lækkun hlutfallsins haldist skuldavöxtur hóflegur.⁴

Samverkandi áhrif hækkandi vaxtastigs og hertra reglna um lánþegaskilyrði hafa haldið aftur af hækkun íbúðaverðs og heldur hefur dregið úr ójafnvægi á markaðnum. Eignum til sölu hefur fjölgað og sölutími lengst. Verulegt ójafnvægi er þó enn milli íbúðaverðs og þeirra þátta sem jafnan ráða verðmyndun á markaðnum. Líkur á verðleiðréttingu aukast með hækkandi fjármagnskostnaði.

Þrátt fyrir að grunnrekstur bankanna gangi vel hefur aðgengi þeirra að fjármagnsmörkuðum þrengst. Vaxtaálag á skuldabréfum bankanna í

² Vanefndir miða við lánþegaaðferð en þá eru eftirstöðvar allra útlána viðskiptavinar í vanefndum ef eitt lán er komið í 90 daga vanskil, í frýstingu eða lántaki metinn ólíklegur til að standa við skuldbindingar sínar.

³ Vanskilahlutfall reiknað skv. EBA staðli.


⁴ Hlutfall skulda einkageirans, þ.e. heimila og fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja, á móti vergri landsframleiðslu.

erlendum gjaldmiðlum hefur hækkað nokkuð sem mun fyrr eða síðar hafa áhrif á útlánavexti í erlendum gjaldmiðlum. Bankarnir þurfa að viðhalda núverandi útgáfu óveðtryggðra skuldabréfa, með sambærilegum skuldabréfum í krónum eða erlendum gjaldmiðlum, til að uppfylla MREL kröfu.

Samsettur mælikvarði á fjármálasveifluna gaf til kynna áframhaldandi fjármálalega uppsveiflu á fyrsta ársfjórðungi. Uppsveiflan er drifin áfram af öllum undirþáttum, en þó er upptaktur húsnæðissveiflu sýnu hraðastur. Raunverðslækkun húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu síðustu mánuði er ekki enn komin fram í mati á meðallangri sveiflu. Vísir fyrir innlenda kerfisáhættu (d-SRI) hefur farið lækkandi síðustu fimm ársfjórðunga og er nú rétt undir sögulegu meðaltali. Lækkunin er drifin af lækkun hlutfalls skulda einkageirans af VLF og minnkandi viðskiptahalla. Flest bendir til að á síðustu mánuðum hafi hægt á uppbyggingu sveiflutengdrar kerfisáhættu eða hún stöðvast, þótt enn sé óvíst að hvaða marki hún mun raungerast.

Myndaviðauki


Skuldahlutfall, frávik frá leitni og eiginfjáráukaviðmið



Skuldir heimila og fyrirtækja að kröfuvirði, í hlutfalli við VLF síðustu fjögurra ársfjórðunga. Leitni er fundin með einhliða HP-síu með $\lambda=400.000$.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


Raunvirði skulda fyrirtækja



Skuldir fyrirtækja að kröfuvirði, á verðlagi nýjustu mælingar. Raunvirtar með vísitölu neysluverðs.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


Raunvirði skulda heimila



Skuldir heimila að kröfuvirði, á verðlagi nýjustu mælingar. Raunvirtar með vísitölu neysluverðs.


Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Þróun raunvirðis skulda atvinnufyrirtækja brotin niður á lánveitendur




Heildarskuldir fyrirtækja að kröfuvirði, raunvirtar með vísitölu neysluverðs. Raunbreyting á milli ára og framlag hvers flokks lánveitenda til hennar. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Þróun skulda heimila brotin niður á lánveitendur



Heildarskuldir heimila að kröfuvirði, raunvirtar með vísitölu neysluverðs. Raunbreyting á milli ára og framlag hvers flokks lánveitenda til hennar. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


Raunverð og -velta atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu



Verðvísitala raunvirt með vísitölu neysluverðs. Vísitalan byggir á vegnu meðaltali iðnaðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæðis. Veltuvísitala sýnir meðaltal raunvirtrar veltu síðustu fjögurra ársfjórðunga. Nýjustu gildi eru til bráðabirgða.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.


Raunverð og raunvelta á íbúðamarkaði höfuðborgarsvæðisins



Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, raunvirt með vísitölu neysluverðs. Veltuvísitala sýnir þriggja mánaða hlaupandi meðaltal veltu, sem raunvirt hefur verið með vísitölu neysluverðs.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.


Verðhlutföll atvinnuhúsnaðis



Árleg gögn um vergan rekstrarafgang eru tengd yfir ársfjórðunga með ólínulegri aðferð. Árleg gögn um atvinnuhúsnaðisstofn eru tengd línulega yfir ársfjórðunga.


Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.

Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu og ákvarðandi þættir



Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands.


Fjármálasveifla og undirþættir hennar



Fjármálasveiflan, bláa línan, er einfalt meðaltal undirþáttanna. Hver undirþáttur er einfalt meðaltal sveifluþátta úr breytum sem tengjast skuldum, húsnæðisverði og fjármögnun banka. Sveifluþættirnir eru fundnir með Christiano-Fitzgerald tíðnisíu með tíðnisviðið 8-30 ár.


Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.

Samsettur vísir fyrir sveiflutengda kerfisáhættu (d-SRI)



Gögn fyrir greiðslubyrðarhlutfall heimila vantar frá og með 2. ársfjórðungi 2020. Sama gildi er notað eftir þann tíma til að lágmarka skekkju í vísinum.
 Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


Innlend fjármálaskilyrði



Fjármálaleg skilyrði mæld með fjármálaskilyrðavísi sem samanstendur af þremur fyrstu frumpáttum valinna vísbendinga um fjármálaleg skilyrði. Vísirinn er staðlaður svo meðaltal hans er 0 og staðalfrávik er 1. Lægra gildi bendir til verri fjármálaskilyrða. Matstímabilið er frá 2002 til 2023. Tölur fyrir apríl eru áætlaðar.

Heimildir: Hagstofa Íslands, HMS, Nasdaq OMX á Íslandi, Seðlabanki Íslands.


Viðskiptajöfnuður



Miðað er við undirliggjandi viðskiptajöfnuð tímabilið 4F2008-4F2016, þar sem leiðrétt er fyrir áhrifum gömlu bankanna á þáttatekjur og óbeint mælda fjármálaþjónustu. Tímabilið 2009-2012 var þáttatekujöfnuður einnig leiðréttur fyrir áhrifum Actavis vegna ónákvæmra gagna á tímabilinu. Þáttatekujöfnuður tekur til frumþáttatekna og rekstrarframlaga.


Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Staða vanefnda útlána eftir lántaka og tegund vanefnda




Vanskil samkvæmt lánþegaaðferð, hlutfall útlánnum til hvers stærðarflokks. Kerfislega mikilvægir bankar, móðurfélög, bókfært virði.
 Heimild: Seðlabanki Íslands.

KMB: Arðsemi



Arðsemi er reiknuð út miðað við meðalstöðu eigin fjár. Samstæður kerfislega mikilvægra banka. Valitor undanskilið árin 2017-2020. Arðsemi reglulegra tekna miðast við hreinar vaxta- og þóknunartekjur að frádrögnum reglulegum kostnaði. Skatthlutfall er 20% og miðað er við meðalstöðu eigin fjár.
 Heimildir: Árs- og árshlutareikningar viðskiptabanka.


KMB: Hreinar vaxtatekjur, vaxtagjöld og vaxtamunur



Samstæður kerfislega mikilvægra banka. Hreinar vaxtatekjur á 1. ársfjórðungi 2023 færðar á ársgrundvöll.

Heimildir: Árs- og árshlutareikningar viðskiptabanka.

KMB: Eiginfjár- og vogunarhlutföll



Samstæður kerfislega mikilvægra banka.
Heimildir: Árs- og árshlutareikningar bankanna.

Systemic operational resilience

Delivery of payment services
in the face of evolving cyber threats



Nordic Cyber in Finance
September 2023

Gunnar Jakobsson
Deputy Governor Central Bank of Iceland

Payments



- Most common legal contract made by individuals
- Resiliency applies to the entire financial infrastructure
- Significant focus by macro- and microprudential authorities
- BIS CPMI / EBA & ICT supervision / EU & DORA

48 hours this summer



- Last June Killnet, Anonymous Sudan and REvil released a video
- Threat to take down the European Banking System in the next 48 hours
- Hitting back at Europe for its role in helping Ukraine in the war with Russia

Why are central banks focused on it?



- Responsibility to promote a safe domestic and cross-border payment intermediation
- Disruptions or failures of payment services have the potential to pose a threat to financial stability
- Central Bank of Iceland has following responsibilities: a) operator of payment systems, b) oversight of payment infrastructure systemwide, c) microprudential supervision, d) catalyst

ESRB and cyber risk



- February 2020: Systemic cyber risk (report)
 - December 2021: Pan-European coordination (recommendation)
 - January 2022: Mitigating systemic cyber risk (report)
 - February 2023: Advancing macroprudential tools for cyber resilience
-

Systematic resilience vs systematic robustness



- Both are important to mitigate cyber risk
 - Resilience: the ability to rebound
 - Robustness: the ability to resist
 - Forces: Complexity, innovation, weakest link, limited resources, scale, digitization, vertical integration
-

Five areas of focus

- Policy & strategy
- Monitoring & identification
- Communication & coordination
- Command & control
- Diversification & resiliency testing

Seðlabanki Íslands hefur uppfært skilaáætlanir fyrir kerfislega mikilvæga banka

19. október 2023

Skilavald Seðlabanka Íslands hefur uppfært skilaáætlanir fyrir kerfislega mikilvægu bankana þrjá – Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankann. Áætlanirnar ná til framkvæmdar skilameðferðar bankanna ef til þess kæmi að fjárhagsstaða þeirra yrði svo slæm að þeir teldust vera á fallanda fæti.

Komi til falls kerfislega mikilvægs banka felur skilaáætlun í sér að mögulegt verði að endurreisa hann hratt og örugglega, án opinbers fjárstuðnings frá ríkissjóði eða Seðlabankanum. Skilameðferðin á að tryggja að almenningur og fyrirtæki hafi áfram óheftan aðgang að nauðsynlegri starfsemi (e. critical function) og styðja með því við fjármálastöðugleika í landinu.

Við uppfærslu skilaáætlananna tók skilavaldið ákvarðanir um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar bankanna (MREL), í samræmi við lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020. MREL-kröfurnar eru byggðar á lögum um skilameðferð og [MREL-stefnu Seðlabankans](#), en þeim er ætlað að styðja við skilaáætlanirnar og tryggja að hægt verði að endurreisa banka sem er á fallanda fæti. Kerfislega mikilvægu bönkunum ber ávallt að uppfylla MREL-kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Skilaáætlanir kerfislega mikilvægu bankanna eru unnar í samræmi við lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, auk reglugerða og reglna sem settar eru á grundvelli laganna. Hver skilaáætlun byggir á mati á skilabærni viðkomandi banka en í matinu felst greining á starfsemi viðkomandi banka og rökstuðningur fyrir þeirri leið sem fara ber, ef hann fellur, með hliðsjón af markmiðum skilameðferðar. Á meðal helstu markmiða skilameðferðar er að tryggja að fall banka hafi sem minnst áhrif á viðskiptavinum hans, að lágmarka hættu á að veita þurfi fjárframlög úr ríkissjóði auk þess að lágmarka neikvæðar afleiðingar fjármálaáfalls.

Nánari upplýsingar um starfsemi skilavaldsins og skilameðferð bankanna má finna á [vef Seðlabankans](#).




Í átt að sjálfbærni og áhrif á fjármálastöðugleika

Gunnar Jakobsson
Varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika
Seðlabanki Íslands




Hröðunin mikla



Steffen et al. 2015


Polmörk Jarðar

- Loftslagsbreytingar eru eitt af 9 skilgreindum þolmörkum Jarðar
- Höfum nú þegar farið yfir 6 af þessum þolmörkum



Stockholm Resilience Centre, Johan Rockström, 2009 (þýð. Sævar Helgi Bragason)

Óbreytt ástand: 2,4-2,8°C hlýnun 1,5°C ennþá möguleiki



IPCC AR6, 2022 (mynd frá Veðurstofu Íslands)

Seðlabankinn og sjálfbærni




Fjármálaeftirlit – sjálfbærnitengd áhætta hluti af eftirliti, m.a. með tilkomu SFRD og EU Taxonomy

Peningastefna – áhrif loftslagsbreytinga og loftslagsaðgerða á verðbólgu og miðlun peningastefnu

Fjármálastöðugleiki – gjaldeyrisforði og sviðsmyndagreiningar

Rekstur – draga úr losun frá eigin rekstri og stuðla að bindingu

Heildarlosun tæplega helmingi minni á undanförunum árum en hún var undir lok síðustu aldar



Þrítugöldun á 30 árum!

- 20% aukning í framleiðni þorskflaka
- Þrítugöld aukning í nýtingu aukaafurða
- 80% af þorski nýtt að jafnaði



SFF, 2023

Tvær gerðir loftslagstengdrar áhættu



Raunlæg áhætta – vegna loftslagsbreytinganna sjálfra



Umbreytingaráhætta – vegna loftslagsaðgerða



ClimateWorks Foundation, 2021
(myndir aðlagðar)

Raunlæg áhætta



-> vegna afleiðinga loftslagsbreytinganna sjálfra

- Hlýnun sjávar: hlýsjávartegundir auka útbreiðslu en stofnstærðir og útbreiðsla kaldsjávartegunda dregst saman, aðrar tegundir taka sér bólfestu sem gætu haft áhrif á lífríkið (t.d. steinkrabbi, sindraskel)
- Súrnun sjávar: almennt neikvæð áhrif líkt og á kalkmyndandi lífríki og fiska. Getur valdið hruni í stofnstærðum ákveðinna lífvera

Umbreytingaráhætta



-> vegna loftslagsaðgerða

- Breytingar á lögum og reglugerðum
- Kröfur um að skipta yfir í loftslagsvæna tækni og innviði
- Orðsporsáhætta fyrir íslenskt atvinnulíf
- Breytingar á neysluhegðun og viðhorfi neytenda

Fjármálastöðugleiki og loftslagssviðsmyndir




- Loftslagstengd áhætta mun fela í sér áskorun fyrir sjávarútveginn, fjármálakerfið og hagkerfið í heild sinni
- Loftslagssviðsmyndir gera ráð fyrir mismunandi þróun umbreytingaráhættu og raunlægrar áhættu

Sviðsmyndir NGFS




- Allt í allt 4 sviðsmyndir sem byggja á að markmiðum Parísarsamkomulagsins sé náð
- Tvær sem sýna skipulega (orderly) umbreytingu
- Tvær sýna óskipulega (disorderly) umbreytingu
- Tvær sem byggja á taumlausri hlýnun (hot house world) og að markmiðum samkomulagsins sé ekki náð
 - Landsframlög einstakra ríkja (NDC)
 - Núverandi stefnur (current policies)



Sviðsmyndagreining í hnotskurn


data is available in the scenarios

- Loftslagstengd gögn
 - Ítarlegar upplýsingar um orkunotkun, landnotkun, losun, hitastig o.fl. er að finna innan sviðsmyndanna
- Fjárhagsleg áhrif á heimili og/eða fyrirtæki
 - Mismunandi sviðsmyndir munu hafa mismunandi áhrif á heimili og fyrirtæki vegna staðsetningar og eiginleika



Hækkun meðalhitastigs og verðbólga í Evrópu

(x-axis: months after the shock; y-axis: percentage points)




Evrópski seðlabankinn, 2023

Hækkun yfirborðs sjávar og fasteignamarkaðurinn í Danmörku

- Danskar lánastofnanir útsettar fyrir umtalsverðri áhættu vegna veðs í fasteignum sem gætu verið í flóðahættu í framtíðinni
- 840 milljarðar ISK, allt að 4000 milljarðar ISK við lok aldar.

Exposures at risk of flooding in the four scenarios

Chart 1



Danski seðlabankinn, 2021

1. Markmið, áhættuþættir & haghafar

- Kerfislæg áhætta eða áhrif á hagkerfið
- Val á áhættuþáttum

2. Hönnun sviðsmynda, forsendur

- Áhrif á aflabrögð og þar með landsframleiðslu og hagvöxt
- Áhrif á skuldastöðu ríkissjóðs og lánshæfismat ríkisins
- Möguleikar á auknu atvinnuleysi og gjaldþroti sjávarútvegsfyrirtækja

4. Beiting og miðlun

- Vekja fjármálafyrirtæki og aðra hagaðila til vitundar um veikleika í efnahagsreikningum og möguleg áhrif á fjármálastöðugleika
- Niðurstöður notaðar í eftirliti
- Aðstoð við vinnu stjórnvalda í stefnumótun

3. Mat á efnahagslegum og fjárhagslegum áhrifum

- Aukið atvinnuleysi -> greiðsluerfiðleikar lántakenda fasteignalána banka og lífeyrissjóða
- Verðfall skuldabréfa og hlutabréfa -> skerðing lífeyrisréttinda
- Gjaldþrot sjávarútvegsfyrirtækja -> neikvæð áhrif á lánasafn bankanna

Skref 3: umbreytingaráhætta fyrir bankakerfið



Tafla 1 Brún fyrirtækjalán í árslok 2021

ISAT	Atvinnugrein	Hlutdeild í brúnum lánum	Hlutdeild í heildarlánum til fyrirtækja
A03	Fiskveiðar og fiskeldi	80,0%	7,2%
H50	Flutningar á sjó og vatnaleiðum	10,2%	0,9%
C24	Framleiðsla málma	4,4%	0,4%
	Aðrar brúnar atvinnugreinar	5,4%	0,5%
	Samtals		9,0%


Í átt að sjálfbærni



- Snemmbúna og skipulagðar aðgerðir lágmarka umbreytingaráhættu og draga úr raunlægri áhættu
 - Fiskveiðistjórnun, minni olíunotkun og losun vegna kælimiðla og úrgangs
 - Aukin hringrás (úrgangur, veiðarfæri, umbúðir)
- Aukin upplýsingagjöf og gagnsæi liður í að draga úr áhættu
 - Skýrar áætlanir um endurnýjun fiskiskipaflotans
 - Víðtæk og samfelld vöktun
 - Aukin sjálfbærniupplýsingagjöf

Takk fyrir

Flutningsleiðir náttúrutengdrar áhættu





1. desember 2023

Minnisblað

Viðtakandi: Fjármálastöðugleikanefnd

Sendandi: Seðlabanki Íslands

Efni: Bakgrunnur ákvörðunar um sveiflujöfnunarauka

Ákvörðun fjármálastöðugleikanefndar Seðlabanka Íslands í mars 2023 um að hækka gildi sveiflujöfnunaraukans úr 2,0% í 2,5% er bindandi frá og með 16. mars 2024. Greiningar á stöðu sveiflutengdrar kerfisáhættu benda til að hún hafi aukist á síðustu árum og sé nú nálægt eða fyrir ofan sögulegt meðaltal. Munar þar mestu um mikla hækkun fasteignaverðs frá upphafi faraldursins, þráláta verðbólgu og hækkun vaxta sem hafa bæði áhrif á greiðslubyrði og greiðslugetu. Aðstæður á erlendum lánsfjármörkuðum þróuðust til hins betra fyrir íslensku bankana á þriðja ársfjórðungi eftir tímabil þrengri fjármálalegra skilyrða. Bankarnir hafa nýtt markaðsaðstæður til að endurfjármagna skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum og dregið þannig úr endurfjármögnunaráhættu. Vaxtaálag skuldabréfa þeirra hefur hækkað lítillega á ný það sem af er fjórða ársfjórðungi. Arðsemi bankanna hefur verið góð það sem af er ári og virðisrýrnun er takmörkuð. Eiginfjárstaða þeirra er áfram sterk. Aukið eigið fé eflir viðnámsþrótt fjármálakerfisins og gerir því betur fært að mæta áföllum. Hækkun sveiflujöfnunaraukans skapar svigrúm til lækkunar hans síðar ef tilefni er til.

Í lögum um fjármálafyrirtæki er kveðið á um að krafa um sveiflujöfnunarauka vegna áhættuskuldbindinga hér á landi skuli almennt nema á bilinu 0 til 2,5%. Krafan megi þó vera hærri ef áhættuþættir sem liggja til grundvallar mati fjármálastöðugleikanefndar gefa tilefni til.¹

Nýleg efnahagsþróun og horfur

Enn er spennan í innlenda hagkerfinu og er hagvöxtur einkum drifinn áfram af vexti í ferðapjónustu. Á þriðja ársfjórðungi hjadnaði árshagvöxtur í 1,1% og dróst einkaneysla saman um 1,7% að raunvirði. Atvinnuleysi er nálægt sögulegu lágmarki en merki eru um að það hafi nú náð botni. Peningalegt aðhald hefur verið hert og verðbólga hjadnað lítillega. Verðbólga er þó enn mikil og horfur eru á hægari hjöðnun hennar á næsta ári en áður var búist við. Hækkandi vaxtastig hefur þyngt greiðslubyrði lána og viðvarandi verðbólga hægt á vexti kaupmáttar launa. Jarðhræringar á Reykjanesskaga hafa aukið á óvissu í innlenda hagkerfinu. Afleiðingar af þeim sviðsmyndum sem nú eru taldar líklegastar munu þó líklega hafa

¹ 3. mgr. 85. gr. a. og 1. mgr. 85. gr. b. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

takmörkuð áhrif, þó staða sumra lántakenda sé erfið og háð mikilli óvissu. Alþjóðlega eru horfur um lítinn hagvöxt í ár og á næsta ári en óvissa um efnahagshorfur er töluverð. Alþjóðleg verðbólga hefur hjaðnað umtalsvert á síðustu mánuðum en undirliggjandi verbólga minnkað hægar og horfur á að vextir seðlabanka heimsins haldist áfram háir.

Skuldir heimila og fyrirtækja

Skuldir heimila höfðu í lok september dregist saman um 2,1% að raunvirði frá sama tíma árið áður. Nafnvöxtur skulda var á sama tíma 5,8% samanborið við 6,7% í júní sl. Sé horft framhjá áhrifum verðbóta á verðtryggð lán mælist nafnvöxtur 2,1%, en tæpur helmingur skulda heimila er verðtryggður. Á síðustu mánuðum hefur orðið aukning í nýjum lánveitingum til heimila sé horft til hreinna nýrra íbúðalána lánakerfisins. Heildarumfang nýrra lánveitinga er þó enn nokkuð undir langtíma meðaltali en verulega hafði dregið úr nýjum lánveitingum í lok árs 2022 og fram á vormánuði þessa árs.

Með hækkandi nafnvaxtastigi hefur greiðslubyrði nýrra lána og eldri lána með breytilega vexti, einkum óverðtryggðra lána, þyngst. Það dregur eitt og sér úr eftirspurn eftir lánsfé en við bætist að aðhald reglna Seðlabankans um greiðslubyrðarhlutfall hefur einnig aukist með hækkandi vaxtastigi. Ásókn heimila í verðtryggð lán hefur aukist verulega á síðustu mánuðum bæði þegar horft er til nýrra lánveitinga vegna íbúðakaupa en einnig þegar kemur að endurfjármögnun eldri lána. Verðtryggðum lánnum fylgir almennt léttari greiðslubyrði á fyrri hluta lánstímans en sambærilegum óverðtryggðum lánnum og geta þau því veitt heimilum skjól fyrir vaxandi greiðslubyrði vegna vaxtahækkana. Hlutdeild verðtryggðra íbúðalána af útistandandi íbúðalánnum heimila fer nú vaxandi og var 49% í september m.v. 47% í júní. Búast má við því að þessi þróun haldi áfram á meðan nafnvextir haldast háir.

Skuldir heimila námu í lok september 75,5% af vergri landsframleiðslu (VLF) og 145,7% af ráðstöfunartekjum. Hlutföllin hafa farið lækkandi síðustu misseri og hefur sú hækkun sem varð á hlutfalli skulda á móti VLF á meðan lágvaxtaumhverfi farsóttarinnar varði að mestu leyti gengið til baka.

Nokkuð hefur hægt á innlendum skuldavexti fyrirtækja á síðustu mánuðum.² Í september höfðu innlendar skuldir fyrirtækja dregist saman að raunvirði um 0,9% frá sama tíma árið áður sbr. við 1,6% vöxt í júní. Dregið hefur úr hreinum nýjum útlánnum bankanna til fyrirtækja. Borið hefur á aukningu í nýjum verðtryggðum fyrirtækjalánnum, einkum til fasteignafélaga og fyrirtækja í byggingastarfsemi. Í lok september námu

² Til innlendra skulda atvinnufyrirtækja teljast skuldir við innlend fjármálafyrirtæki á formi lána og skuldabréfa. Heildarskuldir ná til innlendra skulda að viðbættum skuldum við erlend fjármálafyrirtæki og útgefnum markaðsskuldabréfum atvinnufyrirtækja erlendis.

heildarskuldir fyrirtækja 75,5% af VLF og er hlutfallið lágt í sögulegu samhengi.

Á heildina litið hafa skuldir einkageirans haldist nokkuð stöðugar að raunvirði síðustu tvö ár. Skuldir einkageirans sem hlutfall af landsframleiðslu námu 151,6% í september sl. og hefur hlutfallið ekki mælst lægra síðan 1998. Breytingar í skuldahlutfallinu á síðustu árum hafa einkum verið drifnar af sveiflum í landsframleiðslu.

Vanskil útlána kerfislega mikilvægra banka til einstaklinga og fyrirtækja eru lítil í sögulegu samhengi en hafa farið hægt vaxandi það sem af er ári. Vanskilahlutfall einstaklingslána var 0,85% í lok september og hafði hækkað um 0,15% prósentur á árinu.³ Hlutfall útlána til heimila sem eru í frystingu hefur einnig hækkað og nam 1,4% í lok október sbr. við 0,9% í ársbyrjun.⁴ Vanskilahlutfall fyrirtækjalána var 2,4% í lok september. Vanskil voru sem fyrr mest meðal fyrirtækja í gistirekstri og veitingaþjónustu eða 5,7%. Hlutfall fyrirtækjalána í frystingu var 2,8% í lok október og hefur lækkað nokkuð á árinu. Viðbúið er að þrengri fjármálaskilyrði birtist áfram í auknum vanskilum. Í því samhengi er rétt að hafa í huga að vanskil geta komið fram með nokkurri tímatöf.

Fasteignamarkaður

Íbúðaverð hefur hækkað að raunvirði á síðustu þremur mánuðum eftir að hafa lækkað nokkuð á fyrstu sjö mánuðum ársins. Árstaktur vísitölu raunverðs íbúðahúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu mældist þó enn neikvæður í lok október um 4,6%. Hækkunar á íbúðaverði undanfarna mánuði má telja nokkuð óvæntar en fjöldi íbúða sem auglýstar eru til sölu hefur aukist hratt allt frá miðju síðasta ári. Um 4.700 íbúðir voru auglýstar til sölu í lok nóvember, samanborið við um 2.400 íbúðir í byrjun árs og einungis um 1.000 íbúðir þegar þær voru sem fæstar í apríl 2022. Velta á íbúðamarkaði á fyrstu tíu mánuðum ársins hefur dregist saman um 17% að raunvirði á milli ára á höfuðborgarsvæðinu og lítilliga meira utan þess á sama tíma. Samdráttur á veltu á þessu tímabili hefur verið nokkuð sambærilegur hvort sem litið er til viðskipta með fjölbýli eða sérþýli.

Áfram mælist íbúðaverð hátt í hlutfalli við ákvarðandi þætti sem bendir til þess að talsvert ójafnvægi sé á markaðnum. Þá mældist íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu 7,4% yfir metinni langtímaleitni í lok október.

Árshækkun verðvísitölu raunverðs atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu var 7,7% við lok þriðja ársfjórðungs og mældist vísitalan þá rúmlega 17% yfir metinni langtímaleitni. Vísitalan gefur til kynna að enn sem komið er hafi vaxtahækkunar ekki haft mikil neikvæð áhrif á markað með atvinnuhúsnæði. Velta í þinglýstum viðskiptum með atvinnuhúsnæði

³ Vanskilahlutfall reiknað skv. staðli Evrópska bankaeftirlitsins (EBA), en þar eru lán talin í vanskilum ef ekki hefur verið greitt af því í 90 daga eða lengur eða ef lántaki er talin ólíklegur til að standa við skuldbindingar sínar.

⁴ Tölur um fryst útlán eru teknar saman skv. lánþegaaðferð (e. cross-default).

á höfuðborgarsvæðinu dróst saman um 56% að raunvirði á milli ára á fyrstu níu mánuðum ársins en veltan var mikil í sögulegu samhengi á sama tíma í fyrra. Miklar sveiflur hafa verið á afkomu stóru atvinnuhúsnæðisfélaganna undanfarna fjórðunga sem skýrist af breytingu á matsvirði fjárfestingareigna. Félögin færðu niður virði fjárfestingareigna sinna á þriðja ársfjórðungi eftir stóra jákvæða matsbreytingu á öðrum fjórðungi. Ávöxtun fjárfestingareigna mældist 5,7% á þriðja ársfjórðungi, lítillega hærrí en á sama fjórðungi 2022. Reiknað áhættuálag hefur þó lækkað um 1,2 prósentur á sama tíma, sökum hækkunar á ávöxtunarkröfu ríkisbréfa, sem að öðru óbreyttu setur þrýsting á atvinnuhúsnæðisverð til lækkunar.

Bankar

Hreinar vaxtatekjur KMB jukust áfram fyrstu 9 mánuði ársins í samanburði við sama tímabil á síðasta ári, einkum vegna stærri efnahagsreiknings og aukinnar ávöxtunar lausafjár. Hærra vaxtastig, útlánavöxtur, viðsnúningur í hreinum fjármálategjum og takmörkuð virðisrýrnun hafa síðustu misseri styrkt afkomu bankanna. Arðsemi eigin fjár KMB nam 11,8% á fyrstu 9 mánuðum ársins samanborið við 10,4% fyrstu 9 mánuðina á síðasta ári.

Virðisrýrnunarsjóður bankanna stendur nú í 0,73% af útlánasafninu sem er lágt hlutfall í sögulegu samhengi. Mikilvægt er að bankarnir séu framsýnir við færslu virðisrýrnunar í samræmi við gildandi uppgjorsreglur. Vanefndahlutfall útlána bankanna hækkaði á fyrstu 9 mánuðum ársins, bæði hjá heimilum og fyrirtækjum.⁵ Vanskilahlutfall útlána bankanna mældist 1,6% í lok þriðja ársfjórðungs miðað við 1,4% um síðustu áramót.⁶ Hækkandi vaxtastig og aukinn fjármagnskostnaður hafa neikvæð áhrif á útlánagæði.

Almennt má segja að takmörkuð merki séu um aukna greiðsluferfiðleika skuldara þar sem atvinnustig er hátt og efnahagsleg umsvif eru mikil. Sumir geirar eiga þó meira undir högg að sækja en aðrir, einkum þeir sem hafa orðið fyrir miklum kostnaðarhækkunum svo sem smærri fyrirtæki í veitingageiranum og annarri þjónustu. Hækkandi aðfangaverð, launakostnaður og húsaleiga hefur þrengt að rekstri margra fyrirtækja auk þess sem að fjármagnskostnaður hefur hækkað mikið.

Innlend markaðsfjármögnun bankanna er einhæf og nær eingöngu bundin við sértryggð skuldabréf. Aðstæður á erlendum lánsfjármörkuðum hafa verið krefjandi um nokkurt skeið en á þriðja ársfjórðungi var þróunin á erlendum lánsfjármörkuðum jákvæð og vaxtaálag á skuldabréf bankanna í erlendum gjaldmiðlum lækkaði töluvert. Bankarnir nýttu þá hagstæðari skilyrði til að gefa út skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum á betri kjörum en áður og gátu þannig dregið úr endurfjármögnunaráhættu. Vaxtaálag hefur

⁵ Vanefndir miða við lánþegaaðferð en þá eru eftirstöðvar allra útlána viðskiptavinar í vanefndum ef eitt lán er komið í 90 daga vanskil, í frýstingu eða lántaki metinn ólíklegur til að standa við skuldbindingar sínar.

⁶ Vanskilahlutfall reiknað skv. EBA staðli.

farið hækkandi síðan. Nauðsynlegt er að breikka kaupendahóp að óveðr tryggðum skuldabréfum bankanna, bæði í krónum og erlendum gjaldmiðlum.

Eiginfjárlutfall KMB var 24,0% í lok 3. ársfjórðungs og hækkaði um 0,3 prósentur frá áramótum. Að teknu tilliti til hækkunar sveiflujöfnunaraukans í mars 2024 í 2,5% eru eiginfjárlutföll KMB á bilinu 3,2-4,1% yfir þeirri heildar eiginfjárkröfu sem gerð verður til þeirra.

Heildarmat á sveiflutengdri kerfisáhættu

Fjármálaskilyrði hafa þrengst verulega á árinu en tölfraðilegt mat á fjármálaskilyrðum bendir þó ekki til þess að fjármálaskilyrði séu óvenju þröng í sögulegu samhengi. Vextir hafa hækkað hratt og innlend verðbólga hefur reynst þrálát. Skuldavöxtur einkageirans hefur í heild verið takmarkaður og skuldahlutfall mælist áfram undir langtímaleitni. Búast má við áframhaldandi lækkun hlutfallsins haldist skuldavöxtur hóflegur og hagvaxtarhorfur jákvæðar.


Samverkandi áhrif hækkandi vaxtastigs og hertra reglna um lánþegaskilyrði hafa haldið aftur af hækkun íbúðaverðs og heldur hefur dregið úr ójafnvægi á markaðnum. Eignum til sölu hefur fjölgað og sölutími lengst. Verulegt ójafnvægi er þó enn milli íbúðaverðs og þeirra þátta sem jafnan ráða verðmyndun á markaðnum. Líkur á verðleiðréttingu aukast með hækkandi fjármagnskostnaði.

Grunnrekstur bankanna hefur gengið vel og aðgengi þeirra að fjármagnsmörkuðum batnað á síðustu mánuðum. Vaxtaálag á skuldabréfum bankanna í erlendum gjaldmiðlum hefur lækkað nokkuð á seinni hluta ársins eftir skarpa hækkun á fyrri hluta þess.

Samsettur mælikvarði á fjármálasveifluna gaf til kynna áframhaldandi fjármálalega uppsveiflu á þriðja ársfjórðungi. Uppsveiflan var drifin áfram af öllum undirþáttum. Hægt hefur lítillega á upptakti húsnæðissveiflu en á móti hefur upptaktur fjármögnunarsveiflunnar færst lítillega í aukana. Raunverðslækkun húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu síðustu 12 mánuði er ekki enn komin fram í mati á meðallangri sveiflu. Vísir fyrir innlenda kerfisáhættu (d-SRI) lækkaði á þriðja ársfjórðungi og hefur því lækkað samfellt í sjö ársfjórðunga. Þróunina á ársfjórðungnum má einkum rekja til lækkandi raunverðs hlutabréfa og jákvæðrar þróunar viðskiptajafnaðar. Vísirinn er rétt undir sögulegu meðaltali. Hefur lækkunin verið drifin af lækkun hlutfalls skulda einkageirans af VLF og minnkandi viðskiptahalla. Flest bendir til þess að hægt hafi á uppbyggingu sveiflutengdrar kerfisáhættu á síðari helmingi þessa árs.


Myndaviðauki

Skuldahlutfall, frávik frá leitni og eiginfjárukaviðmið



Skuldir heimila og fyrirtækja að kröfuvirði, í hlutfalli við VLF síðustu fjögurra ársfjórðunga. Leitni er fundin með einhliða HP-síu með $\lambda=400.000$.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


Raunvirði skulda fyrirtækja



Skuldir fyrirtækja að kröfuvirði, á verðlagi nýjustu mælingar. Raunvirtar með vísitölu neysluverðs.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


Raunvirði skulda heimila



Skuldir heimila að kröfuvirði, á verðlagi nýjustu mælingar. Raunvirtar með vísitölu neysluverðs.


Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Þróun raunvirðis skulda atvinnufyrirtækja brotin niður á lánveitendur




Heildarskuldir fyrirtækja að kröfuvirði, raunvirtar með vísitölu neysliverðs. Raunbreyting á milli ára og framlag hvers flokks lánveitenda til hennar.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Þróun raunverðs skulda heimila brotin niður á lánveitendur



Heildarskuldir heimila að kröfuvirði, raunvirtar með vísitölu neysliverðs. Raunbreyting á milli ára og framlag hvers flokks lánveitenda til hennar. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


Raunverð og -velta atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu



Verðvísitala raunvirt með vísitölu neysluverðs. Vísitalan byggir á vegnu meðaltali iðnaðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæðis. Veltuvísitala sýnir meðaltal raunvirtrar veltu síðustu fjögurra ársfjórðunga. Nýjustu gildi eru til bráðabirgða.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.


Raunverð og -velta á íbúðamarkaði höfuðborgarsvæðisins



Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, raunvirt með vísitölu neysluverðs.
Veltuvísitala sýnir þriggja mánaða hlaupandi meðaltal veltu, sem raunvirt
hefur verið með vísitölu neysluverðs.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.


Verðhlutföll atvinnuhúsnæðis



Árleg gögn um vergan rekstrarafgang eru tengd yfir ársfjórðunga með ólínulegri aðferð. Árleg gögn um atvinnuhúsnæðisstofn eru tengd línulega yfir ársfjórðunga.


Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.

Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu og ákvarðandi þættir



Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands.


Fjármálasveifla og undirþættir hennar



Fjármálasveiflan, bláa línan, er einfalt meðaltal undirþáttanna. Hver undirþáttur er einfalt meðaltal sveifluþátta úr breytum sem tengjast skuldum, húsnæðisverði og fjármögnun banka. Sveifluþættirnir eru fundnir með Christiano-Fitzgerald tíðnisú með tíðnisviðið 8-30 ár.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.


Samsettur vísir fyrir sveiflutengda kerfisáhættu (d-SRI)



- Raunverð hlutabréfa
- Greiðslubyrðarhlutfall heimila
- Viðskiptajöfnuður sem hlutfall af VLF
- Raunbreyting heildarskulda einkageirans
- Útlán banka til einkageirans sem hlutfall af VLF
- Húsnæðisverð á móti launum
- d-SRI


Gögn fyrir greiðslubyrðarhlutfall heimila vantar frá og með 2. ársfjórðungi 2020. Sama gildi er notað eftir þann tíma til að lágmarka skekkju í vísinum.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Innlend fjármálaskilyrði



Fjármálaleg skilyrði mæld með fjármálaskilyrðavísi sem samanstendur af þremur fyrstu frumþáttum valinna vísbendinga um fjármálaleg skilyrði. Vísirinn er staðlaður svo meðaltal hans er 0 og staðalfrávik er 1. Lægra gildi bendir til verri fjármálaskilyrða. Matstímabilið er frá 2002 til 2023.
Heimildir: Hagstofa Íslands, HMS, Nasdaq OMX á Íslandi, Seðlabanki Íslands.


Viðskiptajöfnuður



Miðað er við undirliggjandi viðskiptajöfnuð tímabilið 4F2008-4F2016, þar sem leiðrétt er fyrir áhrifum gömlu bankanna á þáttatekjur og óbeint mælda fjármálaþjónustu. Tímabilið 2009-2012 var þáttatekujöfnuður einnig leiðréttur fyrir áhrifum Actavis vegna ónákvæmra gagna á tímabilinu. Þáttatekujöfnuður tekur til frumþáttatekna og rekstrarframlaga.


Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Staða vanefnda útlána eftir lántaka og tegund vanefnda




Vanskil samkvæmt lánþegaaðferð, hlutfall af útlánnum innan hvers flokks. Kerfislega mikilvægir bankar, móðurfélög, bókfært virði.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

KMB: Arðsemi



Arðsemi er reiknuð út miðað við meðalstöðu eigin fjár. Samstæður kerfislega mikilvægra banka. Valitor undanskilið árin 2017-2020. Arðsemi reglulegra tekna miðast við hreinar vaxta- og þóknunartekjur að frádregnum reglulegum kostnaði. Skatthlutfall er 20% og miðað er við meðalstöðu eigin fjár.
 Heimildir: Árs- og árshlutareikningar viðskiptabanka.


KMB: Hreinar vaxtatekjur, vaxtagjöld og vaxtamunur



Samstæður kerfislega mikilvægra banka. Árleg gögn. Hreinar vaxtatekjur á 3. ársfjórðungi 2023 færðar á ársgrundvöll.

Heimildir: Árs- og árshlutareikningar viðskiptabanka.

KMB: Eiginfjár- og vogunarlutföll



Samstæður kerfislega mikilvægra banka.
Heimildir: Árs- og árshlutareikningar bankanna.

